



FRÉTTA BLAÐIÐ

7. júlí 2005 - 181. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Sin City frumsýnd

Leikstjórinn Robert Rodríguez eyddi mörgum símtölum í að sannfæra höfund Sin City, Frank Miller, um að leyfa sér að kvikmynda sögur hans um Syndabælið, sem frumsýndar verða í dag.



BIÓ 36

Stjórinn hefur sinn rétt

Tony Pulis, fyrrverandi knattspyrnustjóri Stoke, gerir upp brotthvarf sitt við félagið í viðtali við Fréttablaðið. Hann segir ekki auðvelt að reka enskt knattspyrnufélag frá Íslandi.



ÍPRÓTTIR 48

Tuttugasti og fyrsti

Porvaldur Gylfason prófessor frétti af ákærum í Baugsmálinu frá einum af „virdingarmönnum íslensks atvinnulífs“, sem var sessunautur hans um borð í flugvél, nokkrum dögum á undan sakborningunum. „Þetta vita kannski tuttugu manns,“ sagði heimildarmaður hans.



Í DAG 20

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING vestan til um eða eftir hádegi. Töluverð rigning á vesturhelmingi landsins síðdegis eða í kvöld. Bjart með köflum norðaustan til. Hítí 12-17 stig.

VEÐUR 4



16 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Allar nánari upplýsingar: www.hoteledda.is | Sími 444 4000



TAUMLAUS GLEÐI Á TRAFALGAR-TORGI Mikill fögnuður braust út í Lundúnum eftir að Alþjóðaólympíuþefndin tilkynnti að hún hefði valið borgina til að halda Ólympíuleikana 2012. Þúsundir manna komu saman á Trafalgar-torgi og létu gleði sína í ljós. Hinum megin Ermasundsins var hins vegar risið lægra á fólki því Frakkar höfðu gert sér vonir um að hreppa hrossið. Sjá síðu 4

Framsókn undir fjórum prósentum í Reykjavík

Framsóknarflokkurinn er með minna en fjögurra prósent fylgi í Reykjavík samkvæmt nýrri könnun Gallup. Flokkurinn tapar einu prósentustigi milli mánaða í Reykjavíkurborgarmunum. Frjálslyndi flokkurinn mælist með tæp tvö prósent.

STJÓRN MÁL Framsóknarflokkurinn mælist með 3,9 prósent fylgi að meðaltali í Reykjavíkurborgarmunum tveimur samkvæmt könnun Gallup frá því í byrjun mánaðarins. Fylgi flokksins í Reykjavík hefur því lækkað um tæp prósentustig frá því í könnun Gallup í maí en þá mældist fylgi hans í Reykjavík í sögulegu lágmarki eða 4,6 prósentum. Aðrir flokkar mælast með svipað fylgi og í könnun Gallup frá því í maí nema Sjálfstæðisflokkurinn sem hækkar úr 38,4 prósentum í rúm 40 prósent. Samfylkingin fer úr 36,7 prósentum í 36,6 prósent, Vinstri grænir fara úr 17,1 prósentu niður í 16,8 pró-

sent og Frjálslyndi flokkurinn fer úr 2,7 prósentum niður í 1,8 prósent. Fylgi Frjálslynda flokksins hefur nokkrum sinnum mælst lægra en nú en lægst mældist það í september 2002 eða 1,6 prósent. Fylgi Framsóknarflokksins hefur lækkað jafnt og þétt á landsvísi en í könnun Gallup frá því í maí mældist fylgi flokksins í sögulegu lágmarki eða 8,5 prósent á landsvísi en flokkurinn mældist með 8,7 prósent fylgi í könnun Gallup nú. Framsóknarflokkurinn hefur hins vegar ekki mælst með svo lágt fylgi í Reykjavík áður í könnun Gallup. Samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur fengið og unnin hafa

verið úr könnunum Gallup hefur fylgi hans í sumar ekki verið lægra síðan það mældist 4,9 prósent í júlí 2004. Í kosningunum í maí 2003 fékk flokkurinn um 11,5 prósent fylgi í Reykjavíkurborgarmunum tveimur að meðaltali og er núverandi fylgi hans því rétt um þriðjungur þess fylgis eða 7,6 prósentustigum minna en í kosningunum. „Það er augljóst að við höfum verk að vinna. Kosturinn við þessa stöðu er sá að frá henni getur leiðin ekki legið nema upp á við og þangað stefnum við,“ segir Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík. - hb

Hjólaði á lögregluþjón

GLENEAGLES, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti fékk sér hjólreiðatúr við komuna til Gleneagles í Skotlandi í gær þar sem leiðtogafundur G8-ríkjanna fer fram. Ekki vildi hins vegar betur til en svo að forsetinn rann í bleytu og lenti í árekstri við lögreglumann sem var á gangi á svæðinu.

Sérlegur læknir forsetans gerði að sárum hans. Þau voru reyndar minni háttar, aðeins þurfti að setja plástra á hruflaðar hendur. Lögreglumaðurinn var fluttur á sjúkrahús en meiðsli hans reyndust sömu-leiðis afar smávægileg.

Engin röskun varð á áætlun forsetans heldur snæddi hann með Elísabetu II drottningu og hinum leiðtogunum eins og ekkert hefði í skorist. Sjá síðu 6



HVALIR VIÐ KEFLAVÍK Hrefna og hnúfubakar saust í gömlu höfninni í Reykjanesbæ í gærmorgun.

Prjár hrefnur hafa veiðst


VÍSINDAVEIDAR Alls hafa þrjár hrefnur veiðst við Íslandsstrendur það sem af er yfirstandandi vertíð. Hrefnukvótinn í ár er 39 dýr en árið 2003 hófust hrefnuveiðar eftir átján ára hlé. Hrefnurnar eru veiddar í vísindaskyni en stærsti hluti hrefnukjötsins fer á markað.

Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnuninni, segir að tvær af þeim hrefnum sem nú hafi veiðst hafi verið skotnar á Faxaflóðasvæðinu en sú þriðja við Vestfirði.

Þrjár hvalveiðibátar eru við veiðar. Áætlanir gera ráð fyrir að veiddar verði 200 hrefnur í vísindaskyni. Í fyrra voru veiddar 25 hrefnur en árið 2003 veiddust 36. - th

Verð á vörukörfu ASÍ hefur hækkað í lágvörðverslunum: Verðlækkarnir gengnar til baka

NEYTENDUR Verðlækkarnir lágvörðverslunanna frá því í vor hafa að mestu gengið til baka. Þetta leiðir ný verðkönnun Alþýðusambands Íslands í ljós. ASÍ birti í gær verðkönnun sem gerð var 2. júlí síðastliðinn. Í henni var borið saman verð nokkurra verslana á vörukörfu með almennum neysluvörum til heimilisins, til dæmis mjólkurvörum, osti, brauði, ávöxtum og kjöti. Ef niðurstöður könnunarinnar eru bornar saman við verðkönnun sambandsins frá 11. maí síðastliðnum kemur í ljós að nokkur hækkun hefur orðið á verði í Bónus, Krónunni og Kaskó en verð hins vegar lækkað í öðrum verslunum. Skemmst er að minnast verðstríðs á



milli lágvörðverslunanna í vor en greinilegt er að þær verðlækkarnir sem neytendur nutu þá eru að mestu gengnar til baka. Hróar Björnsson, rekstrarstjóri Krónunnar, segir að baráttan á markaðnum í vor hafi orsakað lágt vörðverð í fyrri könnunum. „Það hlaut hins vegar klárlega að koma að þeim tímamarki að þessar öfgar sem verðlagning var komin út í þá myndi ganga til baka að hluta. Baráttan heldur samt áfram.“ Könnunin sýnir að dregið hefur saman með lágvörðverslunum og öðrum matvörubúðum. Þannig er munur á hæsta og lægsta verði vörðkörfunnar nú rúm 76 prósent en var í maí tæplega 100 prósent. - shg

SHIMANO
HJÓL

Þú færð Shimano í næstu sportvörðverslun



SPURNING DAGSINS

Konráð, brugðu hrefnurnar sér í mannaskoðunarferð?

Hvalirnir voru bara fá sér að éta, ekki að skoða mannfólk. Það er alveg klárt mál.

Nokkrir hvalir lögðu leið sína í Keflavíkurhöfn í gær. Konráð Eggertsson veidir hrefnur af miklum móð þessa dagana.

Slæmur endir á Íslandsdvöl ferðmanna:

Kviknaði í bíl á ferð við Sandskeið

LÖGREGLUFRETTIR Fimm erlendum ferðamönnum og íslenskum öku-manni þeirra brá heldur betur í brún þegar kviknaði í bíl þeirra við Sandskeið eldsnemma í gærmorgun. Ferðamennirnir voru á leið á Keflavíkurflugvöll austan úr Sólheimum í Grímsnesi þar sem þeir höfðu verið gestir á afmælishátíð Sólheima í fyrradag. Kviknaði þá skyndilega í bílnum meðan hann var á ferð en lögreglan í Kópavogi telur að öllum líkindum hafi bensínleiðsla farið í sundur.

Slökkviliðið kom á vettvang þegar klukkan var að verða hálf sex en þá var fólkið á bak og burt. Það hafði hringt á leigubíl og haldið áfram leið sinni á flugvöllinn.

„Eina sem hægt var að gera var að drífa fólkið áfram út á flugvöll,“ segir Sigurður ökuumaður bílsins sem einnig hélt starfi sínu áfram eins og ekkert hefði í skorist og keyrði tvær ferðir til viðbótar á flugvöllinn í gær með gesti afmælishátíðarinnar.

Sigurður segir að snör handtök



BÍLLINN ER GJÖRÓNÝTUR Í bílnum var íslenskur bílstjóri ásamt fimm erlendum gestum á afmælishátíð Sólheima. Ferðamennirnir létu ekki á sig fá þótt eldur hafi komið upp í bílnum og héldu áfram ferð sinni á flugvöllinn í leigubíl.

hafi þurft til að bjarga fólki og farangri en það hafi tekist mjög vel. „Það voru bara sólgleraugu og smotteri sem urðu eftir í bílnum.“

Slökkviliðinu tókst að ráða niðurlögum eldsins á um hálfri klukkustund en bíllinn er gjörónýtur.

- AT

Þjófnaður á sambýli:

Afmarkað mál stutt gögnum

LÖGREGLA Góður gangur er sagður í rannsókn fjárdráttarmáls konu sem stýrði sambýli á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík. Málið þykir sýnu alvarlegra en svipað mál sem kom nýverið upp á sambýli geðfatlaðra, því um stjórnanda er að ræða en ekki matræðskonu eins og í því máli.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir kærðu hafa borist í apríllok en kveðst lítið hafa að segja um málið meðan það sé í rannsókn. „Málið er stutt gögnum og sæmilega afmarkað, þannig að ekki ætti að taka mjög langan tíma að rannsaka það,“ sagði hann spurður um hvenær niðurstöðu væri að vænta.

- óká

Skilorð og sekt í héraði:

Lögregla fann 194 grömm

DÓMSTÓLAR Maður á þrítugsaldri hlaut í gær skilorðsbundið mánaðarfangelsi auk 180.000 króna sektar fyrir brot á fíkniefnalöggjöf og umferðarlögum. Hann var að auki sviptur ökuleyfi í þrjú ár og þarf að greiða kostnað upp á 203.501 krónu.

Í byrjun desember fann lögregla 194 grömm af hassi á heimili mannsins. Þá var hann í janúar gripinn með lítilræði af ýmsum fíkniefnum, amfetamíni, e-töflum, tóbaksblönduðu hassi og kókaíni. 18. apríl sl. ók hann svo ölváður yfir hámarksþraða á Kringlumýrarbraut í Fossvogi.

Dómurinn var upp kveðinn í Héraðsdómi Reykjaness.

- óká

Harkaleg lending við lok stóriðjuframkvæmda

Alþýðusamband Íslands segir að búast megi við harkalegri lendingu við lok stóriðjuframkvæmda. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir að mikilvægasta verkefnið sé aðhald í launamálum hins opinbera.

EFNAHAGSMÁL Ríkisstjórnin axlar ekki þá ábyrgð sem hún á að gera á hagstjórn landsins og lítur því út fyrir að þjóðarbúið muni lenda harkalega við lok stóriðjuframkvæmda. Þetta er meðal þess sem kemur fram í greinargerð sem hageild Alþýðusambands Íslands hefur gefið út um ástand efnahagsmála hér á landi og stöðuna í þjóðarbúskapnum.

Þá segir ASÍ að það dugi skammt að framlengja góðærið hér á landi með frekari stóriðjuframkvæmdum. Beita þurfi aðhaldi í opinberum fjármálum og skera niður framkvæmdir.

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi í fjárlaganefnd, telur að hið opinbera hafi farið óvarlega í kjarasamningum undanfarin ár og mikilvægt sé í öllu tali um aðhald í ríkisfjármálum að farið sé varlega í launamálum.

„Það eru allir að gagnrýna útgjöld ríkisins og hins opinbera og segja að það þurfi að skera þau niður. Þá verða menn að átta sig á því hver þessi útgjöld eru. Þetta eru fyrst og síðast laun og það er enginn þáttur í ríkisútgjöldunum sem hefur afgerandi áhrif á efnahagsþróunina önnur en launabrotun opinberra starfsmanna. Seðlabankinn með blessun forsætisráð-



FRAMKVÆMDIR VIÐ KÁRAHNJÚKA Skellur verður í efnahagslífinu að loknum virkjanframkvæmdum að mati ASÍ.

herrans hefur sett sér 2,5 prósentu verðbólguþolmið. Til að standa við það hefur hann verið að hækka stýrivexti og þar með staðið fyrir gengishækkun krónunnar. Það má sannarlega velja fyrir sér hvort þessi markmið séu raunhæf þegar hið opinbera hækkar laun um 6-8 prósent ár eftir ár,“ segir Einar Oddur Kristjánsson. Hann

bendir einnig á að viðskiptahallinn sé ekki einungis vegna stóriðjuframkvæmda heldur sé um að ræða gríðarlega einkaneytslu.

Í greinargerð ASÍ kemur fram að á síðustu fimm árum hafi útgjöld hins opinbera vaxið um 9 prósent á ári og á síðasta ári hafi þau aukist um 7 prósent.

hjalmar@frettabladid.is

Réðst á lækni vegna rannsóknamiðurstöðu í einkamáli:

Mótmælir niðurstöðu geðrannsóknar

DÓMSTÓLAR Tekið var fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær mál 34 ára gamals manns sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í rúmar 10 vikur, eftir að hafa ráðist á lækni sem meðal annars sinnir rannsókn í sakamálum fyrir lögreglu og í barnsfaðernismálum. Þá er maðurinn kærður fyrir hótanir gegn læknum og fjölskyldu hans, auk brota á fíkniefnalöggjöf.

Maðurinn mótmælti framkvæmd og niðurstöðu geðrannsóknar þar sem Tómas Zoëga geðlæknir taldi manninn vera veikan á geði og enn hættulegan öðrum. Farið var fram á dómkvæðningu matsmanna til að

fara yfir geðrannsóknina, en maðurinn kvaðst um leið áskilja sér rétt til að neita að tala við lækna sem kvaddir yrðu til verksins.

Maðurinn viðurkennir að hafa ráðist á og hótad læknum en Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður mannsins, segir þó því mótmælt að með árásinni hafi verið brotið gegn valdstjórninni, líkt og kveðið er á um í ákæru. Læknirinn hafi komið að einkamáli tengdu mannum, en ekki opinberu. „Ef lögreglu maður í frii væri kyldur úti í sjoppu þá væri það ekki brot gegn valdstjórninni,“ sagði Sveinn Andri.

- óká



Fjársofnun HjartaHeilla:

Erfiður dagur

FJÁRSÖFNUN Eggert Skúlason hjóreiðakappi segist hafa átt erfiðan dag í gær en hann er að hjóla hringinn í kringum landið til styrktar Landssamtökum hjartasjúklinga.

„Ég hjólaði allan Jökuldalinn, framhá Háreksstöðum og að afleggjaranum til Vopnafjarðar og var með stífan vind í fangið allan tímann,“ segir Eggert.

Brekkan upp á Jökuldalsheiði reyndist kappanum erfiðust enda brött og ekki bundin varanlegu slitlagi. Þrátt fyrir það lagði hann að baki 70 kílómetra í gær en lengst hefur hann hjólað 110 kílómetra á einum degi.

-kk

Dómur í fíkniefnamáli:

Dópið blandað með sykri

DÓMSTÓLAR 31 árs gamall maður var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær, en undir lok febrúar fann lögreglan í Kópavogi tæp 77 grömm af amfetamíni á heimili hans.

Maðurinn játaði brot sitt. Hann kvaðst hafa keypt 30 grömm af efninu, en riflega tvöfaldað magnið með því að blanda í það mjólkursykri.

Dómurinn var skilorðsbundinn í tvö ár og fellur refsing niður að þeim tíma liðnum, haldi maðurinn sig innan ramma laganna. Maðurinn þarf einnig að greiða fyrir rannsókn á amfetamíni sem og að greiða lögmanni sínum, alls rúmlega 131.000 krónur.

- óká

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Í SELVOGI Tveir Hollendingar veltu bíl sínum þar sem þeir voru á ferð í Selvogi á sunnanverðu Reykjanesi í gær. Bíllinn skemmdist nokkuð en Hollendingarnir sluppu ómeiddir enda í beltum.

HRADAKSTUR Á SUBURLANDI

Lögreglan í Vík stöðvaði erlend-an öku-mann á Mýrdalssandi í gærkvöld en hann ók á riflega 150 kílómetra hraða á klukkustund. Þá hafði lögreglan á Hvolsvelli hendur í ári öku-manns sem ók á 139 kílómetra hraða skammt austan við bæinn.

VÉLARVANA BÁTUR Vaktstöð siglinga barst í gærkvöld tilkynning frá litlum báti sem var vélarvana 12 sjómíli út af Arnarstapa. Annar bátur dró hann fljótlega að landi og gekk það vel en veður var gott á þessum slóðum.



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á réttu dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opíð virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500



SIMPLY CLEVER

Skoda Octavia 4x4 Turbo 150 hestöfl

Áfeligur eru staðalbúnaður á Octavia Turbo



verð aðeins

2.190.000 kr.

aðeins 15 bílar í boði!

Skoda Octavia 4x4

Núna færðu kraftmikinn fjórhjóladrifinn **Skoda Octavia Combi Turbo** á lygilegu verði. Láttu ekkert stöðva þig. Komdu strax í dag og tryggðu þér öflugan fjórhjóladrifinn Skoda Octavia.

28.190 á mánuði

m.v. 225.000 kr. útborgun og gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða.



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 06.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,53	65,85
Sterlingspund GBP	114,97	115,53
Evra EUR	78,21	78,65
Dönsk króna DKK	10,462	10,524
Norsk króna NOK	9,843	9,901
Sænsk króna SEK	8,312	8,36
Japanskt jen JPY	0,5853	0,5887
SDR	XDR	94,61
		95,17

Gengisvísitala krónunnar

109,95 -0,032%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveggja mánaða fangelsi fyrir kverkatak:

Var ósáttur við umfjöllun DV

DÓMSTÓLAR Jón Trausti Lúthersson var í gær dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að hafa í október í fyrra ráðist á þáverandi fréttastjóra DV.

Jón Trausti ruddist með tveimur félögum sínum inn á ritstjórn blaðsins í Reykjavík og vildi hitta fyrir ritstjóra. Hann kvaðst fyrir dómi hafa verið ósáttur við ítrekaðar myndbirtingar af honum í blaðinu og taldi mannorð sitt hafa verið eyðilagt. Þegar mönnum var vísað á dyr með þeim orðum að panta þyrfti víðtal hjá ritstjórnunum, sem ekki var í húsi, tók hann fréttastjórnun kverkataka

þannig að hann sortnaði fyrir augum, auk þess sem hann marðist á hálsi.

„Ofbeldisfullt framferði ákærða var rustafengið, ófyrirleitið og með öllu tilefnislaust,“ segir í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur og talið ljóst að Jón Trausti og félagar hans „hefðu ekki kinok að sér við að beita líkamlegu ofbeldi ef þeir hefðu ekki orðið sáttir við svör og þá fyrirgreiðslu er þeir sóttust eftir hjá ritstjóra DV“.

Dóminn kvað upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

-óka



SVEINN ANDRI SVEINSSON HRL. Sveinn Andri, sem er lögmaður Jóns Trausta Lútherssonar, kvaðst eftir að dómur féll dálítið undrandi á að hann skuli ekki hafa verið skilorðsbundinn. Jón Trausti, sem mætti ekki við uppkvaðningu dómsins, hefur ekki sætt refsingu dómstóla áður svo heitið geti.

Gassprenging í Bjarkarlundi:

Fólkið enn á sjúkrahúsi

SLYS Líðan mannsins og konunnar sem lentu í gassprengingu í Bjarkarlundi um helgina er eftir atvikum góð. Deildarlæknir á lýtalækningadeild Landspítalans segir að fólkið þurfi að liggja á deildinni í tvær til þrjár vikur. Fólki fékk annars og þriðja stigs bruna og er í svokallaðri opinni meðferð þar sem þau liggja í svokölluðu brunahólfi og stofurnar eru dauðreinsaðar.

Atvik málsins voru þau að maðurinn var að skipta um gaskút inni í hjólhúsi þegar sprenging varð. Engan annan sakaði í slysinu.

-at

Sendiherra Breta:

Húsið nötraði

ÓLYMPIULEIKARNIR „Ég stend á Trafalgar-torgi og Nelson virðist horfa mjög stoltur ofan af súlnni sinni,“ sagði Alp Mehmet, sendiherra Bretlands á Íslandi, þegar haft var við hann samband í gær.

„Þetta er mikill gleðidagur fyrir alla Lundúnabúa. Þeir óska hverjir öðrum til hamingu og tala um hversu stórkostlegur dagur þetta sé. Ég var í utanríkisráðuneytinu þegar fregnin spurðist út og allt í einu nötraði byggingin vegna fagnaðarláta. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér hversu frá sér numið af fögnuði fullorðið fólk gæti orðið. Þetta er sigur fyrir alla Breta, ekki bara Lundúnabúa.“ ■



ALP MEHMET

Forseti ÍsÍ:

Hæstánægður

ÓLYMPIULEIKARNIR Ellert B. Schram, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, list vel á að leikarnir verði haldnir í Lundúnum. „Þetta er á sama menningarsvæði og Ísland og nálegt okkur og gerir allan undirbúning þægilegri og kostnað lægri.“

Ellert er staddur á Ólympíuhátíð æskunnar í Lignano með íslenskum ungmennum sem á vissan hátt má líta á sem undirbúning fyrir Ólympíuleikana 2012. „Jú, kannski að við séum að stíga fyrstu skrefin núna til að undirbúa þá. Krakkarnir verða í það minnsta á besta aldri þegar þar að kemur.“ ■



ELLERT SCHRAM

Lundúnir hrepptu hnossið

Mikill fögnuður braust út í Lundúnum í gær þegar tilkynnt var að Ólympíuleikarnir 2012 verði haldnir í borginni. París hafði fram til gærdagsins verið talin líklegust til að verða valin og því voru vonbrigði Frakka með ákvörðun Alþjóðaólympíunefndarinnar mikil.

ÓLYMPIULEIKARNIR Fundar Alþjóðaólympíunefndarinnar í Singapúr í gær hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda var keppnin um hvaða borg héldi Ólympíuleikana 2012 óvenju hörð. Ásamt París og Lundúnum bitust einnig New York, Moskva og Madrid um leikana.

Atkvæðagreiðslan í morgun var í fjórum umferðum en að lokum stóðu Lundúnir uppi sem sigurvegari. Mjött var þó á munum, París fékk 50 atkvæði en Lundúnir 54. Flestir eru sammála að frammistaða Sebastian Coe, Ólympíumeistara og forsvarsmanns framboðsins, hafi ráðið úrslitum um að borgin bar sigur úr býtum. Elísabet Bretadrottning sendi honum kveðjur sínar, svo og Tony Blair forsætisráðherra. „Þetta er stórkostlegur dagur fyrir Breta,“ sagði hann.

Strax og úrslitin urðu ljós þustu Lundúnabúar út á göturnar, veifuðu fánum og þeyttu bíflautur. Þúsundir söfnuðust saman á Trafalgar-torgi en jafnframt lögðu margir leið sína á staðinn sem hinn nýi Ólympíuleikvangur verður reistur.

Gengi bréfa í breskum verkatakafyrirtækjum tók stökk á hlutabréfamörkuðum í gær og fasteignasalar spá enn frekari hækkun húsnæðisverðs í borginni vegna ákvörðunarinnar.

Rigningin í París í gær var táknræn fyrir stemmninguna þar en Frakkar voru fyrirfram afar bjartsýnir á að fá að halda leikana. Ólympíuleikarnir voru síðast haldnir í Frakklandi 1924 og þeim hafði verið synjað um að halda þá 1992 og 2008. Þeir fjölmörgu sem komu saman fyrir framan ráðhús Parísarborgar í gær urðu fyrir sárum vonbrigðum þegar Al-



VONBRIGÐI Í PARÍS Frakkar töldu að röðin væri loksins komin að sér og því var ákvörðunin reidarslag fyrir marga.

þjóðaólympíunefndin greindi frá ákvörðun sinni. Jacques Chirac færði Bretum þó sínar hamingju- og velfarnaðaróskir.

Mikið er í húfi fyrir þá borg sem hreppir þetta eftirsóttu hnoss. Kastljós heimsbyggðarinnar beinist að staðnum í aðdraganda leikanna og á meðan á þeim stendur og í mörg ár á eftir liggur straumur ferðamanna þangað. Framkvæmdirnar sem leikunum

fylgja þýða jafnframt að mörg störf skapast.

Umstangið í kringum leikana er hins vegar afar kostnaðarsamt, en Lundúnablaðið Times gerir ráð fyrir að þeir kosti 1.400 milljarða íslenskra króna. Þær áætlanir gætu hæglega farið úr böndunum, Grikkir eru enn að súpa seyðið af kostnaðinum við sína leika sem voru tvöfalt dýrari en í upphafi var búist við. sveinn@frettabladid.is



KALIMARMARO-LEIKVANGURINN Parna fóru fyrstu Ólympíuleikar nútímans fram árið 1896.

Þrítugustu leikarnir

Leikarnir í Lundúnum verða 30. Ólympíuleikar nútímans. Þeir hafa verið haldnir nánast óslitið síðan 1896, að heimsstyrjaldarárunum 1914-18 og 1939-45 frátdöldum.

1896 – Aþena, Grikklandi
1900 – París, Frakklandi
1904 – St. Louis, BNA
1906 – Aþena, Grikklandi*
1908 – Lundúnir, Bretlandi
1912 – Stokkhólmur, Svíþjóð
1920 – Antwerpen, Belgíu
1924 – París, Frakklandi
1928 – Amsterdam, Hollandi
1932 – Los Angeles, BNA
1936 – Berlín, Þýskalandi
1948 – Lundúnir, Bretlandi
1952 – Helsinki, Finnlandi
1956 – Melbourne, Ástralíu
1960 – Róm, Ítalíu
1964 – Tókýó, Japan
1968 – Mexíkóborg, Mexíkó
1972 – München, V-Þýskalandi
1976 – Montreal, Kanada
1980 – Moskva, Sovétríkjunum
1984 – Los Angeles, BNA
1988 – Seúl, S-Kóreu
1992 – Barcelona, Spáni
1996 – Atlanta, BNA
2000 – Sydney, Ástralíu
2004 – Aþena, Grikklandi
2008 – Lundúnir, Bretlandi

*Ólympíuleikarnir í Aþenu 1906 eru vanalega ekki taldir með Ólympíuleikum nútímans. Til álíta kom á sínum tíma að halda leika annað hvert ár – fjórða hvert ár í Grikklandi og fjórða hvert ár annars staðar í heiminum – en það var aðeins gert einu sinni. Þótt engir leikar hafi verið haldnir heimsstyrjaldarárin eru þau ár talin með.

VEÐRIÐ Í DAG

RIGNING A LEIÐ- INNI


Myndarlegt úrkomusvæði nálgast nú vesturhluta landsins og er að sjá að það taki land fyrst og fremst síðdegis og að þá verði rigning á öllum vesturhelmingi landsins. Samfara þessu fer vindur nokkuð vaxandi.

HELGARVEDRID Útlit er fyrir fremur hægur súðlægar áttir með sæmilega björtu veði á Norðaustur- og Austurlandi, annars verður fremur skýjað og víða dálítill væta. Hiti verður á bilinu 10-20 stig, hlýjast norðaustan til.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	23°C heiðskirt	París	18°C hálfskýjað
Ósló	27°C heiðskirt	Berlín	22°C skúrir
Stokkhólmur	27°C heiðskirt	Frankfurt	19°C hálfskýjað
Helsinki	20°C heiðskirt	Madrid	35°C heiðskirt
London	24°C hálfskýjað	Barcelona	27°C heiðskirt
		Alicante	30°C heiðskirt
		Milano	23°C hálfskýjað
		New York	29°C hálfskýjað
		San Francisco	19°C heiðskirt
		Orlando/Florida	33°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Flugfreyjutöskur

Litir: Blátt, svart og rautt verð: 4.990 kr.

PENNINN BOKA BUÐIR Eymundsson

Við losnum út eftir 63 daga.

Að sitja læstar inni í 63 daga til viðbótar virðist kannski ekki svo langur tími. En þegar við þurfum að dúsa aðþrengdar með allt of litinn hraða, upplifum við þessa 63 daga ekki sem 1.512 klukkustundir, eða 90.720 mínútur heldur sem 5.443.200 sekúndur í einangrun. Krítum eitt strik fyrir hverja sekúndu.

Þvílík ósanngirni. En til allrar hamingju þá höfum við hvor aðra og tölum mikið um hvað framtíðin er björt með háhraðatengingu á frábæru verði frá Hive.

**Lára Hrönn Árnadóttir
og Ólöf Brynja Aradóttir**
Litlagerði 12,
108 Reykjavík



GOTTI FOLK MCCANN

3.990*

HiveLite

Þráðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4GB niðurhal, 8Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive





KJÖRKASSINN

Samþykkið leiðtogar G8- ríkjanna eitthvað á fundi sínum til að draga úr fátækt í Afríku?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	50%
Nei	50%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu sátt(ur) við að ólympiuleikarnir verði haldnir í London árið 2012?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Tólf þúsund manns komu saman í Kaupmannahöfn:

Kröftug en friðsamleg mótmæli

DANMÖRK Talið er að um tólf þúsund manns hafi mótmælt komu George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, til Danmerkur í miðborg Kaupmannahafnar í gær.



ANJA VEDELSBY

Fólkið safnaðist saman fyrir framan sendiráð Bandaríkjanna í austurhluta borgarinnar og gekk þaðan fylktu liði að þinghúsinu við Kristjánsborg. Mótmælin fóru friðsamlega fram en þau voru skipulögð af ýmsum félagasamtökum.

Lögreglan hafði gert miklar ráðstafanir og var mjög áberandi við mótmælin. Fjölda gatna var lokað og þyrstur sveimuðu yfir mótmælendum við upphaf göngunnar. Við Kristjánsborg voru svo haldnar ræður og tónlistarmenn stigu á svið. Stemmningin var mikil allan tímann, ræðumönnum var vel fagnað og fjöldi fólks var með kröfuspjöld og barmmerki.

Anja Vedelsby, einn mótmælenda, kvaðst vera mætt til að andæfa mannréttindabrotum sem framin eru í nafni utanríkisstefnu ríkisstjórnar Bush. „Fólk deyr daglega úti um allan heim aðeins vegna stefnu hans í mannréttinda-



Í MÓTMELAGÖNGU Margir Danir mættu til að mótmæla komu George W. Bush til landsins.

málum. Danska stjórnin ætti að láta af stuðningi sínum við Bandaríkjamenn enda er danska þjóðin á móti Bush,“ sagði hún í samtali

við Fréttablaðið.

Bush flaug til Skotlands seinni part gærdagsins eftir sextán klukkutíma dvöl í Danmörku. - ks

Innihaldið í Trópi er ekkert leyndarmál. Við tökum einfaldlega utan af ávöxtunum fyrir þig.

Tropi MED ALDINKJÖTI

Tropi

- náttúrulega hreinn safi



STÁL Í STÁL Örbunn öryggisgirðing skildi að æsta mótmælendum og lögreglumenn í Auchterarder, nærri Gleneagles í Skotlandi í gær. Flytja varð liðsauka á vettvang með herþyrstur eftir að upp úr sauð.

Átök í upphafi fundar

Leiðtogafundur G8-ríkjanna hófst í gær í skugga fjölmennra mótmæla. Fámennur hópur óeirðaseggja stal þó senunni þar sem hann óð uppi með ofbeldi og skrífslátum. Bílrúður voru brotnar og lögreglumenn meiddust.

AUCHTERARDER, AP Átök brutust út á milli mótmælenda og lögreglu við upphaf G8-fundarins í Gleneagles í Skotlandi í gær. Flytja þurfti fólk á sjúkrahús og talsverð eignaspjöll voru unnin.

Það fór á þann veg sem margir höfðu óttast, róstur og ringulreið settu mestan svip á upphaf leiðtogafundar sjö helstu iðnríkja heims og Rússlands sem hófst í gær í Gleneagles í Skotlandi. Strax í gærmorgun tók hópur uppviðslusamra mótmælenda að láta ófriðlega í bænum í Stirling, rúma tuttugu kílómetra frá Gleneagles, en þar gista um 5.000 stjórnleysingjar og andstæðingar hnattvæðingar. Mólvuðu þeir rúður kyrrstæðra bíla og köstuðu grjóti að lögreglu. Leggja þurfti

nokkra lögregluþjóna á sjúkrahús og voru 60 manns handteknir fyrir dólglætin.

Vegna óeirðanna í Stirling ákvað Tayside-lögreglan að banna mótmælagöngu frá bænum Auchterarder sem hún hafði áður veitt leyfi fyrir. Mikil reiði greip um sig hjá forsvarsmönnum göngunnar enda höfðu þeir lagt áherslu á að ganga þeirra yrði með friðsamlegu yfirbragði. „Síðan hvenær hefur Bretland verið lögregluríki?“ spurði hinn umdeildi skoski þingmaður George Galloway. „Hvenær fékk lögreglan heimild til að aflýsa kröfugöngum í þessu frjálsa landi okkar?“ Lögreglan ákvað skömmu síðar að heimila gönguna.

Um fjögur þúsund manns tóku

þátt í göngunni og í fyrstu fór allt vel fram. Fljótlega klofnaði hins vegar gangan, nokkur hundruð mótmælendum rifu niður girðingu við veginn og hlupu síðan að lögregluvarðturni sem stóð við öryggisgirðingu um Gleneagles-svæðið. Herþyrstur fluttu óeirðalögreglu fljótlega á vettvang og tókst henni að dreifa ófriðar-seggjunum.

Stærstur hluti göngumanna lét sér þó nægja að mótmæla á friðsamlegan hátt. Margir þeirra fórnðu höndum og hröpuðu „hendur ykkar eru ataðar blóði“. Væntanlega hafa þeir vísað þar til stríðsrekstarins í Írak og eyndarinnar í Afríku sem þeir telja að leiðtogar G8-ríkjanna beri ábyrgð á. ■

Helgi Hjörvar um ummæli Jónínu Bjartmarz:

Skítkast ekki svara vert

STJÓRN MÁL „Skítkast Framsóknar er ekki svara vert,“ segir Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, vegna svara Jónínu Bjartmarz í Fréttablaðinu í gær þar sem hún segir siðferðisþrek Samfylkingarinnar á þrotum.

„Ég hef beint þremur málefnalegum spurningum til formanns fjárlaganefndar um einkavæðingu Búnaðarbankans og tengsl forystumanna Framsóknarflokksins við Ker hf. Í fyrsta lagi hvort upplýsingar Kauphallarinnar um að hagnaður Hesteyrar hf. af viðskiptum í Keri hafi numið 495 milljónum eins og svar Kauphallar Íslands til mín virðist bera með sér, í öðru lagi hvort forsætisráðherra hafi alls ekki vitað um þessi viðskipti eins og segir í minnis-

blaði Ríkisendurskoðunar, og í þriðja lagi hvort Ker hf. hafi afsalað sér húseign til félaga Framsóknarflokksins í miðju einkavæðingarferlinu. Nú hefur Framsóknarflokkurinn játað að þetta með húseignina sé rétt og viðurkennt að þessar tímasetningar séu mjög óheppilegar. Því verða forystumenn flokksins að svara því hvers vegna þeir upplýstu ekki um þessi óheppilegu viðskipti í athugun fjárlaganefndar. Þeir hafa hins vegar kosið að tala um skítlegt eðli og annað því um líkt. Ég býð hins vegar rólegur eftir svörum,“ segir Helgi. - óá

HELGI HJÖRVAR

Segist bíða rólegur eftir svörum frá formanni fjárlaganefndar.



Útsalalan

er hafin

30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.

500 OG 1000 KR.

MARKAÐUR

allt á 500
eða 1000 kr.

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær

HAGKAUP

www.hagkaup.is

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID?

- 1 Í hvaða breska fyrirtæki hefur Lyf og heilsa keypt 70 prósent hlut?
- 2 Hvaða stofnun ætlar að gera úttekt á aðgerðum hér á landi gegn peningþvætti?
- 3 Hvar verða olympiuleikarnir haldnir árið 2008?

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Árás á hindúamusteri í Uttar Pradesh:

Sex uppreisnarmenn skotnir

INDLAND. AP Sex íslamskir uppreisnarmenn týndu lífi í umsátri eftir að hafa ráðist inn í hindúamusteri á Norður-Indlandi í fyrradag.

Einn þeirra beið bana þegar hann sprengdi sig í loft upp til að rjúfa stálhlíð sem lokaði musterioð af. Hinir fimm réðust þá til inn-göngu og voru komnir í um fimm-tíu metra fjarlægð frá helgasta dómi musterisins þegar öryggis-verðir skutu þá til bana.

Langvinnar deilar hafa staðið um musterioð sem er í borginni Ayodhya í Uttar Pradesh héraðinu. Árið 1992 sprengdu hindúar upp mosku frá 16. öld og hrinu

þannig af stað ofbeldisfullum trúar-deilum í borginni sem hafa skilið tvö þúsund manns eftir í valnum. Hindúaleiðtogar halda fram að moskan hafi verið reist á rúst-um helgs hindúamusteris og að þetta sé fæðingarstaður Rams, eins heilagasta guðs hindúa. Múslimar segja hins vegar enga sönnun fyrir þessu. Deilan er enn fyrir indverskum dómstólum.

Þrír öryggisverðir særðust í árásinni en enginn lést úr þeirra röðum. ■

UPPREISNARMADUR LIGGUR Í VALNUM Hatrammar deilar hafa staðið í áráðir milli hindúa og múslima um yfirráð yfir helgum stað í borginni Ayodhya.



Mannréttindi í Evrópu:

Skýrsla gerð um Ísland

MANNRÉTTINDI Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Alvaro Gil-Robles, lauk í gær þriggja daga opinberri heimsókn hér á landi. Hann mun skrifa skýrslu um stöðu mannréttinda á Íslandi sem kynnt verður fyrir ráðherra nefnd og þingi Evrópuráðsins í september. Fulltrúinn hitti forystumenn verkaldshreyfingarinnar og ýmissa félagsamtaka, umboðsmann Alþingis og ráðherra meðan hann staldraði hér við. Hann kynnti sér einnig íslensk fangelsi og móttökustöð fyrir hælisleitendur.

- rsg

Samfylkingin Akureyri:

Lokað prófkjör

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Stjórn Samfylkingarinnar á Akureyri hefur ákveðið að efna til prófkjörs á meðal um 800 félagsmanna vegna sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári. Jón Ingi Cesarsson, formaður stjórnarinnar, segir að stefnt sé að bindandi prófkjöri fyrir fjögur efstu sætin og þau sæti skiptist jafnt á milli kynja. „Vegna sameiningarkosninganna í haust er ekki hægt að hafa prófkjörið fyrr en síðla nóvembermánaðar en líklega verður um póstkosningu að ræða og opin kjörstað síðasta daginn sem skila ber atkvæðum.“

- kk

Hugmyndir um niðurrif húsnæðis Vistors

Í Garðabæ eru uppi hugmyndir um að rífa hús lyfjafyrirtækisins Vistor til að rýma fyrir stækkun miðbæjarins. Minnihlutinn vill að tillögur þessa efnis verði nú þegar lagðar á hilluna. Vistor vill ekki færa sig um set.

BÆJARMÁL Lögfræðistofa lyfjafyrirtækisins Vistor í Garðabæ hefur sent bæjaryfirvöldum þar bréf vegna hugmynda Klasa hf. um að rífa hús fyrirtækisins og byggja íbúðir og verslanir. Bæjarstjórn gerði í apríl samning við Klasa hf. um að þróa deiliskipulag fyrir miðbæinn og gerir tillaga fyrir-tækisins sem lögð var fram á dög- unum ráð fyrir útvíkkun miðbæjarins í átt að Hafnarfjarðarvegi

og þar með yfir lóð Vistors.

„Í bréfinu fóru þeir fram á að Garðabær felldi út úr skipulags-hugmyndum sínum að húsið verði fjarlægð. Þeir tala um það í þessu bréfi að ekkert samráð hafi verið haft við þá um þetta mál, þetta er mjög ankannalegt,“ segir fulltrúi minnihlutans Einar Sveinbjörnsson. Á bæjarráðsfundi á þriðjudag lagði Einar til að hugmyndir um að stækka miðbæinn í átt að Hafnarfjarðarvegi yrðu nú þegar lagðar á hilluna. „Þessi hugmynd gengur bara alls ekki upp ef að Vistor vill vera þarna áfram og ég skil það vel, þeir eru í framtíðarhúsnæði og með 110 starfsmenn,“ segir Einar. Tillaga hans var felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

Formaður bæjarráðs, Erling Ásgeirsson, vill gefa Klasa vinnu-frið en fyrirtækið á að skila skipu-lagstillögum í árslok. „Þessi til-laga nær aldrei fram að ganga nema með fullu samráði við Vistor,“ segir Erling. „Þetta er stormur í vatnsglasi. Hugmyndir að breytingu á Vistor reit er al-

gjörlega á ábyrgð Klasa og háð samningum við Vistor, bæjarráði að meinalausu, náði það ekki fram að ganga. Bæjarráð Garðabæjar vill alls ekki reka Vistor úr bænum, það er af og frá. Þar af leiðandi tel ég að þessi bókun Einars sé ótímabær og til þess að gera málið tortryggilegt,“ segir Erling.

Hreggviður Jónsson, forstjóri Vistor, segir að fyrirtækið sé ekki tilbúið til að færa sig um set. „Okkur líður mjög vel þarna og erum með lóð sem gefur okkur tækifæri á stækkun.“ Hann segist ekki hafa miklar áhyggjur af tillögum Klasa enda séu þær einungis á hugmyndastigi og á kynningarfundum með bæjarbúum hafi ekki verið tekið vel í þær. „Ég held að það gefi auga leið að ef bæjarbúar eru neikvæðir gagnvart þessu fer þetta ekki í gegn. Við sendum bréfið einungis vegna þess að verið var að kynna breytingarnar og óskað eftir athugasemdum. Við vorum bara að minna á okkur,“ segir Hreggviður. rosag@frettabladid.is



GARÐABÆR „Stormur í vatnsglasi,“ segir formaður bæjarráðs um deilurnar.



HÓTEL GEYSIR

Hagstofa Íslands:

Gistinóttum fjölgar

FERÐAÞJÓNUSTA Um fimm prósent aukning hefur orðið á gistinóttum á hótélum landsins það sem af er árinu miðað við síðasta ár. Þá töldust gistinætur alls 82.550 talsins en eru nú 86.680.

Fjölgaði þeim hvað mest á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum eða um 18 prósent en aðeins 13 prósent á Austurlandi og 11 prósent fyrir norðan land. Mest fjölgunin er vegna Íslandinga sem gista oftar á heilsárshótélum en áður var en erlendum ferðamönnum fjölgar þó einnig lítillega.

- aðe

Menntaskólinn Hraðbraut:

Fyrsta útskriftin

MENNTAMÁL Menntaskólinn Hraðbraut útskrifir fyrstu stúdentana á laugardag en skólinn hóf störf árið 2003 og býður upp á nám til stúdentsprófs á tveimur árum. Nemendur í fyrsta útskriftarárgangnum eru 36 en skólinn hefur vaxið hratt og munu 140 nemendur hefja nám í skólanum næsta haust. „Þetta hefur tekist frábærlega vel. Nemendur eru ánægðir, en námið er auðvitað erfitt, það er ekkert hægt að neita því,“ segir Ólafur Haukur Johnson skólastjóri Menntaskólans Hraðbraut.

- rsg

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn Hreiðars Hermannssonar í frétt blaðsins í gær. Hann var þar ranglega nefndur Heiðar og er beðist velvirðingar á því.

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

Mikið úrval af bakpokum

Tindur (75L) 9.900 kr.

Þór (15L) 1.900 kr.

Súlur (25L) 2.950 kr.

Esja (25L) 3.200 kr.

66° NORDUR

66°NORDUR bakpokarnir fást í verslunum okkar í Kringlunni, Faxafeni, Garðabæ og á Akureyri

Flutningur opinberra verkefna út á land:

Frumkvæði norðanmanna gott fordæmi

RÍKISSTÖRF Stjórn Kaupfélags Eyfirðinga hefur lýst sig tilbúna til að veita hundruðum milljóna króna til að fjölga opinberum störfum, og störfum almennt, á Akureyri. Viðræður eru hafnar á milli KEA og iðnaðarráðuneytisins um hugsanlegan flutning stofnana og verkefna ráðuneytisins til Akureyrar og í næstu viku ræða forsvarsmenn KEA við Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra um flutning opinberra verkefna til Akureyrar.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir frumkvæði stjórnar Kaupfélags Eyfirðinga afar áhugavert og skapi gott fordæmi. „Mér vitanlega hefur félag í eigu al-

mennings ekki áður boðist til að koma að fjármögnun á flutningi opinberra starfa frá höfuðborgarsvæðinu og út á land. Kostnaður við flutninginn hefur í gegnum tíðina haft letjandi áhrif á ríkið og þótt ýmislegt takmarki slíkan flutning þá eru hugmyndir KEA mjög áhuga-verðar og ég fer betur yfir þau tækifæri sem í stöðunni eru með forsvarsmönnum félagsins,“ segir Valgerður.

- kk

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA Valgerður segist afar ánægð með hvernig starfsemi KEA hefur verið að þróast og hversu mikill kraftur sé í starfsemi.



Dúndurtilboð

á Sterling grillum í Nóatúni!

Verð frá 15.900 kr.

Allt þetta fylgir hverju grilli!

STERLING HÁGÆÐA GRILL

STÆRÐ 1104 ÓSAMSETT	15.900 kr.
STÆRÐ 1104 SAMSETT	17.900 kr.
STÆRÐ 1714 ÓSAMSETT	17.900 kr.
STÆRÐ 1714 SAMSETT	19.900 kr.

KAUPAUKI MEÐ GRILLINU

Pepsi Max	6X2L
Egils appelsín	6X2L
Litli Jón 4,5%	4X1,25L
Lay's flögur	2 POKAR
SAMTALS GERIR PAÐ	= 4.282 kr

20 ÁRA ALDURSTAKMARK!
SKILRÍKI SKILYRÐI!

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

40%

afsláttur við kassa



CHICAGO TOWN
2 PEPPERONI EÐA
2 TRIPLE CHEESE

299 kr. pk

SPARAÐU

35%
afsláttur við kassa



MÓA
KJÚKLINGUR 1/1

389 kr. kg

55%
afsláttur við kassa



SÓL
APPELSÍNUSAFI

199 kr. pk



GOÐA
BACONBÚÐINGUR

299 kr. kg



MIX 2L

99 kr. 2l

50%
afsláttur við kassa



NÁTTÚRU
RUCOLA SALAT

175 kr. pk

NÝBAKAÐ!



SÉRÞÖKUB
VÍNARBRAUÐ

49 kr. stk



NÓATÚN

OPIÐ
TIL KL. 21
ALLA DAGA

Kodak EasyShare C300

- 3,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,5" skjár
- Tekur video
- Auðveld í notkun

• Verð: **9.900 kr**

1.980 kr.
á mánuði*



SUMARTILBOÐ

Kodak EasyShare LS755

- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tókustillingar

• Verð: **34.900 kr**

• Verð áður ~~39.900 kr~~



6.980 kr.
á mánuði*

Kodak EasyShare LS743

- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett

• Verð: **24.900 kr**

4.980 kr.
á mánuði*



www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

Malarflutningabifreið valt á Siglufirði:

Mildi að ekki hlaust af stórslys

ÓHAPP Fulllestuð mannlús malarflutningabifreið rann stjórnlaust niður brekku á Siglufirði í fyrradag; fór fram af steiptum vegg og stöðvaðist á hvolfi á húsvegg. Lögreglan á Siglufirði segir mildi að ekki hafi orðið slys á fólki en börn eru oft að leik á þeim stað þar sem bifreiðin hafnaði.

Malarflutningabifreiðin var í gangi þegar hún rann af stað en talið er að handbremsa hafi gefið sig. Ökumaðurinn reyndi að komast inn í bifreiðina eftir að hún fór af stað en varð frá að hverfa sökum þess hve mikill hraði var á bifreiðinni.

Húsið sem bifreiðin stöðvaðist



á skemmdist nokkuð en það er einkum notað til sumarvaxar og var mannlús.

Gatan sem malarflutningabifreiðin valt fram af ber við mæni húsanna neðan götunnar. Íbúarnir hafa þrýst á bæjaryfirvöld um að vegrið verði sett á götuna til varnar því að þeir fái ókutæki inn á gólf hjá sér og segir lögreglan að íbúum næstu húsa hafi brugðið mjög við óhappið.

- kk

HAFNAÐI Á HÚSINU Fulllestuð vó malarflutningabifreiðin um 25 tonn og að mati eigandans er hún ónýtt eftir óhappið.



BRYGGJUHFVERFIÐ Smábátatúgerð verður innan um veitingastaði og íbúðarhúsnæði.

Nýtt bryggjuhverfi í Reykjavík:

Slippurinn verður menningarsvæði

SKIPULAGSMÁL Nýtt bryggjuhverfi mun rísa á slippasvæðinu við Mýrargötu í Vesturbæ Reykjavíkur árið 2010. „Við erum að fara að endurskipuleggja allt svæðið og byggja fimm hundruð nýjar íbúðir. Þarna verður blanda af íbúðum og atvinnustarfsemi, veitingastaðir og fiskmarkaður. Vonandi verður iðandi mannlíf á bryggjunum, þannig að Reykvíkingar endurheimti þetta nána samband við sjóinn,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar, en hann er einnig í stjórn stýrihóps Mýrargötu-slippasvæði verkefnisins.

Í vor voru haldnir kynningarfundir á svæðinu um hverfið og nú er verið að vinna að nákvæmari áætlun að því í deiluskipulagi borgarinnar.

„Fyrst þarf að flytja slippinn, hreinsa svæðið upp og setja Mýrargötu í stökk. Við höfum áætlað að þetta taki tvö til þrjú ár, að fyrstu íbúarnir flytji inn 2008 eða



TILLAGA AÐ RAMMASKIPULAGI Mýrargata leggur þvert í gegnum hverfið en hún verður lögð í stökk.

9. Þetta getur orðið gríðarlega skemmtilegt svæði,“ segir Dagur. Borgaryfirvöld sjá fyrir sér að hverfið verði framlenging á

menningarsvæðinu í miðborginni, en á svæðinu verður einnig smábátatúgerð og önnur hafnarstarfsemi.

- rsg

Farartæki yfir löglegrri hæð í Hvalfjarðargöngum:

Hafa valdið tugmilljóna tjóni

TJÓN „Því miður er það allt of algengt að keyrt sé undir burðarbita í Hvalfjarðargöngunum og frá opnun ganganna hefur tjónið numið af þeim völdum tugum milljóna,“ segir Atli Rúnar Halldórsson sem vinnur að kynningarmálum fyrir Spöl.

„Ástandið var mjög slæmt á tímabili, en mánuðina desemberjanúar sl. voru sjö tilvik þar sem skemmdir voru unnar vegna ólöglegrar hæðar. Eftir þær hremmingar ákvað Spölur að senda út fréttatilkynningu til flutningafyrirtækja, alþingis- og fjölmiðla þar sem þetta vandamál var reifað. Við bentum meðal annars á að viðurlög eru óvenju lág hérlandis miðað við það sem gerist erlendis. Viðurlögin hafa ekki hækkað en ástandið hefur skánað.



LEYFILEG HÆÐ AFTANÍVAGNA Ekki er leyfilegt að aka um Hvalfjarðargöngin með farartæki sem er hærra en 4,2 metrar.

Myndavélakerfið er orðið svo gott hjá okkur að það telst til undantekninga ef ekki næst í brotaval. Þrátt fyrir að ástandið

hafi skánað er vandinn fjarri því horfinn. Það eru ekki nema nokkrir dagar frá síðasta tilviki.“

-iös

Allir CONTINENTAL
stuttermabolir kr. **995.-**

Allir CONTINENTAL
langermabolir kr. **1695.-**



Mikið úrval - Margar gerðir

SLENDERTONE
FLEXMAX

Öflugasta tækið
10 kerfi þar af 2 uppsetukerfi og
2 sportkerfi, auka blöðkusett.
Styrkur 0-130

Verð nú kr. 17.900.- Verð áður kr. 26.900.-

AFGERANDI ÁRANGUR

Eftir 8 vikna notkun sýndu óháðar rannsóknir :

- að jafnaði 3,5 cm minna mittismál
- 49% styrking kviðvöðva
- 72% aukin uppsetugeta
- 100% þátttakenda staðfestu stinnari og sléttari kviðvöðva



SLENDERTONE™
FLEX

7 kerfi, styrkur 0-99

Verð nú kr. 12.900.- Verð áður kr. 19.900.-

Opið

Virka daga frá kl. 10-18
Lokað laugardaga í sumar

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Sendum í póströfu um land allt



FRELSI TIL AÐ MENGA Þessi frelsisstytta var reist George W. Bush Bandaríkjaforseta til heiðurs vegna heimsóknar hans til landsins í gær. Á skjalinu í fangi hennar stendur „frelsi til að menga“.

Auglýsingastofan kærir tímaritið:

Hér og nú ehf. kærir Hér og nú

FJÖLMIÐLAR Auglýsingastofan Hér og nú ehf. kærði í gær samnefnt tímarit fyrir notkun nafnsins Hér og nú og fer fram á að notkun nafnsins verði hætt. Einnig vill stofan að málið fái forgang hjá Samkeppnisstofnun vegna þeirrar neikvæðu umræðu sem verið hefur um tímaritið í fjölmiðlum undanfarið.

„Við skoðuðum okkar réttarstöðu um leið og blaðið hóf göngu sína,“ segir Ingvi Jökull Logason, eigandi stofunnar. „En umræðan hvatti okkur til þess að flýta kæruférlinu.“ Hann segir bæði auglýsingastofuna og 365 starfa á sviði fjölmiðlunar og að nokkuð sé um þann misskilning að fólk telji Aug-

lýsingastofuna vera útgefanda tímaritsins. Henni hafi borist fjöldamörg símtöl sem ætluð eru blaðinu. „Fólk hefur hringt í okkur bæði til að hella úr skálum reiði sinnar og til að koma fréttum áleiðis.“ Jafnvel hefur verið hringt heim til stjórnenda fyrirtækisins að kvöldi til. „Það sem skiptir samt mestu máli er óánægja viðskiptavina okkar sem vilja alls ekki tengjast nafninu Hér og nú. Sama gildir um tilvonandi viðskiptavini.“

- grs

INGVI JÖKULL LOGASON

Eigandi auglýsingastofunnar Hér og nú ehf. er ekki sáttur við þau áhrif sem tímaritið umtalda er farið að hafa á rekstur stofunnar.



Gunnar Smári svarar:

Segir fordæmi vera fjöldamörg

FJÖLMIÐLAR Gunnar Smári Egilsson, framkvæmdastjóri 365, segir ekki geta séð að tímaritið og auglýsingastofan séu að starfa á sama vettvangi og því sé ekkert athugavert við notkun nafnsins Hér og nú. „Það er alþekkt að heiti á vöru eða þjónustu sé það sama og nafn á fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Þannig er til dæmis Kastljós fyrirtæki í Skipholti í Reykjavík, Víðsjá fyrirtæki í Birkhlið og Spegillinn félag í Hafnarfirði. Þá eru til ein fimm fyrirtæki sem heita Vísir. Fjöldamörg álíka dæmi eru til um þetta.“

- grs



ÞÓRARINN OG JÓN BIRGIR Fráfarandi útibússtjóri segist afar ánægður með eftirmann sinn.

Sjóvá Akureyri:

Nýr útibússtjóri

MANNASKIPTI Þórarinn B. Jónsson hefur látið af störfum sem útibússtjóri Sjóvá á Akureyri eftir að hafa starfað hjá félaginu í 41 ár. Jón Birgir Guðmundsson tók við starfi útibússtjóra af Þórarni en síðastliðin tvö og hálf ár hefur hann starfað sem verkefnisstjóri hjá bæjarráði Akureyrar og aðstoðarmaður bæjarstjóra. Þar á undan veitti Jón Birgir útibúi IMG Gallup á Akureyri forstöðu. - kk

HÉRAÐSDÓMUR

STELPUR DÆMDAR FYRIR INNBROT Fyrsta mars brutust tvær stelpur á átjándi ári inn í kjallaraíbúð í Kópavogi og stálu fartölvu. Þær voru í gær dæmdar í mánaðarfangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur, en önnur varð átján ára í apríl. Dómurinn var skil-orðsbundinn í þrjú ár, en báðar játuðu stúlkurnar greiðlega. Þá þurfa þær að greiða bætur upp á 110.000 fyrir tölvuna.

Siglingar farþegaferju hefjast frá Reykjavík næsta vor

Stefnt er að því að lúxusfarþegaferja í eigu Íslendinga hefji siglingar milli Reykjavíkur, Englands og Þýskalands næsta vor. Miðað er við ferju sem tekur 1200 farþega og 200 bíla.

SAMGÖNGUR Hópur manna vinnur nú að undirbúningi þess að ferju-siglingar hefjist milli Reykjavíkur, Newcastle á Englandi og Bremerhaven í Þýskalandi næsta vor. Einnig kemur til greina að hafnarstæði ferjunnar verði í Þorlákshöfn eða á Grundartanga. Aðstandendurnir leggja mikið upp úr þægindum og tala jafnvel um lúxusferju í eigu Íslendinga. Þeir hafa undanfarið skoðað nokkur skip og sjá fyrir sér að ferjan geti orðið um eða yfir 140 metra löng, tekið allt að 1200 farþega og 200 bíla, og geti siglt frá Reykjavík inn í hjarta Evrópu á þremur dögum.

Málið hefur verið á

hugmynda- og umræðustigi í meira en tvö ár í fámennum hópi sem hefur fundað með fjölda aðila og kynnt hugmyndina. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis, hefur átt fundi með hópnum og mun vera velviljaður hugmyndinni. Aðrir alþingismenn og sveitarstjórnarmenn hafa einnig sýnt málinu áhuga og vilja greiða götu þess, þó ekki standi til að ríkið fjármagni ferjusiglingarnar. Þá hefur hugmyndin einnig verið kynnt fyrir Samskipum og Eimskipum og einnig hafa einstaklingar innan ferðaþjónustunnar sýnt hugmyndinni áhuga.

Um þessar mundir er verið að leggja drög að stofnun félags sem vinnur að frekari undirbúningi og öflun

fjárfesta. Stefnt er að því að halda opinn kynningar- og blaðamannafund um ferjusiglingarnar um miðjan ágúst til að stækka hópinn og verður félagið stofnað í kjölfar þess.

„Við sjáum enga agnúa á því að hefja siglingar næsta vor,“ segir Guðjón Jónsson, bílstjóri í ferðaþjónustu og fyrrverandi skipstjóri, en hann er einn frumkvöðlanna. „Í sjálfu sér er ekki margt sem þarf að ganga upp til að það takist.“

grs@frettabladid.is



FRUMKVÖÐLAR AÐ FERJUSIGLINGUM Frá vinstri: Guðbjartur Halldórsson, Guðjón Jónsson og Þorsteinn Kröyer. Hugmyndin að ferjusiglingum varð fyrst til í þeirra hópi. Þeir hafa nú ytt málinu úr vör og fengið fleiri til liðs við sig.



Upplýsingar um vöruúrval Reykjagarðs og uppskriftir er að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.holta.is



Reykjagarður hf
www.holta.is



SÁÁ byggir við Efstaleiti: Húsið tilbúið haustið 2006

Skóflustunga að nýrri byggingu SÁÁ við Efstaleiti var tekin í fyrradag en stefnt er að því að byggingu hússins verði lokið haustið 2006. Það mun stórbæta meðferðar- og félagsstarf SÁÁ og á að hýsa göngudeildarþjónustu, skrifstofu og félagsstarf samtakanna. Árið 2002 var gerð úttekt á ástandi húsa SÁÁ og reyndist það bágborið. Í framhaldinu var ákveðið að ráðast í byggingu hússins við Efstaleiti og hefur núverandi húsnæði samtakanna við Síðumúla verið sett á sölu.

-rsg



SKÓFLUSTUNGAN Björgólfur Guðmundsson tók fyrstu skóflustunguna að nýbyggingunni sem er hönnuð af ASK arkitektum.

Bílaust opnar á nýjum stað

Við bjóðum ykkur velkomin
í glæsilega verslun
að Bíldshöfða 9

Fjöldmörg
skemmtileg
opnunartilboð í gangi
allt að 60% afsláttur
-Sjón er sögu ríkari



Takki / 1963

„ORÐRÉTT“

„Við höfum ekki fengið svar við óskum um hækkun afnotagjalda og þá er ekki annað að gera en að fara í þessar aðgerðir.“

GUÐMUNDUR GYLFI GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS RÍKISÚTVARPSINS, Í FRÉTTABLAÐINU.

„Þú getur stillt klukkuna þína eftir opnunartímanum. Það er grundvallaratriði í svona rekstri að opna á réttum tíma.“

BJÖRN VÍFILL ÞORLEIFSSON, VEITINGAMAÐUR Á RÁNNI Í KEFLAVÍK, Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær tilveran

ÁSTKÆRA YLHÝRA

Að detta til hugar

Fyrr á árum lét Bibba á Brávallagötunni gamminn geisa á öldum ljósvakans og bætti afbökunum á orðatiltækjum í sarp landans, sem virðist þó stundum vera að bera í bakkafullan lækinn. Mjög vinsælt er til dæmis að detta eitthvað til hugar frekar en að detta í hug eða koma til hugar. Þá heyrir eitthvað í líkingu við: „Mér myndi ekki detta til HUUUUgar að...“. Ekki hefur hins vegar bólað á setningum á borð við: „Hei, mér var að detta eitt til hugar...“. Kannski er það neitunin sem gerir gæfumuðinn, enda dettur aldrei neinum neitt til hugar, nema kannski Bibbu.

magnus@frettabladid.is



Allir eru að hlusta!

Breskur og finnskur matur er gjörsamlega frábær

Úlfar Eysteinnsson matreiðslumeistari segir Berlusconi og Chirac vaða í villu þegar þeir segja breskan og finnskan mat vandan. Milliríkjadeila er í uppsigli-
ngu vegna orða þeirra.

Almenningi í Bretlandi og Finnlandi er nú í nöp við Frakkland og Ítalíu og þó sér í lagi við leiðtoga ríkjanna tveggja. Tilefnið er orð Chiracs Frakklandsforseta og Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, um að breskur og finnskur matur sé óætur. Ástandið í ríkjunum er eldfimt og stappar nærri milliríkjadeilu.

Stjórnmaðlameinn í Bretlandi og Finnlandi hafa ekki viljað tjá sig um yfirlýsingar Berlusconi og Chiracs en leiðarahöfundar blaða hafa tekið tvímenningana á beinið. Úlfar Eysteinnsson, matreiðslumeistari á



Premur frökkum, skilur úlfúð Breta og Finna enda veit hann sem er að um fátt þykir þjóðum vænna en matinn sinn.

Og hann vísar ummælum leiðtoga tveggja út í hafsauga. „Ég hef borðað mína bestu máltíð í Bretlandi og unnið með finnskum kokkum sem eru hreinir snillingar,“ segir Úlfar, þar sem hann stendur yfir pottunum sínum á Premur frökkum. Og eins og það sé ekki nóg hefur Úlfar misjafna sögu að segja af frönskum kokkum. „Ég hef orðið hungurmörð í Frakklandi því ég fann ekki nógu góðan veitingastað.“

Úlfar átelur Berlusconi og Chirac fyrir að hafa sagt þetta en býst helst við því að þeir hafi verið búnir að fá sér aðeins í tána þegar stóru orðin féllu.

„Chirac gagnrýndi líka haggis sem er þjóðarréttur Skota. Það má ekki dæma matreiðslu heillar þjóðar út frá svona löguðu. Það er til dæmis ekki hægt að segja að það sé bara ógeðslegur matur á Íslandi af því að við höfum svið og blóðmör.“

David Barnwell, golfkennari hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, er breskur að uppruna en hefur búið á Íslandi um árabíl. Honum sárnar ekki orð Chiracs en segir þau engu að síður þvælu. „Það er hægt að fá frábæran mat í Englandi og það má ekki miða matreiðsluna þar við aldagamla þjóðarrétti sem kunna að bragðast einkennilega,“ segir hann.

Hin finnska Katri Raakel Taurainen, sem hefur getið sér gott orð í Innlit/útlit á Skjá einum, er sama sinnis og David og Úlfar og bendir á að í sínu föðurlandi tíðkast meðal annars



ÚLFAR EYSTEINSSON „Ég borðaði mína bestu máltíð í Bretlandi og hef unnið með finnskum kokkum sem eru hreinir snillingar.“



DAVID „Það er hægt að fá frábæran mat í Englandi.“



KATRI „Í Finnlandi eru mjög margir æðislega góðir veitingastaðir.“

að baka brauð með fiski inn í. „Það þýðir ekkert að dæma finnska matargerð út frá slíkum réttum,“ segir hún. „Í Finnlandi eru mjög margir æðislega góðir veitingastaðir og finnskir mat-

reiðslumeistarar hafa náð góðum árangri á alþjóða vettvangi.“ Katri sárnaði ekki ummæli þjóðarleiðtoga tveggja, hún hló frekar að vitleysunni í þeim.

bjorn@frettabladid.is

Landsmót harmonikuunnenda hefst í kvöld:

Nikkurnar þandar í Norðfirði

Fjöldi gesta streymir nú til Neskaupstaðar til þátttöku í Landsmóti harmonikuunnenda sem hefst þar í kvöld og stendur til sunnudags.

Nánast allir gístaðir eru fullbókaðir en þrettán af nitján aðildarfélögum Landsambands harmonikuunnenda hafa tilkynnt þátttöku, auk þess sem stórsveit frá Færeyjum sækir mótið sem og fimm unglingsveitir.

Landsmót eru haldin á þriggja ára fresti og draga til sín æ fleiri áheyrendur. Síðasta mót var haldið á Ísafirði og sóttu það um á milli átta hundruð og eitt þúsund gestir. Búið er við að mótsgestir nú verði um eða yfir eitt þúsund.

Félag harmonikuunnenda á

Norðfirði heldur mótið nú en félagið fagnar 25 ára afmæli sínu.

Lag mótsins heitir Á vorléttum vængjum og er það vals eftir Norðfirðinginn Þorlák Friðriksson við ljóð Helga Seljan. Heiðursgestur mótsins er Sören Brix, átján ára dani, sem hefur tvisvar orðið Danmerkurmeistari í harmonikuleik.

Víst er að dillandi harmonikutónar munu óma næstu þrjá daga innan norðfirska fjallahringins og viðbúið að margur muni draga fram dansskóna.

- eg

HORFT YFIR NESKAUPSTAÐ Fótballavöllurinn fyrir miðri mynd verður notaður sem staði fyrir húsbíla.



MYND/ELMA GUÐMUNDSDÓTTIR

Vítisengill Íslands í fangelsi

„Ég hef aldrei óttast þessa menn“



Þeir þegar aðrir þegja!

Tilboðin gilda til 10. júlí eða á meðan birgðir endast

ALI GRILLKÓTELETTUR
1049 KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.

Tilboðin í Bónus! 49

33cl Coca Cola

33cl KR.

ALI úrbeinaður svínahnakki

1049 KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.

30% afsláttur við kassann

SVÍNAKJÖT

BÓNUS SAMLOKA

99 KR.

BÓNUS Samlokur ALLAR TEGUNDIR FRÁBÆRAR Í FERÐALAGIÐ

33cl KR.

Coca Cola

Coca Cola light.

ÚRBEINAÐUR OG KRYDDAÐUR ALI SVÍNAHNAKKI
Grillkryddað Ali svínakjöt
ALI SVÍNAKÓTELETTUR KRYDDAÐAR OG KLÁRAR

79 KR.
2 RÚLLUR

Fis

2 ELDHÚSRÚLLUR

BÓNUS

UNG **haut**

10 stykki 80g ungnautahamborgarar **799** KR.

10 stykki 115g ungnautahamborgarar **1099** KR.

Komid aftur! EKKERT BRUÐ!

HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI

699 KR.

Hangikjöt FRAMPARTUR MEÐ BEINI KF

Pvottaefni - 3 kíló!

299 KR.
3 kíló

yplon ACTIVE

FROSNIÐ OG FÍNIR Í FERÐALAGIÐ

98 KR.
350g

Fjalla lamb FJALLA lærissneiðar **1397** KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN Merkt verð 1995kr.

Hvítlaugs sós **139** KR.
270g

Pipar sós **139** KR.
270g

GOTT Á GRILLI!

PESTO/VILLI **699** KR.
40% afsláttur við kassann Merkt verð 1169kr.

40% afsláttur við kassann

PESTO ROSSO KRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR

259 KR.
1.5 lítr

Hand Fruits

ÁVAXTASÁPA

3 x 500 ml af handsápu

30% afsláttur við kassann

FROSIN HINDBER **129** KR.
300g

FROSIN JARÐARBER **159** KR.
750g

Úrvals rækja

FJÖR FISKUR

úrvals rækja

FJÖRFISKS RÆKJA **499** KR.

SKÚFFUKAKA **199** KR.

hindbær


jordbær

Birgjum okkur upp í Bónus!

SVONA ERUM VIÐ

HÁMARKSHITI Í JÚLÍ

Heimild: Hagstofan



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: FJÖLSKIPAÐUR HÉRAÐSDÓMUR

Talið stuðla að réttaröryggi

Baugsmálið svokallaða verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur sautjándá ágúst. Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara hefur verið falið að dæma í málinu en búið er að gefa út að dómurinn verði fjölskipaður.

Hvað er fjölskipaður dómur?

Í fimmtu grein laga númer 19/199 um meðferð opinberra mála er heimild til þess að fleiri en einn megi dæma í hverju máli í héraðsdómi. Í fjölskipuðum dómi dæma þá þrjú dómarmenn eða fjórir. Hinir tveir dómarmenn eru annað hvort héraðsdómari eða meðdómsmenn með sérfræðipækningu á einhverju sviði sem nýtast má dómnum.



Dómsstjóri ákveður ef þrjú héraðsdómarmenn eiga að skipa dóm en dómari sem fær máli úthlutað getur kvatt til meðdómendurna.

Í hvers konar málum dæmir fjölskipaður dómur?

Fjölskipaður dómur kemur til ef ákærði neitar sök og dómari telur sýnt að niðurstaða geti að verulegu leyti ráðist af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Þetta er gert vegna þess að oft er erfitt að meta hvort framburður vitna og sakborninga á að teljast trúverðugur og talið stuðla að réttaröryggi að ábyrgð á sönnunarmati sé dreift á fleiri herðar. Meðdómsmennirnir eru kallaðir til ef dómari telur þurfa sérkunnáttu í dómi. Einnig má dómstjóri skipa þrjú í dóm ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði.

Af hverju er fjölskipaður dómur í Baugsmálinu?

Einhver af ofangreindum ástæðum liggur að baki því að Baugsmálið verður dæmt í fjölskipuðum dómi. Ekki hefur heldur komið fram hvort dómurinn verður eingöngu skipaður héraðsdómurum eða hvort sérfróður meðdómmandi verður kvaddur með. Ekki er ólíklegt að sérfræðipækningu í viðskiptum þurfi til að ná réttri niðurstöðu í Baugsmálinu.



Frá Arcadia til Somerfield

Húsleit í höfuðstöðvum Baugs fyrir nærri þremur árum kollvarpaði áformum félagsins um kaup á Arcadia, næststærstu fataverslunarkeðju Breta. Nýbirtar ákæru í Baugsmálinu geta hæglega orðið til þess að samsteypan verði að draga sig í hlé í viðræðum um kaup á bresku verslunarkeðjunni Somerfield. Fréttablaðið stíklar á stóru í sögu Baugsmálsins.

FRÉTTASKÝRING
SAGA BAUGSMÁLSINSJÓHANN HAUKSSON
BLAÐAMAÐUR

28. ágúst 2002 – Reykjavík

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerir húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group í Reykjavík. Leitin á rætur í ásökunum Jóns Gerald Sullenberger, forsvarsmanns bandaríska heildsölufrirtækisins Nordica, um auðgunarbrot Tryggva Jónssonar forstjóra og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar stjórnarformanns Baugs. Rannsóknin nær einnig til Jóhannesar Jónssonar.

Rannsóknin beinist að því að Jón Ásgeir og Tryggvi, stjórnendur Baugs Group, hafi látið Baug greiða tilbúna og ranga reikninga vegna kaupa á skemmtibáti í Bandaríkjunum, sem þeir töldust eiga með Jóni Gerald.

Sakargiftir lúta einnig að því að gefinn hafi verið út tilhæfulaus reikningur í nafni Nordica að undirlagi stjórnenda Baugs og hann síðan gjaldfærður hjá Baugi. Samanlagt er um að ræða um 90 milljónir króna á þáverandi gengi.

28. ágúst 2002 – London

Sama dag vinnur Philip Green og félag hans Taveta Investments

Ltd að yfirtökutilboði í fataverslunarkeðjuna Arcadia ásamt Jóni Ásgeiri og Baugi. Þriggja missera tilraunir Jóns Ásgeirs til kaupa á Arcadia virðast ætla að bera árangur í samstarfi við Green, sem Jón Ásgeir hafði sjálfur talið á að vera með í kaupunum. Jón Ásgeir og fleiri eiga þegar í þessum tímupunkti um fimmtung í félaginu. Tilboðið nemur 90 til 100 milljörðum íslenskra króna. Jón Ásgeir bregður sér frá samningagerðinni og fær fregnir af húsleit í höfuðstöðvum Baugs í Reykjavík. Jón Ásgeir segir Green, Stuart Rose, forstjóra Arcadia og öðrum viðstöddum að um smávægilegan vanda sé að ræða heima fyrir.

29. ágúst 2002 – London – Reykjavík

Philip Green og Taveta leggja fyrir stjórn Arcadia lokatilboð um yfirtöku á félaginu og tilkynning þar um er send Kauphöllinni í London.

Fjölmíðlar í Bretlandi birta þá um morgunin frétt um húsleit lögreglunnar í höfuðstöðvum Baugs á Íslandi. Philip Green, Stuart Rose og öðrum viðskiptafélögum Jóns Ásgeirs er brugðið og gremst að Jón Ásgeir skyldi ekki upplýsa þá um málið. Green aftekur að Jón Ásgeir og Baugur geti leitt viðskiptin og kaupin til enda í þessu nýja ljósi. Áreiðanleiki hafi verið dreginn í efa og skaðinn sé skeður. Lögreglurannsókn sé afar alvarlegt mál í heimi viðskiptanna, að

minnsta kosti í Englandi. Green óttast að vandræði Jóns Ásgeirs og Baugs skaði hans eigin veldi og orðstír og litlu máli skipti að Baugur hafi stöðu brotþola. Málið vekur umtalsverða athygli í breskum fjölmiðlum.

Jón Ásgeir, Tryggvi, forstjóri Baugs Group og fleiri eru yfirheyrðir hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

4. september 2002 – London

Philip Green vill kaupa hlut Jóns Ásgeirs og tengdra aðila í Arcadia. Enda samþykki breski fjármálamarkaðurinn ekki þátttöku Jóns Ásgeirs í viðskiptunum í ljósi lögregluágerðanna hjá Baugi. Jón Ásgeir vill ekki ganga að afarkostum og reynir enn samningaleið.

6. september 2002 – London – Reykjavík

Stjórn Arcadia ákveður að mæla með tilboði Philips Green, sem hann gerði opinberlega degi áður. Tilboðið nemur alls um 105 milljörðum króna. Í tilkynningu til Kauphallar Íslands kemur fram að Green kaupi liðlega 20 prósent hlut Baugs Group á 408 pens hlutinn eða fyrir um 21 milljarð króna. Jón keypti sína fyrstu hluti í félaginu á innan við 40 pens hlutinn. Green og Taveta Investments gengur vel að fjármagna kaupin. „Ég gerði Jón Ásgeir að ríku manni. Getur hann beðið um meira?“ er haft eftir Philip Green.

Dótt upphafleg áform Jóns Ásgeirs og félaga hafi ekki gengið eftir er hagnaðurinn af viðskiptunum mikill eða nærri átta milljarðar króna.

1. mars 2003 – Reykjavík

Fréttablaðið birtir gögn sem sögð eru benda til þess að Davíð Oddsson forsætisráðherra hafi vitað um Jón Gerald Sullenberger átta mánuðum fyrir húsleitina í höfuðstöðvum Baugs. Davíð hefði að vísu talað um Jón „Gerhard“ Sullenberger í samtali við Hrein Loftsson á fundi í London í ársbyrjun 2002. Hreinn varaði stjórn Baugs við einhvers konar yfirvofandi ágerðum samkeppnisfyrirvalda gegn félaginu eftir fundinn með Davíð í London. Fram kom meðal annars í minnisblaði af stjórnarfundum, að Þorgeir Baldursson, þáverandi stjórnarmaður í Baugi og formaður fjárflokkunarnefndar Sjálfstæðisflokksins, hefði talað um að „valdamiklir aðilar í viðskiptalífnum hefðu miklar áhyggur“ vegna forsætisráðherra.

3. mars 2003 – Reykjavík

Davíð Oddsson forsætisráðherra er gestur í fyrsta þætti Morgunvaktar Ríkisútvarpsins. Þar segir Davíð meðal annars: „Ég get sagt frá því, að á þessum fundi okkar Hreins Loftssonar, fyrst þú nefnir hann, þá sagði hann mér frá því, að Jón Ásgeir í Baugi hefði sagt sér, að það þyrfti að bjóða mér 300 milljónir króna gegn því að ég léti af ímyndaðri andstöðu gegn fyrirtækinu. Ég lét nú Hrein segja mér þetta tvisvar og hann sagði mér það tvisvar, að Jón forstjóri hefði nefnt við sig, að það þyrfti að bjóða mér 300 milljónir króna. Ég var nú svo þrumulostinn og Hreinn sjálf sagði þá það nú og sagðist hafa sagt við forstjórnann: Þú þekkir ekki forsætisráðherrann. Það þýðir ekkert að bera á hann fé. Þá hafði Jón þessi að sögn Hreins Loftssonar sagt: Það er enginn maður, sem stenst það að fá 300 milljónir, sem hvergi koma fram, hvergi er greiddur skattur af og greiddar eru inn á reikning hvar sem er í heiminum.“

4. mars 2003 – Reykjavík

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, segir meðal annars í samtali við Morgunblaðið: „Þá gat ég þess, að Jón Ásgeir hefði sagt í hálfkæringi, að það væri kannski rétt að borga honum (Davíð) 300 milljónir inn á reikning í útlöndum... Þetta ítrekaði ég við hann í morgun, þegar Davíð hringdi í mig áður en hann fór í útvarpið. Þá ítrekaði ég að þetta hefði verið sagt undir þessum kringumstæðum í hálfkæringi og engin alvara hefði verið á bak við.“

Jón Ásgeir segir sama dag í viðtali við Morgunblaðið: „Það má hugleiða hvers vegna forsætis-

ráðherra kemur fram með slíkar ásakningar núna, snemma á mánuðagsmorgni. Mér sýnist að forsætisráðherra hafi kannski lent í hverjum vandræðum með það hvornig hann ætti að svara því sem fram kom í Fréttablaðinu á laugardaginn, um að hann hafi á þessum fundi með Hreini í fyrra rætt um Jón Gerald Sullenberger og Nordica. Því tel ég að forsætisráðherra hafi samið þessa sögu um helgina og mætt með hana í morgunútvarpið.“

30. september 2003 – London

Meint innherjasvik hjá bresku verslunarkeðjunni Iceland, hlutdeildarfélagi Baugs Group, rannsókuð hjá opinberri stofnun í Englandi sem fæst við efnahagsbrot.

17. nóvember 2003 – Reykjavík

Fulltrúar embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins og lögreglunnar, 15 til 20 manns, gera húsleit hjá Baugi Group og Gaumi. Krafist er að afhent verði bókhalð og fylgiskjöl þess og önnur gögn er varða reksturinn 1998-2002. Bréf, tilboð, samningar og fleira einnig tekið af lögreglunni.

29. apríl 2004 – Lúxemborg

Lögreglan í Lúxemborg leggur hald á gögn um Baug og Gaum í Kaupthing Bank í Lúxemborg. Liður í rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

7. janúar 2005 – Reykjavík

Baugi Group er gert að greiða um 465 milljónir króna við endurálagningu ríkisskattstjóra fyrir árin 1998 til 2002. Forsvarsmenn Baugs segja að megnið af þeirri fjárhæð sem félaginu sé gert að greiða sé vegna vantalins söluhagnaðar við samruna Hagkaupa, Bónuss og fleiri félaga þegar Baugur var stofnaður 1998.

1. júlí. 2005 – Reykjavík

Sex manns eru ákærðir í Baugsmálinu, þeirra á meðal Jóhannes Jónsson og börn hans Jón Ásgeir og Kristín. Að auki Tryggvi Jónsson fyrrverandi forstjóri Baugs og endurskoðendurnir Stefán Hilmarsson og Anna Þórðardóttir. Tæplega þriggja ára rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra er þar með lokið. Ákæran er í 40 liðum en ekki birt.

6. júlí 2005 – Reykjavík – London

Bresk blöð segja samstarf við Baug Group um kaup á Somerfield-keðjunni í uppnámi vegna kæru á hendur forstjóra Baugs. Mikió er fjallað um ákærunar og einstök efnisatriði í breskum fjölmiðlum. Viðmælendur Fréttablaðsins í London segja umræðuna sérstaklega slæma fyrir Baug en einnig fyrir aðra Íslendinga í viðskiptum þar. Danskir fjölmiðlar eru einnig farnir að fjalla um málið. ■

JetRest
www.thejetrest.com

Ferðalag út af fyrir sig!

JetRest lúxus ferðapúði, margverðlaunaður ferðafélagi

Útsöluastaðir m.a.:

- Fríhöfn Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Ellingsen Grandagarði • Nýja Skátubúðin Faxafeni 8
- 66°Norður Sjóklæðagerðin Faxafeni 12 og Miðrauni 11
- Remedia Verslun Suðurlbr. 52 • SmáraSkóari Smáralind

• Fiskislóð 26
• Sími: 551 4680
• www.sturlaugur.is

Sturlaugur Jónsson & Co

80 ára 1925 - 2005

TILBOÐ

ACE SE



- Örgjörvi** 3500+ AMD Athlon 64 - S939
- Vinnsluminni** 640k flýtiminni og 1600FSB+HT
- Harðdiskur** 1GB DUAL DDR400 frá Corsair
- 400MHz minni með lífstíðarbyrgð
- 250GB SATA II - 300MB/s**
- WD 7200RPM SE með 16MB buffer
- Skjákort** 2.STK MSI Geforce NX6600GT
- 2x128MB 1GHz DDR3 og með TV-ú
- Skjár** 17" LCD Acer (1715)
- 500:1 í skerpu, 12ms og silfurlitur
- DVDskrifari** 16xDVD±/DL skrifari
- Les og skrifar DVD og CD diska
- Hljóðkort** 7.1 Sound Blaster Audigy 2
- Frábært í leiki og bíómyndir
- Hátalarar** 7.1 Creative T7900 hátalarakerfi
- 7 hátalarar og risa bassabox
- Netkort** Dual Gigabit netkort
- Innbyggð hraðvirk netkort
- Stýrikerfi** Windows XP PRO eða XP64
- Á íslensku eða ensku, þitt er valið

- 64BITA KRAFTUR**
- Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bitu tækni, Hyper Transport og 1600FSB
- TVÖ SKJÁKORT**
- 2. STK GeForce6 6600GT skjákort að vinna sem eitt ofur öflugt skjákort með SLI tækni
- 250GB SATA II 16MB**
- Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari, áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari
- 7.1 HLJÓÐKERFI**
- Einstaklega öflugt Creative Labs Dolby Digital 92W RMS hljóðkerfi með 7 hátölurum og risa bassaboxi



VERÐ 199.900

ACE - K8 TILBOÐ 3



VL15
Samváls kr. 155.169
9.993

3500+ Athlon64 örgjörvi 640K • 1GB DUAL DDR400 minni
250GB WD SE SATA II 300MB/s harðdiskur • 17" LCD skjár
256MB Geforce6 NX6600 PCI-Ex16 • 16xDVD±/DL skrifari
Dolby Digital 7.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi • Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 149.900

ACE - P4 TILBOÐ 5



VL12
Samváls kr. 155.169
12.492

3.4GHz Intel P4 Prescott með 1MB flýtiminni • 1GB DUAL DDR2 533MHz minni • 250GB WD SE SATA II harðdiskur
17" LCD skjár • 256MB Geforce6 NX6600 PCI-Ex16
16xDVD±/DL skrifari Dolby Digital 7.1 hljóðkort • Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 149.900

ACE - K7 TILBOÐ 1



1.8GHz AMD Duron örgjörvi • 128MB DDR minni • 40GB harður diskur • 52x hraða geisladið • 17" CRT skjár
64MB S3 Unichrome skjákort
Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 49.900

ACE - K7 TILBOÐ 3



VL12
Samváls kr. 82.708
6.658

2500+ AMD Sempron örgjörvi • 512MB DDR400 minni • 200GB harður diskur • 16xDVD±/DL 4x skrifari • 17" CRT skjár
128MB GeForce skjákort • sjónvarpskort
Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 79.900

ACE - K8 TILBOÐ 2



VL15
Samváls kr. 124.119
7.993

3200+ AMD Athlon64 örgjörvi • 512MB DDR400 minni • 250GB harður diskur • 16xDVD±/DL 4x skrifari • 17" LCD skjár • 128MB ATI Radeon X300 skjákort
Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 119.900

ACE - P4 TILBOÐ 4



VL15
Samváls kr. 134.466
8.660

3.0GHz Intel P4 540 Prescott örgjörvi • 512MB DDR400 minni • 250GB SATA2 harður diskur • 16xDVD±/DL 4x skrifari • 17" LCD skjár • 256MB GeForce6 NX6200 skjákort
Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 129.900

VI frá kr. 166

Á tilboði með tölvu - Internet Security 2005

VERÐ 2.990

VI frá kr. 994

Office 2003 fyrir 3 vélar með vaxtalausri tölvu

VERÐ 17.900

VI frá kr. 994

iP4000 ljósmyndaprentari með vaxtalausri tölvu

VERÐ 17.900

VI frá kr. 388

Canon Lide 20 borðskanni með vaxtalausri tölvu

VERÐ 6.990

VI frá kr. 277

Logitech Extreme Pro með vaxtalausri tölvu

VERÐ 4.990

Hive

2GB download 4MB tenging

HiveLite

kr. 3.990* á mánuði

*M.v 12 mánaða samning á kreditkort eða með greiðsluseði

VERÐ 7.990

VI frá kr. 444

Kworld sjónvarpskort með vaxtalausri tölvu

VERÐ 7.990

MasterCard

VISA

*Vaxtalaust tilboð er miðað við 6 til 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3.5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem dreiftist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK

Noátúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI

Glerárgötu 36
Sími 464 7400


KEFLAVÍK

Hafnargötu 90
Sími 534 7400

VISA OG EURO RAGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPÍ VINGAR BIRT MEÐ FERRIÐA LÍM BRETINGAR OG PENTILLUR

SKULDASTAÐAN

> SKULDIR HEIMILA SEM HLUTFALL AF RÁÐSTÖFUNARTEKJUM 1980-2004



neytendur

og hagar heimilanna

Hvað skal varast við kaup gegnum netið?

Alþjóðlegu neytendasamtökin, Consumer International, hafa tekið saman helstu atriði sem hafa ber í huga þegar vörur eða þjónusta er keypt gegnum netið en nú loks hefur verslun á netinu tekið þann kipp sem búist var við fyrir nokkrum árum síðan.

Tæknisinnadír nýjungagjarnir Íslendingar eru framarlega í flokki þeirra sem kaupa vörur í æ ríkari mæli gegnum netverslanir. Öryggi flestra viðskipta þar er mun tryggara en margur heldur og milljónir manna kaupa þar vörur án vandkvæða á degi hverjum. Hafi fólk sama fyrirvara á sér þegar verslað er á netinu og í venjulegri verslun er fátt sem komið getur upp á. Þar að auki greiða flestir fyrir við-



skipti þar með kreditkortum og komi upp vandamál getur neytandinn dregið greiðslu eða neitað að greiða fyrir en viðkomandi vara eða þjónusta hefur skilað sér eins og við var búist. Consumer International telja fram fimm atriði sem hafa skal í huga þegar kaup standa fyrir dýrum:

- * Ekki trú á öllu sem þú lest: Margar vefsíður lofa gulli og grænum sem oftar en ekki eru orðin tóm. Gamla máltækið um að sé það of gott til að vera satt á alltaf við.
- * Gerðu samanburð: Leitid upplýsinga á fleiri en einu vefsetri og helst einnig í venjulegum verslunum sem selja viðkomandi vöru.
- * Hver er seljandinn: Reyndu að finna út hver rekur vefverslunina enda sést þá oft hvort um þekkt fyrirtæki er að ræða eður ei.
- * Eru uppgæfnar upplýsingar ábyggilegar: Myndaðu þér þína eigin skoðun eftir að hafa farið gegnum síðuna. Ef vafi leikur á leitaðu annað með viðskiptin.
- * Hver er áhættan: Ef viðskiptavinur þarf að gefa upp ýmsar persónulegar upplýsingar er best að kanna hvernig farið er með þær upplýsingar. Sama gildir hér að ef farið er fram á upplýsingar sem koma viðskiptinum ekkert við er mál að staldra við.

ERLENDAR FERÐALEITARVÉLAR VÆNLEGUR KOSTUR:

Sumarleyfi á tilboðsverði

Tækifæri til ferðalaga á hagstæðum kjörum hafa sjaldan eða aldrei áður verið jafn aðgengileg Íslendingum eftir að lágjaldsflugfélagið Iceland Express hóf starfsemi og samkeppnisaðili þeirra hér á landi lækkaði verð sín. Geta þess vegna ævintýragjarnir ferðalangar valið úr miklum fjölda ferðalaga víða um heiminn á kostakjörum með því að nýta sér þær fjölmörgu leitarvélar sem sérhæfa sig í flugferðum og ferðalögum. Er þar hægt að finna kostakjör hvern einasta dag og afar auðvelt að setja saman pakkaferð með litlum tilkostnaði.

Þrjár þær stærstu eru Expedia.co.uk, Travelocity.co.uk og Orbitz.com en auk þeirra eru Travelprice.es, Lastminute.com, Kayak.com, Sidestep.com og

Mobissimo.com einkar góðar. Á öllum er hægt að leita ferða frá nánast hvaða flugvelli sem er hvert í heim sem er og má þar finna ýmis tilboð sem vandfundin yrðu meðal íslenskra ferðaskrifstofa. Nýleg dæmi eru vikuferð á fimm stjörnu hóteli í Egyptalandi á 38 þúsund frá Bretlandi. Tveggja vikna ferð til Dóminíska lýðveldisins á hóteli með öllu innifalið á tæpar 60 þúsund krónur frá Bretlandi og svo má lengi telja. Þrátt fyrir þann aukakostnað sem fylgir því að fljúga héðan geta áhugasamir vikkað sjóndeildarhring sinn umtalsvert með hagkvæmum hætti með því að fylgjast með þeim tilboðum sem finnast á viðkomandi vefsíðum.

- aðe



Golfklúbbbar höfnuðu þúsund umsóknnum

Allt að þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu eru á biðlista í sumar til að gerast meðlimir í golfklúbba. Þrjú 18 holu golfvelli þyrftu að vera til viðbótar í nágrenni Reykjavíkur til að anna eftirspurn.

NEYTENDUR Það er góð ástæða fyrir því að talað er um bakteríu eða sýki þegar fjallað er um þann sístækkandi hóp fólks sem stundar golfíþróttina sér til heilsuþótar og ánægju. Þeim sem verst er komið á um geta ekki á sér heilum tekið fyrir en einn hringur á vellinum er undir belti. Er áhugi margra svo ákafur að heilu fjölskyldurnar sýkjast í kjölfarið sem útskýrir hvers vegna golf er mest vaxandi íþrótt á landinu.

Gott dæmi um vinsældir íþróttarinnar er að þrátt fyrir að golfklúbbbar í nágrenni höfuðborgarsvæðisins hafi undanfarin ár gert sitt besta til að fjölga meðlimum giskar þjónustustjóri Golf-sambands Íslands, Hinrik Hilmarrson, á að allt að þúsund um-

sóknnum hafi þurft að hafna á þessu ári.

„Óskastaðan er að hér í nágrenni höfuðborgarinnar væru þrjú 18 holu golfvelli til viðbótar. Þá fyrst væri hægt að gera öllum sem áhuga hafa til hæfis og álag á þá golfvelli sem fyrir eru kæmist í eðlilegt horf.“

Eins og sakir standa liggja fyrir áætlanir um stækkun tveggja valla á höfuðborgarsvæðinu. Annars vegar hjá í Garðabæ og í Mosfellsbæ. Það hrekkur þó skammt enda bætast tugir ef ekki hundruðir manna í hóp golfáhugamanna á hvert.

Verðlag á höfuðborgarsvæðinu endurspeglar þessa eftirspurn og eru vallar- og ársgjöld þar tvö- til þrefalt dýrari en á öðrum völlum

landsins. Þeir eru líka að mestu leyti stærri og betri enda meirihluti valla á landsbyggðinni aðeins níu holur og viðhald og umhirða minni en gengur og gerist hjá stærri klúbbunum. Þó eru undantekningar á því og vellirnir á Hellu og Akureyri jafnast að mestu á við það sem best gerist fyrir sunnan.

Á höfuðborgarsvæðinu eru enn fremur einu klúbbarnir sem heimta sérstakt inntökugjald af nýjum meðlimum en engar haldberar skýringar fengust á því gjaldi nema að á flestum stöðum er innifalið námskeið fyrir nýliða áður en leyfi fæst til að spila á stærri völlum.

albert@frettabladid.is

	Dýrast		Ódýrast
Höfuðborgarsvæðið			
Ársgjald	55.000	Golfklúbbur Reykjavíkur	40.000
Vallargjald	6.000	Golfklúbburinn Oddur	3.300
Reykjanes			
Ársgjald	46.000	Golfklúbbur Suðurnesja	28.000
Vallargjald	3.500	Golfklúbbur Grindavíkur	1.800
Vesturland			
Ársgjald	45.000	Golfklúbburinn Leynir	17.500
Vallargjald	3.000	Golfklúbburinn Leynir	1.800
Vestfirðir			
Ársgjald	34.000	Golfklúbbur Ísafjarðar	15.000
Vallargjald	2.000	Golfklúbbur Ísafjarðar	1.000
Norðvesturland			
Ársgjald	35.000	Golfklúbbur Sauðárkróks	14.000
Vallargjald	2.000	Golfklúbbur Sauðárkróks	1.000
Norðausturland			
Ársgjald	42.000	Golfklúbbur Akureyrar	25.000
Vallargjald	3.000	Golfklúbbur Akureyrar	1.500
Austurland			
Ársgjald	30.000	Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs	19.000
Vallargjald	2.000	Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs	1.000
Suðurland			
Ársgjald	40.000	Golfklúbbur Vestmannaeyja	10.000
Vallargjald	2.800	Golfklúbbur Þorlákshafnar	1.500
		Vík, Laugarvatn	



Vikann

Aðeins 599 kr.

ný og fersk í hverri viku

Lífisreynslusaga • Heilsa • *Þeska* • Matur • Krossgátur

Vikann

26. Júní 2005, 6. Júní 2005

Alma Guðmundsdóttir um frægðina, ástina og samskiptin við hinar Nýlan-plúmar

Lífið breyttist á einni nóttu!

Hvernig vinkona ertu? Skoðuðu týpurnar!

Er kærastinn að gera þig villaus? Þannig áttu að bregðast við!

Konurnar á bak við aðþrengdar húsmæður

Pau kynntust á Netinu! Og hún ætlar að nytja til hans

10 góð ráð fyrir þreytta fætur

Notar þú rétta stærð af brjóstahaldara? Þannig mælir þú með hjálp Vikunnar!

Íslensk fjölskylda í fátækasta ríki heims

Glæsýning í Skautahöllinni

Það sem þú vissir ekki... Þorhildur Þorleifsdóttir

Persónuleikaprófið

Náðu í eintak á næsta sölustað

Bílalán Lýsingar:

Reiknivél biluð

NEYTENDUR Í síðustu viku gerði Neytendasíðan úttekt á þeim bílalanum sem í boði eru fyrir almennig hér á landi en þegar til kom reyndust upplýsingar þær er neytendur fá á vefsíðum lánafyrirtækja ekki alls kostar réttar og vart samanburðarhæfar.

Í þeirri úttekt reyndust bílalan Lýsingar hlutfallslega dýrust en komið hefur í ljós að reiknivél fyrirtækisins á netinu gefur vitlaus útreikninga. Er verið að vinna að lagfæringu og standa vonir til að eftir helgina verði aftur hægt að reikna út réttar upplýsingar um bílalan fyrirtækisins.

- aðe

Tékkhefti óðum að hverfa

NEYTENDUR Stakkaskipti hafa orðið á greiðsluvenjum Íslendinga á þeim tíu árum sem liðin eru síðan debetkort voru fyrst kynnt til sögunnar en kortin eru komin langleiðina með að leysa tékkheftin alfarið af hólm.

Samkvæmt upplýsingum frá Reiknistofu bankanna og Samtökum banka og sparisjóða voru skráðar tæpar 30 milljón tékkafærslur á Íslandi 1993 en árið eftir hófst fyrst útgáfa debetkorta hér á landi. Rúmum tíu

árum síðar á síðasta ári voru tékkafærslur aðeins ein og hálf milljón meðan debetkortafærslur 2004 voru alls um 53 milljónir talsins.

Landinn er afar framarlega hvað þetta varðar að sögn Guðjóns Rúnarssonar hjá Samtökum banka og sparisjóða en helstu nágrannaþjóðir nota tékkhefti enn í talsverðum mæli og öll bankaþjónusta hér á landi er því skilvirkari en víða erlendis.

- aðe



ÁVÍSANIR Á UNÐANHALDI Æ færri Íslendingar nota greiðslutækka í viðskiptum sínum.

Flottar vespur á ótrúlegu verði

Vespa 50 cc

Vélarategund: Tvígengis, eins cylenders, loftkæld
Slagrými: 50 cc
Bore/Stroke: 40 mm x 39,2 mm
Hámarksafl: 3,1 Kw
Hámarkshraði: 45 km
Blöndungur: Mikuni VM16, single
Þjöppun: 7.8/1
Smurning: 2T-Engine Oil
Kveikjukerfi: Rafstýrð kveikja
Start: Rafmagns/fótstart
Gírskipting: Sjálfskipt
L/B/H: 1710/670/1080 mm
Sætishæð: 810 mm
Hjólabil: 1250 mm

Veghæð: 130 mm
Eigin þyngd: 74 kg
Fram/aftur demparar: Telescopic fork/Unitrack Suspension
Fram/aftur bremsur: Diskur/skálar
Bremsukerfi: Sjálfstætt bremsukerfi
Fram/aftur dekk: 120/70-12" og 130/70-12"
Bensín tankur: 2.50 L



VISA EUROCARD MasterCard raðgreiðslur í allt að 36 mán
189.999 kr
með skráningu



Eyðir **10x** minna en meðal bíll

- Fljótlegt
- Þægilegt
- Ekkert vesen
- Auðvelt að finna stæði



TILBOÐ
9.999 kr
Verð áður 14.999,-

JDBUG

Rafmagnshlaupahjól

Model: ES-456
Óbrotið: 940 mm x 140 mm x 265 mm
Brotið: 905 mm x 140 mm x 100 mm
Þyngd: 9,78 kg m/rafhlöðum
Hámarkshraði: 12 km/klst.
Meðalending hleðslu: 30 mín.

Burðarþol: 55 kg
Mótor: 12V 80Watt DC
Dekkjastærð: 6" loftfyllt
Rafgeymir: 6V/7AH x 2
Hleðslutími: 8 klst.
Bremsur: Afturbremsur
Drifbúnaður: Beltadrifið

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Forsætisráðherra skipar nefnd um starfsemi stjórnmalaflokkanna.

Allt skal vera uppi á borðinu

Loksins virðist einhver hreyfing vera komin á að sett verði lög um starfsemi stjórnmalaflokka hér á landi. Þetta hefur verið margrætt mál á undanförunum árum og flokkarnir ekki allir verið sammála um hvernig taka skuli á málinu. Sjálfstæðismenn hafa haft minnstan áhuga á slíku en talsmenn Samfylkingarinnar haft sig mest í frammi varðandi það. Framsóknarmenn komu svo með óvænt útspil þessu tengt, þegar þeir ákváðu skyndilega í vetur að ráðherrar og alþingismenn flokksins skyldu gera opinberlega grein fyrir fjárhag sínum og tengslum við fjármálalíf. Þetta gerðist ekki löngu eftir að miklar umræður urðu í Danmörku um fjármál ráðherra dönsku ríkistjórnarinnar, samkvæmt ákvörðun Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra.

Það hefði fyrir löngu síðan átt að vera búíð að leiða í lög reglur um fjármál stjórnmalaflokkanna. Þetta hefur verið gert í nágrannalöndunum og Evrópuráðið samþykkti fyrir tveimur árum að beina því til aðildarríkjanna að setja reglur gegn spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmalaflokka og kosningabaráttu.

Það hefði fyrir löngu síðan átt að vera búíð að leiða í lög reglur um fjármál stjórnmalaflokkanna. Þetta hefur verið gert í nágrannalöndunum og Evrópuráðið samþykkti fyrir tveimur árum að beina því til aðildarríkjanna að setja reglur gegn spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmalaflokka og kosningabaráttu.

Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður Samfylkingar hefur oft gert fjármál stjórnmalaflokkanna að umræðuefni innan þings og utan. Hún bað um skýrslu frá forsætisráðherra á síðasta þingi, og lagði Halldór Ásgrímsson hana fram undir lok síðasta þings. Þar komst hann svo að orði að stjórnmalaflokkarnir séu hornsteinn lýðræðis í landinu og forsenda heilbrigðrar og eðlilegrar stjórnmalumræðu.

Stjórnmalaflokkarnir þurfa að hafa lagaramma til að starfa eftir og þeir þurfa líka að hafa fjármagn til að halda uppi starfsemi sinni. Flokkarnir hafa verið ákaflega misjafnlega settir hvað þetta varðar og engum hefur dulist stuðningur ákveðinna afla við ákveðna stjórnmalaflokka. Þannig hafa kaupþýslumenn gjarnan stutt Sjálfstæðisflokkinn og samvinnuhreyfingin meðan hún var og hét studdi Framsóknarflokkinn ljóst og leynt. Þess vegna var það óheppilegt að dragast skyldi úr hófi að Framsóknarflokkurinn fengi afsal fyrir höfuðstöðvum sínum sem keyptar voru af Ólíufélaginu sem eitt sinn var angi af samvinnuhreyfingunni. Flokkurinn hefur nú greint frá aðdraganda húsakaupanna, en allt slíkt þarf að vera uppi á borðinu þegar um stjórnmalaflokka er að ræða.

Í framhaldi af skýrslu forsætisráðherra um fjárfrahlög til stjórnmalastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmalaflokka hefur ráðherra nú skipað nefnd til að fjalla um þessi mál. Nefndin þarf að hafa snör handtök og skila niðurstöðum eigi síðar en í haust, svo hægt verði að koma þessum málum í lagalegan úning í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári. Öll leynd og pukur í þessum málum gerir ekki annað en að sá fræjum tortryggni. ■



Útsalan
hefst í dag

PERSONA
Hálmargötu 29 Keflavík
Sími 421 5099

FRÁ DEGI TIL DAGS

Djöflaeyjan Fyrir á þessu ári bættist nýtt íslenskt vefrit í flórana á netinu. Það heitir Djöflaeyjan og vefvangið er djöflaeyjan.com. Að ritinu standa fimm nemendur í Háskóla Íslands, tveir laganemar, einn verkfræðinemi, einn lækninemi og einn heimspekinemi. Þeir segjast vilja bjóða upp á efni af almennum toga fyrir alla sem lesa vilji og leggja áherslu á að Djöflaeyjan sé ekki flokksrit af neinu tagi. Fjölbreytni segja þeir að eigi að vera lykilorðið í ritstjórnarstefnunni og taka sérstaklega fram að þeir vilji að íslenskt mál fái að njóta sín á vefnum. Leitast



verði við að halda tryggð við hefðbundna stafsetningu og málnotkun.

Aftaka í fjölmiðlum Gestapenni þessarar viku á Djöflaeynni, Magnús M. Norðdahl hæstaréttarlögmaður, gerir að umtalsefni mikinn og sífellt vaxandi fréttalutning af afrotamálum. Ekki er hann hrifinn af vinnubrögðunum, og segir: „Skoðun mín er sú, að hinn góði ásetningur eða jafnvel óvilji sem áður rak fréttamenn til þess að fjalla um afrot og örlög afrotamanna hefur snúist í almenningskarnival opinberra framkvæmdar á refsingum, líkt og gerðist fyrrum. Nú fer aftan jafnvel fram áður en dómur er uppkveðinn og hefur ef eitthvað er sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum“.

Ile du Diable Nafnið Djöflaeyjan minnir líklega marga á samnefnt verk Einaris Kárasonar rithöfundar sem leikrit og kvikmynd hafa verið gerð eftir. En heitið á sér langa sögu. Fyrir utan strönd Guayana, sem áður var frönsk nýlenda, er klettaeyja sem heitir *Ile du Diable* eða Djöflaeyja. Þarna geymdu Frakkar sakamenn, aðallega pólitíska fanga, fyrir á öldum. Frægastur þeirra mun Alfred Dreyfus (sem Emil Zola kom til varnar í hinni frægu grein „Ég ákæri!“). Frá eyrni var ómögulegt að strjúka, og einmitt þess vegna urðu tilraunir í þá veru vinsælt söguefni í reyfurum og kvikmyndum um áratugaskeið, og eru kannski enn. „Djöflaeyja“ varð smám saman vinsælt hugtak í skáldskap og þjóðfélagsádeilu, enda margrætt og hentar vel til síns brúks.

gm@frettabladid.is

Kannski tuttugu manns

Ég hafði komið mér vel fyrir í sæti mínu og sat þar niðursokkinn í blað, þegar hann settist við hlið mér, spenniti beltið og byrjaði að spjalla við mig. Ég minnst þess ekki að hafa hitt hann áður, þótt ég þekkti hann af afspurn, enda er hann einn af virðingarmönnum íslensks atvinnulífs og vel tengdur. Vélin var varla komin í loftið, þegar hann sagði mér þetta í óspurdum fréttum: bráðum fellur stærsta bomba, sem fallið hefur á íslenskt samfélag frá öndverðu. Ég lagði frá mér blaðið. Það verður gefin út ákæra á hendur sex mönnum, sagði hann og nefndi þá alla. Mér þótti þetta fróðlegt m.a. vegna þess, að þrjú nafnanna hafði ég aldrei heyrð nefnd. Þetta geturðu varla vitað með vissu nema fyrir leka frá lögreglunni, sagði ég. Hann sagði: það vita þetta kannski tuttugu manns. Og þá er ég hinn tuttugasti og fyrsti, hugsaði ég, án þess að hafa hugmynd um, hvaðan mér kæmi þessi upphæfð að vera trúað fyrir yfirvofandi ákæru ríkislögreglustjóra á hendur sex mönnum í máli, sem miklir stjórnmalahagsmunir virðast vera bundnir við. Þetta háloftaspjall rifjaðist upp fyrir mér um daginn, þegar ríkislögreglustjóri birti ákærana á hendur sexmenningunum, hinum sömu og sessunautur minn í flugvélinni hafði talið upp.

Hvað átti ég að halda? Reynum að setja málið í samhengi. Íslendingar eru Rússar. Við bjuggum eins og þeir um áratugaskeið við hagkerfi, sem ríkið njórvæði svo niður, að einfaldar athafnir eins og að kaupa sér gjaldeyri til utanferðar eða taka sér lán í banka til að byggja bílskúr útheimtu opinbert leyfi eða a.m.k. samþykki, og þá kom sér vel að vera í réttum samböndum. Þannig lifðu menn lífinu á Íslandi og í Rússlandi allar götur fram yfir 1990, enda þótt sá grundvallarmunur væri vitaskuld á löndunum tveim, að Rússland var staðnað einræðis- og lögregluríki og Ísland var liflegt lýðræðis- og

Í DAG
ÓLÍKT HLUTSKIPTI
AUKYFINGA



ÞORVALDUR
GYLFASON

Hverjum í hópi íslenskra aukkyfinga skyldi nú hafa verið birt opinber ákæra fyrir auðgunarbrot? Það er sá þeirra, sem ekkert hefur þegið af stjórnvöldum svo vitað sé nema frelsið, sem fylgdi EES-samningnum, og jafnframt sá þeirra, sem hætti sér ásamt öðrum inn á helga reiti ríkisstjórnarflokka með því að seilast fyrst eftir banka og stofna síðan Fréttablaðið.

réttarríki. Eigi að síður bar íslenskt efnahagslíf ýmis merki hálfsvæðkrar ofstjórnar og markaðsfirringar. Þessi söguskoðun ætti að vera hafin yfir skýsamlegan ágreining, svo vændileg skil sem þessum þætti hagsögu Íslands hafa verið gerð á prenti, t.d. í ritgerðasafni Péturs Benediktssonar bankastjóra, *Milliliður allra milliliða* (1959), og einnig í bókum sagnfræðinganna Jakobs F. Ásgeirssonar, *Þjóð í hafti* (1988), og Ólafs Ásgeirssonar, *Iðnbylting hugarfarsins* (1988). Miðstýringin á mörgum sviðum hér heima og miðstjórnin fyrir austan tjald voru angar á einum og sama meði: þetta var valdatafl.

Bæði löndin losnuðu úr viðjunum um líkt leyti. Rússland losnaði í einum rykk, þegar hagkerfi kommúnismans hrundi til grunna 1991, en

Ísland losnaði í áföngum, fyrsta áfanganum var náð í viðreisnarbyltingunni 1960 og hinum nýjasta með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu 1994. Umskiptin frá miðstjórn til markaðsbúskapar hafa einnig að ýmsu leyti verið keimlík í löndunum tveim. Fáeinir menn hafa auðgast mjög í öldurótinu, sumpart í gegnum einkavæðingu ríkisfyrirtækja og sumpart í gegnum árangursríka rentusókn (olía fyrir austan, fiskur og grænmeti hér heima, svo að dæmi séu tekin). Upp reis í báðum löndum ný stétt aukkyfinga, nýtt auðvald. Þeir tryggðu Jeltsín, fyrsta forseta Rússlands, endurkjör 1996, og löngu með því móti grunninn að veldi Pútíns núverandi forseta. Einn fávaldanna var síðan dreginn fyrir dóm og fundinn sekur um refsivert athæfi og dæmdur fyrir skömmu til fangavistar. Hver? Það var sá þeirra, sem hætti sér inn á yfirráðasvæði Pútíns með því að styrkja stjórnarandstöðuflokka, óháða fjölmiðla o.fl. Hinir fengu að vera í friði, ýmist heima fyrir eða í útlegð.

Hverjum í hópi íslenskra aukkyfinga skyldi nú hafa verið birt opinber ákæra fyrir auðgunarbrot? Það er sá þeirra, sem ekkert hefur þegið af stjórnvöldum svo vitað sé nema frelsið, sem fylgdi EES-samningnum, og jafnframt sá þeirra, sem hætti sér ásamt öðrum inn á helga reiti ríkisstjórnarflokka með því að seilast fyrst eftir banka og stofna síðan Fréttablaðið. Áhlaup ríkisvaldsins gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni í fyrrasumar fór út um þúfur, þegar forseti Íslands neitaði að staðfesta fjölmiðlalögin. Nú virðist standa til að jafna um Jón Ásgeir og fimm menn aðra fyrir rétti. Hvað býr að baki? Kannski bara skortur á virðingu fyrir markaðsbúskap og meðfylgjandi valdreifingu og þá um leið fyrir nauðsynlegri aðgreiningu framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Hver veit? ■

Þögnin um Fjármálaeftirlitið rofin

Niðurstöður
opinberaðar

Stuðlar það að betri fjármálamarkaði?

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLYSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLYSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ísland eitt opnasta land í Evrópu

HJÖRTUR J. GUÐMUNDSSON
SKRIFAR UM MÁLEFNI INNFLYTIENDA

Því hefur verið haldið fram af ýmsum aðilum hér á landi á undanförunum árum að Ísland væri að verða að einhvers konar fasistaríki þegar kæmi að málefnum innflytjenda og að íslensk stjórnvöld reyndu hvað þau gætu til að hindra útlendinga í að koma til landsins. Þessu hefur ekki sízt verið haldið á lofti í umræðum um komur fólks til landsins sem óskað hefur eftir pólitísku hæli. Hafa fjölmiðlar tekið virkan þátt í því að skapa umrædda mynd af stefnu stjórnvalda í þessum efnunum. Var þetta sérstaklega áberandi

Kettlingar fást gefins á góð heimili, 8 vikna og kassavánir. Uppl. í síma 662 1736 eftir kl. 12 á daginn.

Ýmislegt

Ýmislegt
Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eignum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Ódýrt í sólna á Portúgal. Stórglæsilegt raðhús á besta stað í Portúgal fæst leigt dagana 20-27 júlí. Ásampt flugi. Nánar á www.flass.net

Ferðaþjónusta



Fjölskylduparadís

Stór og góð aðstaða fyrir fjölda, felihiysi, húsbíla og hjólihiysi. Sundlaug, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting og veitingar. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg. Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.



Sumarfrí við Eyjafjörð. Allt sem til þarf í gott sumarfrí: Gisting - grill - hestar - reiðhjól - kanó - golf - sund - hvalaskoðun - veiði - gönguferðir - nálægð við vinsæla ferðamannastaði. Gistiheimilið Árgerði við Dalvík. Sími 555 4212 og 862 2109 www.argerdi.com

Besta varðveitta leyndarmálið.

Verið velkomin að Reykhólum. Jónsbúð, sími 434 7890.

Byssur

Browning á Íslandi! Sjöbúðin á Akureyri s. 462 6120, sjá www.sjobudin.is

Fyrir veiðimenn

Lundaháfar.

360 sm tvískipt skaft
kr. 21.810.-

Spækur - kross - net
kr. 12.800.-

Tilboð 27.600.-

Sportvörlagerinn
Skipholt 5 s. 562 8383.

www.sportvorugerdin.is

CORTLAND
Sérfræðingar í fluguveiði
Mærum stangir, splæsnum línar og setjum upp.
Sportvörlagerinn hf.,
Skipholt 5, s. 562 8383.
www.sportvorugerdin.is

póst húsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330**.

Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:

Á virkum dögum:	
101-13 Laugavegur Snorrabraut	107-26 Grandavegur
101-14 Hverfisgata	110-03 Hraunbær
101-21 Blómvallagata Brávallagata Hringbraut Ljósavallagata Ásvallagata	110-17 Urriðakvísl Álakvísl
101-23 Marargata Unnarstígur Öldugata	110-18 Birtingakvísl Bleikjukvísl Bröndukvísl Stangarhylur
101-29 Fossagata Hörpugata Reykjavíkuvvegur Skerplugata Þjórsárgata Þorragata	112-03 Krosshamrar Leiðhamrar Rauðhamrar
101-44 Bræðraborgarstígur Drafnarstígur	112-36 Bakkastaðir
101-45 Blómvallagata Brávallagata Hofsvallagata Hringbraut Ásvallagata	113-08 Gvendargeisli
101-49 Aðalstræti Lækjargata Pósthússtræti Tryggvagata	113-09 Grænlandsleið Jónsgeisli
104-14 Drekaogur Hlunnvogur Njónvasund Sigluvogur	170-02 Lambastaðabraut Nesvegur Tjarnarból Tjarnarstígur
105-04 Háteigsvegur	200-17 Hjallabrekka Nýbýlavegur
105-07 Flókagata	200-58 Auðbrekka
105-18 Barmahlíð Miklabraut	210-01 Haukanes Prastanes
107-01 Hringbraut	210-04 Krúnnes Súlunes Þernunes
107-02 Reynimelur	210-28 Garðatorg Heiðarlund Hofslundur Kirkjulundur
107-06 Grenimelur	210-30 Hlíðarbyggð Lyngmóar
107-07 Birkimelur Reynimelur Víðimelur	240-06 Arnarhraun Borgarhraun Leynisbraut Leynisbrún Staðarhraun
107-08 Tómasarhagi	270-22 Reykjabyggð Reykjamelur
107-10 Dunhagi Fálkagata Smyrilsvegur Prastargata	800-14 Engjavegur Hjarðarholt Réttarholt Stekkholt Vallholt

Veðiportíð



Tilboð á Jaxon tvihendum!
14 fet IM8, grafit 14.500 kr.
15 fet IM8, grafit 15.500 kr.
Lettar og góðar í típu-
veitna og langdyrastar!
Veðiportíð Grandagarði 3.
Sími: 552-9940

**Töfragarðurinn
Stokkseyri**
Húsdýra- og skemmtigarður
Opíð alla daga 10-18



Teymt undir börnum á hestbaki
frá kl. 14-16 um helgar
www.stokkseyri.is
tofrar@stokkseyri.is
483-3800

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Nýjar stórglæsilegar leigubúðir með öllum helstu heimilstækjum. Langtíma-leiga. 3ja herbergja í Hafnarfirði. Sjá heimasíðu Áthaga ehf. www.athagar.is

Til leigu lítil einstaklingsbúð á Víðimel. Laus. Fyrirspurnir í síma 822 5410 eða baldur@netland.is

2ja herb. íbúð á 108 til leigu, sérinnangangur, fyrir par eða einstakling. Eingöngu reyklausir, skilvisir leigendur koma til greina. Sími 581 4970 & 893 3396.

Íbúð til leigu

2ja herb. íbúð í Elstahjalla í Kópavogi til leigu. Laus strax. Uppl. í síma 899 3568 & 897 8450.

Húsnæði óskast

Keflavík

Óskum eftir að leigja góða íbúð eða einbýlishús í Keflavík í 3-5 mánuði.
Getur greitt leigu fyrirfram.
uppl. í síma 860-0822

Læknisfjölskyldu í Noregi bráðvantar 3ja-5 herb. íbúð, raðhús eða einb.h. frá ca. ág.-sept. í 8-12 mán. í Garðabæ, Hafnarfirði eða Kópavogi. Sími 0047-64879525, Gsm 0047-92298273 Email drgudrun@onlin.no

Par sem lokið hefur iðn- og háskólánámi óskar eftir 3-4 herb. íbúð í RVK á sv. 101, 105 eða 107 frá 1. ágúst. Uppl. í s. 847 5404 / 696 8976.

Tvítugur einstaklingur óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð. Uppl. í s. 823 6596.

Par vantar 2ja-3ja herb. íbúð. Greiðslugeta 80-90 þús. á höfuðb. svæðinu. Meðmæli geta fylgt. S. 659 8181, Marjón.

Herbergi eða íbúð óskast til leigu í 3 mánuði fyrir skiptinema á vegum Kennaraháskóla Íslands. Uppl. veitir Guðjón í s. 899 2517 eða 563 3913.

Ungt par óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Reyklaus og reglusöm. Sigurþóra s. 897 1678.

Alþjóðlegt fyrirtæki óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu fyrir framkvæmdastjóra í 3-6 mánuði. Þarf að vera fullbúin húsgögnum. Barnlaus, reyklaus hjón munu dvelja í íbúðinni á leigutímanum. Fyrirfrangreiðsla í boði fyrir rétta eign. Tilboð sendist á info@smartentgroup.com eða í síma +1310.666.7340.

80 til 90 fm íbúð annað hvort á jarðhæð eða í lyftu húsi óskast til langtímaleigu á Rvk. svæðinu af eldri hjónum. Árs fyrirfram greiðsla. Uppl. í s. 892 4627 & 567 4835.

Fertugur karlmaður óskar eftir íbúð. Góðri umgengni og skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s. 699 5643.

Óska eftir 2ja herbergja íbúð miðsvæðis í Rvk frá 10. ágúst. Með langtímaleigu í huga. Erum reyklaus og reglusöm. Greiðslugeta 50-65 þús. Uppl. í síma 847 0324.

Óska eftir 2ja herb. eða stúdíóíbúð á leigu fyrir ca 40 þús. á höfuðborgarsv. sem fyrst eða um næstu mánaðarmót. Uppl. í s. 660 2695.

Þarftu að láta passa íbúðina þína (og húsdýrið) meðan þú ert í sumarleyfi? Óska eftir íbúð í Reykjavík frá ca. 17. júlí til 15. ágúst, eða part af því tímabili. Leigugreiðsla eða leiguskipti á Akureyri koma einnig til greina. S. 897 1244.

Sumarbústaðir



Bjálkahús 23 og 37 m² + 15m² svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu. Uppl. Altækni s/f 869-9007 Heimasíða www.bjalkahus.com

Atvinnuhúsnæði

Til leigu verslunar/skrifstofuhúsnæði að Súðarvogi 7 Rvk. Húsnæðið sem er 50 fm. er nýstandsett, bjart með stórum gluggum, flisalagt gólf, til afhendingar fljótlega. Upplýsingar veitir Hlynur í síma 824 3040.

Geymsluhúsnæði



Til sölu og leigu nýir og notaðir vinnuskúrar.



ATVINNA

Atvinna í boði

Leikskólinn Sólberg
auglýsir eftir matráði í eldhúsi. Staðan er yfirmannsstaða. Menntun á sviði matreiðslu og lipurð í samskiptum nauðsynleg.
Upplýsingar veitir leikskólustjóri í síma 551 5380.

Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!

Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Papinos Pizza.

Hafnarfirði. Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki. Umsóknareyðublið á staðnum Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði.

Leitum eftir rökum bílstjóra til úrkeyrslu fyrir þvottahúsið okkar. Þarf að vera áreiðanlegur, stundvís og geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 581 4000 og www.solarsservice.org

Múrara

Vantar múrara sem geta unnið sjálfstætt við útimúrverk, innimúrverk og flisalagnir. Uppl. í s. 896 6614.

Sumarvinnna

Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-20 ára. Umsóknir á www.gardlist.is.

Háseta vantar á 200 tonna dragnótar-bát sem keyrður út frá Vestfj. Uppl. í s. 847 3850.

Myndu aukatekjur upp á nokkur hundruð þúsund breyta einhverju fyrir þig? Uppl. í síma 662 0891 fyrir kl. 17 og eftir kl. 21.

Atvinna vesturbær

Starfskraftur óskast við fatahreinsun. Þarf að vera von að strauja, engin hámarksaldur. Uppl. á staðnum. Hraði Fatahreinsun Ægisíðu 115. S. 552 4900.

Bón og þvottur

Óskum eftir vönum starfsmönnum á bófstöð hjá Bilkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Óska eftir fólki í afgreiðslustörf í bakari í Hafnarfirði. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 895 8192 milli 8-17.

Bakari

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakari í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Starfskraftur óskast. Óskum eftir að ráða lípran og góðan mann í sumar-afleysingar á smurstöð og eða verkstæði. Möguleiki á fastri vinnu. Nánari uppl. í síma 895 0020

Duglegur starfskraftur óskast í þrif (hlutastar). Kvöldvaktir og morgunvaktir og önnur hver helgi. Umsóknir sendist grhein@visir.is

Vélstjóra Vantar!

Vélstjóra vantar á 60 tonna humarbat sem rær frá Suðurnesjum, vél 250kw. Uppl. í s. 861 6840 & 896 5830.

Óska eftir vönum manni í hellulagnir og aðra garðvinnu. Upplýsingar í síma 861 2295.

Subway-hlutarstarf.

Vantar fólk í vaktavinnu, kvöld og helgar. Leitum að jákvæðu og lífsglæðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is og á stöðunum

Starfskraftur óskast

Upplýsingar í Drífa Efnalag og Þvottahús ehf, Hringbraut 119 Rvk. eða í síma 562 7740.

Mötuneyti

Óskum að ráða starfsmann í mötuneyti í útibúi KB banka í Garðabæ. Vinnutími er frá 9.30 - 13.30. Nánari upplýsingar gefur Jónas Hvannberg á starfsmannasviði KB banka, sími 444 63 76.

Stýrimann og háseta vantar
Stýrimann og háseta vantar á línubát. Uppl. í síma 863 9357 & 862 2591.

Unglingur óskast í sveit. Svör sendist til DV, Skaftahlíð 24 eða á smaar@fretta-bladid.is. merkt "sveit".

Starfskraft vanan múrverki vantar til starfa við húsavöðgerðir. Uppl. í síma 616 1569.

Vélstjóra með 365 KW réttindi vantar á 140 tonna dragnótarbat. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 & 894 1638.

Ræsting í Hafnarfirði

Fastráðning Byrjar 8. júlí kl. 9:00 til 10:30 mán. til föst. S. 533 6020 rosa@raestir.is

Viðskiptataækifæri

Viltu vinna heima? Hafðu samband. Ragnheiður Ólöf Skaptadóttir www.heilsufrettir.is/ros



Talstöðin
FM 90,9

Grafískur hönnuður óskast í Pálagarði

Auglýsingastofan Vatíkanið auglýsir hér með eftir friskum grafískum hönnuði í fullt starf. Blanda af reynslu, hæfileikum, lífsgleði, gott vald á stafasetningu og aggressjón er það sem settar eru grófur um. Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn sem inniheldur upplýsingar um aldur og fyrri störf, hverra manna þið eruð og hvað þið þykist geta gert. baron@vatikanid.is



HEGGUR
Innréttingar

Trésmiðir.
Vantar góða smiði í inni og útvinnu, einnig vantar vanan smið á verkstæði. Uppl. gefur Sæmundur í síma 893 1424 eða Gyfi í síma 862 1524.



Allt sem þú þarft og meira til

Allt um mat á föstudögum í Fréttablaðinu.

allt



Daiwa



Flugstóng 9,8 fet fyrir línu 7
Fluguhjól, og flugulína
Verð áður kr.21.585
TILBOÐ 14.995

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
SKEIFUNNÍ Sími 833 4450
www.everest.is

Sjóstangaveiði og hvalaskoðun. Tilvalið fyrir vinahópa eða vinnufélaga. Farið frá Reykjavíkurbílinn. Duus Tours. S. 898 9511.

Ódýr og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Handavinna

Gifsmót

Vorum að taka upp nýja sendingu af mótum fyrir gifs. Hestar, maddonur og fleiri. Yfir 100 gerðir. Frábært verð. Tilboð í sumar. 1 frír akrillitur með hverju móti. Seljum einnig gifs, bæði í stórum og smáum einingum.

Glít ehf, Krókhálsi 5 sími 587 5411 www.glit.is

Ýmislegt

Fjarstýrðir Rafmagns og bensínbílar



Verð frá kr. 29.900,-
vdo.is
Borgartún 36 - s: 588-9747

Bylgjan 98.9
Lífsaugað
Þriðjudagskvöld 22-24
Þórhallur miðill



Kynning á tillögu að matsáætlun fyrir efnistöku við Eyvindará, Fljótsháshéraði

Til að mæta vaxandi þörf fyrir fyllingarefni á Egilsstöðum og nágrenni hyggst sveitarfélagið Fljótsháshérað nýta efni úr Eyvindará á næstu árum.

Efnistakan er matskyld skv. 21. tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Vinna við undirbúning mats á umhverfisáhrifum er hafin hjá verkfræðistofunni Línuhönnun og er tillaga að matsáætlun nú til kynningar á vef Línuhönnunar www.lh.is og Verkfræðistofu Austurlands www.verkaust.is sem og á vef framkvæmdaraðila verksins, Fljótsháshéraðs, www.egilsstadir.is. Eintak af tillögu að matsáætlun mun jafnframt liggja frammi á skrifstofu Fljótsháshéraðs að Lyngási 12, Egilsstöðum.

Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við tillögu að matsáætlun til verkfræðistofunnar Línuhönnunar á netfangið olafura@lh.is og til Verkfræðistofu Austurlands á netfangið oli@verkaust.is fyrir 21. júlí, 2005.



Kynning á tillögu að matsáætlun fyrir efnistöku r Ingólfsfjalli í Ölfusíu

Fossvélar ehf. áætla áframhaldandi efnistöku ofan núverandi Þorustaðarnámu. Fyrirhugað efnisvinnslusvæði er um 35.000 m².

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað efnistöku matskylda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Vinna við undirbúning mats á umhverfisáhrifum er hafin hjá verkfræðistofunni Línuhönnun og er tillaga að matsáætlun nú til kynningar á vef Línuhönnunar www.lh.is.

Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við tillögu að matsáætlun til Ólafs Ámasonar hjá verkfræðistofunni Línuhönnun á netfangið olafura@lh.is eða til Magnúsar Ólasonar hjá Fossvélum á netfangið mako@simnet.is. Athugasemdafrestur er til 21. júlí, 2005.

Fossvélar ehf.



Íbúðir óskast

Reykjavíkurborg hefur samið við Félagsmálaráðuneytið um að taka á móti flóttamönnum frá Kólumbíu og fyrrum lýðveldum Júgóslavíu. Vegna komu flóttamannanna til Reykjavíkur óskar Velferðarsvið Reykjavíkurborgar eftir að taka á leigu 3, 4 og 5 herbergja íbúðir á svæði 101, 105 og 108.

Leigutími er til amk 1 árs frá 1. ágúst næstkomandi.

Áhugasamir sendi tilboð merkt leigubúðir til Velferðarsviðs Reykjavíkur, Tryggvagötu 17, (Hafnarhúsið, 3ja hæð) fyrir 15 júlí næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Drífa Kristjánsdóttir verkefnisstjóri í síma 411 9000, netfang: drifa.kristjansdottir@rvk.is

ATVINNA

LEITUM AÐ FORSTÖÐUMANNI



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi óskar eftir að ráða forstöðumann á heimili fólks með fötlun í Grindavík.

Forstöðumaður mun taka þátt í framsæknu þróunarstarfi við mótun þjónustunnar og mæta spennandi áskorunum í starfi. Þá mun nýr forstöðumaður taka þátt í viðtæku samstarfi við aðra stjórnendur hjá Svæðisskrifstofunni og fá öflugan faglegan stuðning í starfi.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur góða samstarfs- og skipulagshæfileika, jákvæðni og drifkraft.

Sjá nánari upplýsingar um starfið á eftirfarandi heimasíðum: <http://www.smfr.is> og <http://www.starfatorg.is>

Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí 2005.



HÚSEIGN

Fasteignamiðlun

OPIÐ HÚS

Vatnsstígur 3b



OPIÐ HÚS í dag frá kl. 17-19

Heiti eignar:

Stærð í fermetrum: 58 - 97,9 fm

Fjöldi herbergja: 2-3

Tegund eignar: Fjölbýli

Húseign kynnis stórglæsilega 2ja -3 herbergja íbúðirvið miðbæ Reykjavíkur í nýuppgerðu bakhúsi við Vatnsstíg.

Nánari lýsing eignarinnar: Gengið er inná flísilagða forstofu// sér geymsla innaf forstofu og þvottahús// stofa og eldhús er ein eining og er með rauðeikarparketi á gólfum, falleg rauðeikareldhúsinnrétting// skemmtilegt svefnherbergi með góðum skápum og þakglugga, virkilega skemmtileg hönnun// baðherbergi með sturtuklefa.

Baldvin Ómar Magnússon tekur á móti ykkur í dag. Nánari upplýsingar í síma 898-1177

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100

MARKAÐURINN

Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ

birta

DV

Talbólinn

VISIR

HVASSALEITI 14 - OPIÐ HÚS



Mög góða 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Opin og björt íbúð með 2 til 3 svefnherbergjum. Flísalagt baðherbergi með þvottaraðstöðu og opnu eldhúsi. Björt og góð stofa með vestur svölum út af. Góð sameign. Verð 19,8 millj.

Jón verður á staðnum á milli kl. 17 og 19



fasteignasala

564 6464

Síðumúla 24 • 108 Reykjavík
hof@hofid.is • www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson
lögg. fasteignasali
Jón Guðmundsson sölustjóri

Falleg 4ra herbergja íbúð á 1. hæð við Vesturgötu Opíð hús á fimmtudaginn 7. júlí, milli kl 20 og 21



Nánari upplýsingar um eignina gefur sölu-
fulltrúi Fasteignakaupa:

Páll Höskuldsson
í síma 864 0500

Komið er inn í opið rými með rúmgóðum skápum. Eldhús er með ljósri, sprautulakkaðri innréttingu og nettum borðkrók. Stofa og borðstofa eru samliggjandi með stórum suðurgluggum. Tvö rúmgöð herbergi með góðum fataskápum. Baðherbergi er með flisum í hólf og gólf, sturtuklefa og góðu skápláss. Beyki parket er á allri íbúðinni fyrir utan baðherbergi og allar hurðir eru nýlegar úr hvíttuðum hlyn.

Sérgeymsla fylgir íbúðinni og þvotta-herbergi er í sameign. Hérna er um afar falleg eign að ræða sem vert er að skoða.

FASTEIGNAKAUP

Erna Valdóttir Löggiltur fasteigna- skipa- og fyrirtækjasali.

Ármúla 15 • sími 515 0500 • fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.is

Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:



550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ



EIGNAMIDLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

Sverrir Kristinnsson, löggiltur fasteignasali



Njálsgata - glæsileg

Vorum að fá í sölu mikið endurnýjaða 83 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi í miðbænum. Íbúðin skiptist m.a. í stofu og tvö rúmgöð herbergi. Nýstandsett eldhús með tækjum úr stáli. Gaseldavél. Baðherbergið er einnig nýstandsett. Hornbadkar með nuddi. Mikil loft hæð í íbúð. Listar í loftum. Dimmer í stofu og herbergjum. Eikarparket og flísar á gólfum. Glæsileg íbúð í miðborginni sem hefur verið endurnýjuð á smekklegan hátt.

Verð 19,7 millj.

MARKAÐURINN



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins
fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

Vissir þú ...

... að lengsta ferð sem farin hefur verið í hjólastól er rúmlega 40.075 km og nær yfir fjórar heimsálfur og 34 lönd? Það var Rick Hansen sem ók þessa leið í hjólastólum sínum árin 1985 til 1987.

... að þyngsti maður sem uppi hefur verið var Bandaríkjamaðurinn Jon Brower Minnoch? Þegar hann var þyngstur var hann 635 kg.

... að elsta tré sem vitað er um var 5.200 ára gamalt? Það stóð í Nevada í Bandaríkjunum og var höggvið árið 1963.

... að þéttbýlasta ríki heims er smárikíð Mónakó? Þar hefur hver íbúi aðeins 6 ferkílómetra fyrir sig.

... að Mexíkóborg er mengaðasta borg heims?

... að elsti háskóli heims hefur starfað óslitið frá árinu 859 eftir Krist? Það er Karuein-háskólinn í Fez í Marokkó.

... að níundi hver maður í Suður-Afríku er smitaður af alnæmi?

... að algengasta dánarorsök manna er hjartadrep og heilablóðfall? 50% dauðsfalla í iðnríkjunum má rekja til hjarta- og æðasjúkdóma.

... að hæsta skilnaðartíðni í heimi er á Maldíveyjum? Þar eru rúmlega 10 skilnaðir á hverja 1000 íbúa.

... að stærsta jó-jó sem búið hefur verið til var 3,17 metrar að þvermáli og vó 407 kg? Því var kastað úr krana í Bretlandi árið 1993 og náði að sendast upp fjórum sinnum.

SJÓNARHORN



Ferðamenn við Jökulsárlón./Ljósmynd: Valli

TAX FREE **TAX FREE** **TAX FREE**

BRIDGESTONE
Firestone
DAYTON
MALOYA

Frá 30. júní til 10. júlí lækkum við öll
fólksbíla- og jeppadekk frá
BRIDGESTONE Firestone DAYTON MALOYA
sem nemur virðisaukaskattinum

BRIDGESTONE
Það eina sem dugur í FORMÚLUNNI

DEKKJATORGID
Sandkasti 8 - 620 Dalvík - Sími: 468 1062

DEKKJATORGID
Glerdreyrum v/Bergarbraut - 800 Akureyri - Sími: 462 4007

Gúmmivinnslan hf
Ráttarhvanur 1 - 803 Akureyri - Sími: 461 2800



Allt sem þú þarft
og meira til

ROBERT PLANT - fyrrum söngvara LED ZEPPELIN - verður á næstunni send þýðing á heimildarritinu „Led Zeppelin á Íslandi“ sem er safn blaðagreina um heimsókn þeirra hingað árið 1970.

Í þessu tilefni óskast viðbótarefni frá þeim sem upplifðu þennan viðburð:

- ljósmyndir og/eða kvikmyndir
- skemmtilegar sögur og minningar
- upptökur frá tónleikunum (gæði skipta ekki máli)
- aðgöngumiðar og árituð plaköt

VINSAMLEGAST HAFSAMBAND zeppoland@hotmail.com / gsm 690 6376

allt

Allt um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.



Aukinn hagnaður Somerfield

Samningaviðræður um kaup á félaginu eru sagðar ganga vel.

Stjórnarformaður Baugs segir fréttir um að fjárfestar vilji Baug út ónákvæmar og fréttu um framhald samstarfsins um kaupin að vænta á næstunni.

Hagnaður Somerfield nam tæpum 48 milljónum punda, eða um 5,5 milljörðum íslenskra króna, á fyrri hluta rekstrarársins sem endar í lok apríl samkvæmt útreikningum fréttaveitu Bloomberg. Jökst hagnaðurinn um 25 prósent miðað við sömu mánuði í fyrra þegar hann var 38,2 milljónir punda.

Eins og komið hefur fram er Baugur ásamt þremur öðrum aðilum í samningaviðræðum um kaup á Somerfield. Samkvæmt breskum fjölmiðlum hefur verið óljóst hvort framhald verður á því samstarfi eftir að Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, voru birtar ákærur í kjölfar lögreglurannsóknar. Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, segir þessar fréttir ónákvæmar. Fréttu er að vænta um framhald samstarfsins á næstu dögum.

Haft var eftir Steve Back, forstjóra Somerfield, í Guardian í gær að viðræður um kaup á fyrirtækinu gengu vel. Áreiðanleikakönnun hefði farið fram en enn væri óljóst hvort tilboð bærist. Er reiknað með því að það liggi fyrir í enda júlí.

Undanfarið hefur Somerfield



SOMERFIELD-BÚÐ Í BRETLANDI Somerfield keypti á síðasta ári 114 Safeway-búðir og rekur samtals 1.308 útibú í Bretlandi.

Verið að endurskipuleggja rekstur sinn með því að selja óhagkvæmar búðir og endurnýja aðrar með það fyrir augum að auka sölu á tilbúnum réttum og ferskri matvöru. Haft er eftir breskum sérfræðingi á Bloomberg að rekstrarumhverfi matvörubúða sé mjög erfitt í Bretlandi.

Í annarri frétt kom fram að horfur í smásölu í evrulöndunum tólf hefði versnað í júní. Fór vísitalan úr 50,2 í 49,1 og var mesta svartsýnin meðal ítalskra stjórnmenda smásöluverslana.

-bg

NÝJAR UMBÚÐIR!

KRYDDSMJÖR
Með dill og grænlauk

KRYDDSMJÖR
Með pesto

KRYDDSMJÖR
Með bændu og jurtum

KRYDDSMJÖR
Með hvítlaukskrutun

Kryddsmjörið kitlar bragðlaukana!

Gott er að hafa mismunandi tegundir af kryddsmjöri við höndina til að töfra fram rétta bragðið hverju sinni. Kryddsmjör er t.d. ómissandi með grillkjötinu, bökudu kartöflunni, grillaða maískólfinum – eða ofan á snittubrauðið!

Veldu þitt uppáhaldsbragði!

OSTA- OG SMJÖRSALAN SE
www.ostur.is

Velkomin á Írska daga á Akranesi!

Við bjóðum ykkur velkomin á Írska daga með skemmtilegum og spennandi tilboðum í verslunum okkar!

<p>Útsala 50% afsláttur</p> <p>Alltaf opið til kl. 16 á laugardögum</p> <p>nina</p> <p>KIRKJUBRAUT 4-6 AKRANESI - SÍMI 431 2244</p>	<p>netto</p> <p>Ódýrastir í bænum</p>	<p>25% afsláttur af Tefal pottum og pönnum</p> <p>MODEL</p> <p>Stíllholt 16-18 - 300 Akranes Sími 431 3333 - Netfang model@aknet.is</p>	<p>Réttu „græjurnar“ fyrir Írsku dagana</p> <p>PENNIN</p> <p>Sími 431 1855 • Kirkjubraut 54 • Akranesi</p>
<p>Úrin frá mér ganga lengi og vel</p> <p>ÚR - SKARTGRIPIR - GJAFAVÖRUR</p> <p>Suðmundur B. Hannah</p> <p>ÚRSMÍÐUR Suðurgötu 65 - Akranesi - Sími 431 1458</p>	<p>Rammar og myndir</p> <p>Skólabraut 27 - Akranesi Sími 431 1313</p> <p>20% afsláttur af speglum</p>	<p>20% afsláttur af fatnaði og snyrtivörum</p> <p>Bjarg</p> <p>VERZLUNIN STÍLLHOLTÍ AKRANESI 14</p>	<p>SJÓNGLERIÐ EHF</p> <p></p> <p>Skólabraut 25 - Akranesi Sími 431 1619</p>
<p>Undirföt, náttföt, snyrtivörur og skartgripir</p> <p>Litla Bríðin</p> <p>VESTURGÖTU 147 - AKRANESI SÍMI 431 1753 & 861 1599</p>	<p>20% afsláttur af Diesel og fullt af öðrum spennandi tilboðum!</p> <p>OZONE</p> <p>KIRKJUBRAUT 8 - SÍMI 431 1301 AKRANESI</p>	<p>Lukkuleikur á Írskum dögum!</p> <p>Kíkið í heimsókn í verslanir okkar og gerið góð kaup í afslöppuðu og þægilegu umhverfi. Allir sem versla hjá okkur á Írskum dögum geta á von á vinningi því að nöfn þeirra fara í sérstakan lukkupott og verða verðlaun dregin út í lok Írskra daga. Fyrsti vinningur er gjafakort að andvirði 50.000,- krónur í sérvöldum verslunum á Akranesi. 2-5 vinningur í lukkuleiknum eru gjafakort að andvirði 10.000,- krónur.</p> <p><i>Það borgar sig að versla á Akranesi! - Góða skemmtun á Írskum dögum!</i></p> <p>Markaðsráð Akraness </p> <p>Nánari upplýsingar um fyrirtæki og þjónustu á Akranesi: www.mra.is</p>	
<p>Mikið úrval af digital myndavélum</p> <p></p> <p>TÖLVUÞJÓNUSTAN</p> <p>Esjubraut 49 • 300 Akranes • Sími 430 7000</p>	<p>ÍRSKIR DAGAR</p> <p>Nánari upplýsingar um dagskrá Írskra daga 2005: www.irskirdagar.is</p>		

ARTHUR CONAN DOYLE (1859-1930)
lést þennan dag



„Það er gömul meginregla mín að þegar allt hið mögulega hefur verið útilokað hlýtur það sem eftir verður, hversu ólíklegt sem það virðist, að vera sannleikurinn.“

Sir Arthur Conan Doyle er höfundur bókana um spæjarann Sherlock Holmes

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Boris Becker sigrar á Wimbledon

Þennan dag árið 1985 sigraði Boris Becker Wimbledon-mótið í tennis. Hann var einungis sautján ára og varð þar með yngsti sigurvegari þess móts frá upphafi. Hann var einnig fyrsti þjóðverjinn til að hampa titilinum. Becker var allveg óþekktur við upphaf móts en vann hug og hjörta heimsins þegar hann lyfti silfurbikarnum yfir höfuð sér. Boris Becker byrjaði að æfa tennis átta ára gamall. Við tólf ára aldur átti íþróttin hug hans allan. Hann sigraði Wimbledon-mótið einnig árið 1986 og í þriðja sinn árið 1989. Hann hlaut sex stóra titla á ævinni og árið 1991 var hann efstur á heimslistanum í tennis. Hann hafði ávallt sérstakan stíl sem einkenndist af kraftmikilli uppgjöf og dramatískum leikfléttum. Sá stíll einkenndi tennisheiminn í mörg ár

eftir sigur hans á Wimbeldon-mótinu árið 1985 og enn eimur af honum í dag. Becker lagði atvinnuskóna á hilluna árið 1999 eftir að hann tapaði í fjórðu lotu á Wimbledon-móti. Hins vegar hefur hann verið tíðræddur á síðum slúðurblaða vegna ýmissa hneykslismála.



7. JÚLÍ 1985

MERKISATBURÐIR

- 1852** Samkvæmt bókum Arthur Conan Doyle um Sherlock Holmes, fæddist doktor Watson þennan dag. Höfundurinn sjálfur lést þennan dag árið 1930.
- 1915** Konur halda hátiðarfund á Austurvelli við setningu Alþingis til að fanga kosningarétti sem þær fengu 19. júní. Saman dag stofna konur Landspítalaskóla Íslands.
- 1941** Bandaríkjaher kemur til landsins og annast vernd landsins til stríðsloka.
- 1942** Himmler ákveður að hefja læknisrannsóknir á fongum í Auschwitz-útrýmingar-búðunum.
- 1978** Bresk loftfílmleikamenn aka vélhjól á línu sem strengd er milli turns Iðnskóla Reykjavíkur og Hallgrímskirkju.

ANDLÁT

Sverrir Vilbergsson, Sæunnargötu 9, Borgarnesi, lést á Landspítala við Hringbraut miðvikudaginn 22. júní. Útförin hefur farið fram.

Sveinn Ómar Eliasson, Miðtúni 48, Reykjavík, lést á heimili sínu laugardaginn 2. júlí.

Páll Pétursson húsasmíðameistari, Sólheimum 16, áður til heimilis í Árskógum 13, Egilsstöðum, lést á Landspítala við Hringbraut sunnudaginn 3. júlí.

Hjörtur Jónsson, Brjánsstöðum, Grímsnesi, lést af slysförum mánudaginn 4. júlí.

Páll Kristinn Kristófersson, Friholti 8, Garði, lést á Landspítalanum mánudaginn 4. júlí.

Hildur Björnsdóttir, Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi, lést á krabbameinslækningadeild 11E á Landspítala, Hringbraut þriðjudaginn 5. júlí.

JARÐARFARIR

13.00 Niels J. Hansen húsasmíðameistari, Dvergholti 17, Mosfellsbæ, verður jarðsungi frá Fossvogskirkju.

14.00 Guðrún Margrét Arngrímsdóttir, áður til heimilis að Harðangri, verður jarðsungi frá Glerárkirkju.

AFMÆLI

Helga Thorberg blómasólukona er 55 ára.

Jón Viðar Jónsson, forstöðumaður Leikminjasafns Íslands, er 50 ára.

Friðrik Skúlason tölvumaður er 42 ára.

Patrekur Jóhannesson íþróttamaður er 33 ára.

LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR LEIKKONA ER 55 ÁRA.

Mörturnar eru minnisstæðar

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikkona er mikil fjölskyldumanneskja og ætlar að eyða afmælisdeginum með dóttur sinni og barnabarni. Undanfarið ár hefur hún haldið upp á afmæli sitt erlendis þar sem dóttir hennar var í námi í Evrópu.

„Mér finnst voða gaman að fá afmælisgjafir,“ segir Lilja Guðrún, sem veit þó ekki hvers hún óskar sér í ár. Hún segir margar gjafir minnisstæðar, sérstaklega nokkur hálsmen og hringa. „Ég er voðalegur fagurkeri,“ segir Lilja góðlega, „en mér þykir líka afskaplega vænt um að fá bara eitt bros.“

Lilja Guðrún er komin í sumarfrí en hún lauk nýverið tókum á Dýrunum í Hálsaskógi sem kemur út á dvd-diski á næstunni. Þá lék hún í vor í bíómyndinni Kvikyndi, með krökkunum úr Vesturporti, sem verður frumsýnd í haust.

En hvað ætlar hún að gera í sumarfríinu? „Ég ætla að fara norður til Akureyrar og vera viðstödd fæðingu nýs barnabarns,“ segir Lilja Guðrún spennt. „Stærsta stund sem nokkur getur átt er að verða amma,“ segir Lilja sem á eitt barnabarn fyrir. Við fæðingu þess var hún að æfa fyrir frumsýningu Ástkvanna Picassos í leikstjórn Hlinar Agnarsdóttur. „Ég var gersamlega ónýtt,“ segir Lilja hlæjandi þegar hún minnst dagsins. Það endaði með því að hún var rekin upp á fæðingardeild þar sem hún fékk dótturdóttur sína nýfædda í fangið.

„Það er ekki hægt að lýsa þessari stund,“ segir hún og er orða vant yfir þeirri stórkostlegu tilfinningu sem þessu fylgdi.

Nú verður hún viðstödd fæðingu barnabarns síns og telur að það verði stærsta afmælisgjöfin.



LILJA GUÐRÚN Lilja Guðrún ætlar að vera viðstödd fæðingu barnabarns síns í sumar. Hún segir eina stærstu stund sem nokkur geti átt vera þá að verða amma.

Lilja Guðrún er spennt fyrir næsta leikári. Í haust mun hún leika í nýju verki eftir Hrund Ólafsdóttur. Nokkur leynd hvílir yfir verkinu eins og ávallt þegar nýtt leikrit er frumsýnt en Lilja segir verkið spennandi og leikstjórnann ungan.

Lilja Guðrúnu þykir vænt um öll hlutverk sín en þó misjafnlega mikið eftir því hvað þau voru erfið. „Síðasta hlutverk sem tók á mig andlega var Marta í Hver er hræddur við Virginíu Woolf. Ég hef leikið mörg hlutverk sem heita Marta, og mér þykir vænt um þær allar,“ segir Lilja Guðrún hlæjandi og bætir við að líklega standi Mörturnar upp úr á leikferlinum. ■



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Margrét Þórdísar Egilsdóttir

Glerlistakonu, Kambaseli 21, Reykjavík,

Óskar Smári Haraldsson
Haraldur Helgi Óskarsson
Brynjart Þór Óskarsson
Oddur Jarl Haraldsson.

Anna Fanney Gunnarsdóttir
Magdalena Hilmsdóttir



Elskulegur sonur minn, bróðir og mágur,

Sveinn Ómar Eliasson

Miðtúni 48, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 2. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Alda Ármanna Sveinsdóttir
Jón Júlíus Eliasson
Margrét Elíasdóttir
Sigurður Þór Eliasson
og systkinabörn.

Kristín Þóra Harðardóttir
Ólafur Sigtryggsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þóra Guðlaug Þorsteinsdóttir

Lokastíg 18, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum fimmtudaginn 30. júní, verður jarðsungi frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. júlí kl. 13.00.

Gunnar Rósmundsson
Lilja Magnúsdóttir
Páll Magnússon
Gylfi Gunnarsson
Valgerður Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll Bergsson
Jóhanna Rögnvaldsdóttir
Kólbrún Hauksdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,

Hildur Björnsdóttir

Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi,

lést þriðjudaginn 5. júlí á Krabbameinslækningadeild 11E á Landspítala Hringbraut. Jarðarförin auglýst síðar.

Róbert Guðlaugsson
Björn Róbert Ómarsson
Elín Thelma Róbertsdóttir
Tómas Darri Róbertsson
Anna Hildur Björnsdóttir
Emilía Mist Reynisdóttir
Elín Kröyer
Björn Helgason
Díana Björnsdóttir
Lára Björnsdóttir
Elísa Kristinsdóttir
Gunnar Friðrik Björnsson
Sigurlaug Björnsdóttir
Ari Kristinsson
Ástríður Kristinsdóttir
Kristrún Kristinsdóttir
Sigríður Kristinsdóttir
og aðrir aðstandendur.

Reynir Þór Reynisson

Kristinn Arason
Guðrún Ólafsdóttir

Ólafur Pálsson
Vilhjálmur Sveinbjörnsson

Guðmundur Þorleifsson
Margrét Pálsdóttir
Vigfús Ingvarsson
Sverre Rasch
Hallgrímur Helgi Helgason

LIOSMYNDSTOFJA HARRNARFRÍÐI



BRÚÐHJÓN

Gefin voru saman þann 18. júní í Garðakirkju, þau Katrín S. Einarisdóttir og Haukur Garðarsson, af séra Hans Markúsi Hafsteinssyni. Þau eru til heimilis í Garðabæ.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ
VIKUNNAR »

jákvætt og skemmtilegt

njótum lífsins



verðið er ekkert grín

GODI
alltaf góður

399
kr.kg.

Goða frosinn grillsagaður lambaframpartur



sjáið verðið...

399
kr.kg.

Lambasneiðar



51%
afsláttur

294
kr.kg.

Kjúklingaleggir



1. flokkur
stór

30%
afsláttur

Grillhumar



1.798
kr.kg.

SS Grand Orange lambainnalæri



gott með
salatinu!

239
kr.stk.

Fetaostur í kryddliu



199
kr.pk.

Florette Salat Caesar 250gr.



gott með
salatinu!

199
kr.stk.

Florette Dressing French Caesar



frábært í
ferðalagið

Samlokuostur



bökunar-
kartöflur frá
Mallorca

59
kr.kg.

Bökunarkartöflur



lúlli laukur
biður að
heilsa!

9
kr.kg.

Rauðlaukur



frábært í
ferðalagið

50%
afsláttur

Borgarnes skólaskinka

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 7. - 10. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



Heyrst hefur ...

... að forráðamenn og leikmenn kvennaliðs Vals í Landsbankadeildinni séu æfir eftir að hafa horft á myndbandsupptöku af markinu sem Greta Mjöll Samúelsdóttir, sóknarmaður Blika, skoraði á lokamínúttunni í leik liðanna á mánudagskvöldið. Þar þykir sjást greinilega að Greta Mjöll er rangstæð áður en hún skorar.

sport
sport@frettabladid.is

ATLI EÐVALDSSON SNÝR AFTUR: TEKUR VIÐ LIÐI ÞRÓTTAR Í LANDSBANKAÐEILDinni

Í sama hlutverki og Bryan Robson

Ásgeir Eliásson og stjórn knattspyrnu-deildar Þróttar komust að þeirri niðurstöðu í gær að Ásgeir léti af stjórn sem þjálfari liðsins. Við hans starfi tekur Atli Eðvaldsson, fyrrverandi þjálfari KR og íslenska landsliðsins, og markar hann þannig endurkomu sína í íslenska boltann frá því að hann hætti með íslenska landsliðið fyrir tveimur árum. Kristinn Einarsson, formaður Þróttar, sagði við Fréttablaðið í gær að ástæðan fyrir þjálfaraskiptunum væri mjög einföld. „Árangurinn hefur verið lélegur og ekkert gengið.“

„Það er mjög góð tilfinning að vera kominn í boltann aftur,“ segir Atli sem stýrði KR-ingum til Íslandsmeistarátílis árið 1999 og veit því hvað þarf til að búa til vinningslið. Hann segir að hlut-

irnir hafi gerst hratt í gær. „Þróttur hafði samband við mig í gær og ég fékk nokkurra klukkustunda umhugsunarfrest áður en ég jätti,“ segir Atli. „Ég hlakka mikið til að takast á við þetta verkefni og markmiðið er sjálfsgöðu að halda liðinu uppi. Ég er í svipaðri stöðu og Bryan Robson hjá WBA í vetur, honum tókst að bjarga liðinu frá falli. Ef það tekst hjá mér verð ég mjög sáttur,“ sagði Atli í léttum tón.

„Ég ætlaði alltaf að snúa aftur í þjálfunina og hafði hugsað um næsta haust í því sambandi. En svo kemur þetta upp og mér list mjög vel á,“ segir Atli sem gerði samning við Þrótt sem gildir út leiktíðina. „Ég tek við góðu búi Ásgeirs og tel mig þekja nokkuð vel til liðsins. Þetta er góður hópur leikmanna sem

hafa leikið lengi saman og þekja hvor annan vel. En hver þjálfari hefur sínar áherslur og ég á ekki von á öðru en að skipulagið muni eitthvað breytast,“ segir hann.



> Við fögnum ...

... því að Atli Eðvaldsson skuli vera kominn aftur í íslenska boltann. Atli er skemmtilegur karakter sem hefur ævinlega lífgað upp á fótboltasumarið í öll þau skipti sem hann hefur tekið þátt í þeim.



> Við hrósum ...

... forráðamönnum Keflavíkur í Landsbankadeild karla, sem voru ekki lengi að taka til sinna ráða eftir að þeir sáu að akkilesarhæll liðsins var slök vörn. Á skömmum tíma hefur liðið samið við tvo öfluga miðverði og ætlar félagið greinilega að halda sér í efri hluta Landsbankadeildarinnar.



KR-KLÚBBURINN

KR-ingar fjölmennum með fjölskylduna á völinn í dag.

SKAGAMENN VELKOMNIR Í VESTURBÆINN

KR - ÍA KL 20 Í KVÖLD

Dagskrá:

kl. 18.00 Útsending KR-útvarpsins FM 98,3 hefst

kl. 18.30 Opið hús fyrir KR klúbbinn - léttar veitingar

Heiðursgestur er Ríkharður Jónsson

Kaffiveitingar í hálfleik



Á FRAM KR!

Stjórn á blóð-prýstingi

LH-drykkurinn er gerður úr undanrennu sem sýrð er með venjulegum mjólkursýrugerli, *Lactobacillus helveticus*. Hann hefur þá eiginleika að geta klofið mjólkurprótein í litlar prótein-einingar, lífvirk peptíð.

Þessi peptíð geta hjálpað til við stjórn á blóðprýstingi.

Sjá nánar á www.ms.is



Stórleikur í Frostaskjólí

Dregið var í gær í fjórðungsúrslit í Visa-bikarkeppni karla. Tvö stærstu liðin í pottinum, FH og Valur, sluppu við hvort annað en Valsmenn fá það erfiða verkefni að heimsækja KR í Vesturbæinn á meðan FH tekur á móti ÍA.

FÓTBOLTI Eins og svo oft áður í bikardráttum var fyrst og fremst horft til þess að fá heimaleik. Flestir fyrirlíðar liðanna og þjálfarar voru sammála um að andstæðingurinn skipti minna máli á þessu stigi keppninnar en heimaleikjarétturinn þeim mun mikilvægari. Þá skiptir einnig máli að leikirnir í fjórðungsúrslitum keppninnar verða þeir síðustu sem fara fram á heimavöllum liðanna, héðan í frá fara leikirnir fram á Laugardalsvelli.

Sterkasti heimavöllur landsins er án efa Kaplakríki í Hafnarfirði þó svo að FH-ingar virðist vera jafnstærkir á útivelli. Liðið sem fékk það miður öfundsverða hlutverk að mæta FH í Hafnarfirði eru Skagamenn, sem hefur oft gengið betur í deildinni en nú í sumar.

„Já, þetta var nú ekki léttasta verkefnið sem hægt var að fá,“ sagði Gunnlaugur Jónsson, fyrirlíði ÍA, eftir útdráttinn. „En ef liðið ætlar sér bikarmeistarátílinn yfir höfuð þarf það að vinna FH rétt eins og önnur lið. Það var óheppni að leikurinn færi fram á þeirra heimavelli en svona er þetta í bikarnum. Þetta verður vissulega erfiður veggur að klífa en við ætlum okkur sigur í þessum leik og ekkert annað.“

Þannig er málunum háttað með flest lið – þau leggja nú allt kapp á gott gengi í bikarnum þar sem FH virðist í algerum sérflokki í deildinni og aðeins Valur er í þeirri aðstöðu að eiga möguleika á að ógna þeim.

Ólympíuleikarnir 2012:

London varð fyrir valinu

ÓLYMPÍULEIKAR Mikil fagnaðarlæti brutust út í London í gær eftir að tilkynnt var að borgin hefði verið valin til að halda Ólympíuleikanna árið 2012. Valið á London þykir koma nokkuð á óvart þar sem flestir höfðu spáð því að París myndi hreppa vinninginn. Aðrir umsækjendur, Madrid, Moskva og New York, dattu fyrst út úr kosningu hundrað meðlima Ólympíunefndarinnar sem fram fór í Singapur í gær.

Tony Blair, forsætisráðherra Englands, lýsti deginum í gær sem einum þeim þýðingarmesta í sögu landsins. „Þetta er mikil lyftistöng fyrir okkar samfélag,“ sagði Blair.

Talið er að útspil Englendinga um að senda David Beckham til Singapur til að sinna hlutverki einskona sendifulltrúa landsins hafi haft mikið að segja í vali Ólympíunefndarinnar í gær. Halda sérfræðingar ytra því fram að Beckham hafi verið eitt besta útspilið í „taktískum“ sigri London í kosningunni í gær.



HVER VINNUR SLAGINN? Það fór létt á með þjálfurum Vals og KR, þeim Willum Þór Þórssyni og Magnúsi Gylfasyni

KR er eitt þeirra liða sem hefur ekki unnið bikarinn síðan 1999. Þeir mæta nú Völsurum. „Við höfum einmitt verið að ræða þetta. Við ætlum að leggja enn þá meiri kraft í bikarinn enda verðum við

ekki Íslandsmeistarar í ár. Ég held að allir sjái það,“ sagði Kristján Finnogason fyrirlíði KR.

Í öðrum leikjum tekur 1. deildarliði HK á móti Fylki og Fram mætir ÍBV. eirikurst@frettabladid.is

Fyrirlíði Liverpool skiptir um skoðun:

Steven Gerrard verður áfram hjá Liverpool

FÓTBOLTI Steven Gerrard olli miklu fjaðrafoki í fyrradag þegar hann tjáði Rick Parry, stjórnarformanni Liverpool, að hann vildi fara frá félaginu, en í gær snerist honum hugur og ákvað að vera um kyrrt hjá uppeldisfélagi sínu.

Gerrard sagðist eftir mikla umhugsun ekki hafa getað hugsað sér að fara frá félaginu. „Ég vil ekki kenna neinum um hvernig málin þróuðust, en ég hélt á ákveðnum tímamarki að félagið vildi losna við mig. Það reyndist því betur vera mis-skilningur. Ég gat á endanum m

ekki hugsað mér að fara frá Liverpool, vegna þess að mér þykir vænt um félagið og það sem félagið stendur fyrir.“

Umboðsmaður Gerrards, Struan Marshall, hefur einnig verið mikið í umræðunni, en talið var að hann væri að leggja hart að Gerrard að fara frá félaginu. „Ég verð að verja umboðsmann minn, því hann hefur reynt mér afar vel á þessum tíma og tekið vel í allt sem ég hef beðið hann um. Hann myndi aldrei gera eitthvað sem ég hefði ekki beðið hann um að gera.“

Gerrard verður launahæsti leikmaður Liverpool frá upphafi þegar nýr samningur milli hans og félagsins tekur gildi. Líklega verður gengið frá undirskrift samningsins í dag. -mh



STEVEN GERRARD Skrifar að öllum líkindum undir fjögurra ára samning við Liverpool á morgun.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

4 5 6 7 8 9 10

Fimmtudagur

LEIKIR

20.00 KR tekur á móti ÍA í Landsbankadeild karla í Frostaskjólí.

SJÓNVARP

16.45 Formúlukvöld á RÚV.

18.40 PGA Golf á Sýn.

19.10 Stjörnungulög á Sýn.

19.40 Landsbankadeildin á Sýn. Bein útsending frá viðureign KR og ÍA í Landsbankadeildinni.

22.30 Sterkasti maður heims á Sýn.

19.40 Landsbankadeildin á Sýn. Útsending frá leik KR og ÍA.

Landsbankadeild karla:

Svíi kominn til Keflavíkur

FÓTBOLTI Kenneth Gustavsson, sænskur knattspyrnumaður, leikur með Keflavík út sumarið í Landsbankadeildinni. Hann er væntanlegur til landsins fyrir helgi en hann getur bæði spilað í vörn og á miðju. Hann er 22 ára gamall, er 1,93 á hæð og 90 kg. Hann er uppallinn í Gautaborg en hefur einnig verið í herbúðum Malmö, Lyn og Trelleborg. Um er að ræða sterkan leikmann en nokkuð hægán. Hann var hjá Malmö á sama tíma og Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, og markvörðurinn Ómar Jóhannsson voru þar.

Eins og kunnugt er hefur Keflavík einnig fengið Guðmund Mete til liðsins og hefur hann skrifað undir samning við félagið og verður í hópnum í næsta leik. Þá er sóknarmaður frá Jamaíka, Sean Fraser, hjá liðinu og verður til reynslu næstu daga en hann er 22 ára og lék síðast með liði í heimalandinu.

ÚR SPORTINU

Charlton Athletic er sagt vera að undirbúa 1,5 milljón punda tilboð í miðjumanninn Lee Bowyer hjá Newcastle, en hann á ekki lengur upp á pallborðið hjá stuðningsmönnum og forráðamönnum félagsins eftir að hann og félagi hans Kieron Dyer slógust hressilega á knattspyrnuvellið á síðustu leiktíð. Bowyer segist óttast öryggi sitt í borginni og er á því að fara frá Newcastle.

Í gær slitnaði endanlega upp úr samningaviðræðum milli Chelsea og AC Milan um framherjann Hernan Crespo og nú er ljóst að hann þarf að snúa aftur til Chelsea þvert gegn vilja sínum. Milan hafði fullan hug á því að kaupa hann eða gera við hann nýjan lánsamning, en ekkert verður af því. Félagið keypti ítalska framherjann Christian Vieri í gær og því þurfa þeir ekki á öðrum framherja að halda á næstu leiktíð.

40%

afsláttur af öllum PROSTYLE hjólum

12" hjól 3-5 ára



12" hjól 3-5 ára



12" hjól 3-5 ára



16" hjól 5-7 ára



16" hjól 5-7 ára



20" hjól 7-9 ára



20" hjól 7-9 ára



20" hjól 7-9 ára



24" hjól 9-12 ára



24" hjól 9-12 ára



24" hjól 9-12 ára



Hjól fyrir herra



Hjól fyrir herra



Hjól fyrir dömur



Ameríski draumurinn



Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Stjórinn hefur ákveðinn rétt

Tony Pulis, fyrrum knattspyrnustjóri Stoke, segir uppsögnina sem hann fékk frá félaginu í síðustu viku hafa komið sér mjög á óvart. Í samtali við Fréttablaðið vísar hann ástæðum brottrekstursins á bug og greinir frá þeim vandamálum sem fylgja því að stjórna ensku knattspyrnufélagi frá Íslandi.

FÓTBOLTI Á þriðjudag í síðustu viku fékk Pulis símtal frá Gunnari Þór Gíslasyni, stjórnarformanni Stoke. „Hann hringdi í mig um morguninn og tjáði mér að þeir ætluðu að láta mig fara,“ sagði Pulis, þegar Fréttablaðið ræddi við hann skömmu eftir að honum hafði verið sagt upp. Um hádegi sama dag hafði brottreksturinn verið gerður opinber um gjörvallar Bretlandseyjar.

Svo virðist sem að ákvörðunin um að reka Pulis hafa einvörðungu legið í höndum íslensku stjórnarmannanna, þeirra Gunnars

Þórs, Stefáns Geirs Þórissonar og Ásgeirs Sigurvínssonar.

Hinir ensku stjórnarmenn félagsins, Peter Coates, Phil Rawlins og Keith Humphreys, komu af fjöllum og lýstu því yfir í fjölmiðlum daginn eftir að tilkynnt hafði verið um brottvikningu Pulis að þeir hefðu ekki einu sinni verið látnir vita af ætlunum Íslendinganna.

„Við vorum látnir vita á föstudegi að þeir hygðust reka Pulis strax eftir helgi. Yfir þessa sömu helgi vorum við látnir vita hver myndi taka við,“ sagði Rawlins en

komu þeir fram að viðræður við Hollendinginn Johan Boskamp, sem var ráðinn stjóri Stoke daginn eftir að Pulis fékk að taka pokann sinn, höfðu hafist um miðjan júní – tveimur vikum áður en Pulis var rekinn.

Allan þennan tíma hafði Pulis, ekki frekar en ensku stjórnarmennirnir, ekki hugmynd um hvað var að gerast bak við tjöldin hjá íslensku stjórnarmönnum.

„Það var enginn stjórnarfundur haldinn. Þetta var einfaldlega ákvörðun sem var tekin á Íslandi. Að mínu mati á stjórnin að koma saman áður en knattspyrnustjóri félagsins er rekinn. Að rekja þjálfarann er ein stærsta ákvörðun

mig ná góðum úrslitum. Svo auðvitað kom þessi uppsögn mér á óvart. Þetta er mjög svekkjandi.“

Er rétt að þú vildir helst ekki fá til þín leikmenn frá leikmannamörkuðum utan Bretlandseyja?

„Ég vísa því á bug að ég hafi ekki staðið við lofordum að leita á erlenda markaði. En það er á mína ábyrgð sem knattspyrnustjóri að velja leikmenn sem ég gæti hugsað mér að fá til liðsins. Það skiptir máli ekki hvort þeir eru erlendir, frá mars eða tunglinu, þetta er spurning hvort að knattspyrnustjórinn telji þá nógu góða fyrir liðið. En ég get skilið sjónarmið stjórnarinnar, hún er að stórum hluta skipuð Íslendingum og þeir vilja hafa liðið alþjóðlegra.“

Stjórinn velur liðið

Pulis hefur legið undir nokkurri gagnrýni, og þá helst frá Magnúsi Kristinssyni, stjórnarformanni Stoke Holding – félaginu sem skráð er fyrir knattspyrnufélaginu Stoke, fyrir að nota ekki íslenska leikmenn. Löngu þekkt er orðið þegar Tryggvi Guðmundsson og Þórður Guðjónsson gengu til liðs við Stoke um síðustu júl, eingöngu fyrir tilstuðlan íslensku stjórnarinnar. Báðir voru þeir algjörlega



GUNNAR ÞÓR GÍSLASON Hefur verið stjórnarformaður Stoke allan þann tíma sem Íslendingar hafa átt meirihlutann í félaginu.

sveltir tækifærum; Tryggvi komst aldrei í hóp aðalliðsins á þeim tveimur mánuðum sem hann dvaldi hjá Stoke og Þórður spilaði í nokkrar mínútur frá áramótum

og út tímabilið.

„Stjórinn samdi við þá og ég kom ekkert þar að máli. Og einmitt í því fólst vandinn, ég hafði aldrei séð þá spila og þekkti ekkert til þeirra. Það var ekkert leyndarmál að stjórinn vildi hafa íslenska leikmenn í liðinu og ég skildi það allveg. Aðalmálið er að framkvæmdastjórinn á að ráða því hverja hann velur í liðið sitt.“

Fannst þér íslenska stjórinn troða þér um tær þegar þeir sömdu við þessa leikmenn, án þess að spyrja þig einu sinni álits?

„Þeim er frjálst að segja sitt álit á hverjir spila hverju sinni en ég hef alltaf valið besta mögulega liðið. Ég hef aldrei skilið leikmann utan liðsins sem ég tel að eigi heima í því, bara út af því að hann er íslenskur.“

Ög sú staðreynd að stjórinn fékk þá til liðsins en ekki þú, hafði það ekkert að segja um að þú spilaðir þeim ekki?

„Nei, það hefði ekkert með það að gera. Málið var að ég vissi ekkert um leikmennina.“

En nú sástu til þeirra á æfingum og í leikjum með varaliðinu. Þórður hefur mikla reynslu frá ýmsum löndum og spilaði meðal annars nokkra leiki með Derby í úrvalsdeildinni á sínum tíma. Hefur hann virkilega ekki það sem þarf til að komast í hóp hjá 1. deildarliði um miðja deild?

„Eins og ég sagði, þá er þetta spurning álit og þekkingu á viðkomandi leikmanni. Þórður stóð

Magnús Kristinsson formaður Stoke Holding:

Draumurinn um úrvalsdeildarsæti lifir góðu lífi

FÓTBOLTI Magnús Kristinsson, stjórnarformaður Stoke Holding og helsti fjárhagslegi bakhjarl félagsins, segir ráðningu Johans Boskamp marka nýtt upphaf fyrir Stoke. Nú þegar Pulis er horfinn á braut kveðst Magnús glaður setja pening í félagið á ný, en hann lýsti því yfir nú á vormánuðunum að hann skyldi ekki eyða krónu til viðbótar á meðan Pulis væri við stjórn. Aukinheldur sagði hann frá því að Stoke væri versta fjárfesting sem hann hefði nokkurn tíma lagt í á lífsleiðinni.

Nú horfir öðruvísi við. „Það lá í orðunum á sínum tíma að ég skyldi breyta afstöðu minni um leið og Pulis væri farinn. „Nú er nýtt tímabil að hefjast hjá Stoke og er félagið í miklum blóma,“ sagði Magnús í samtali við Fréttablaðið.

„Þeir hlýddu mér og sáu að það var rétt hjá mér allan tímann að láta Pulis fara. Maðurinn var bara ekki hæfur til sinna verka. Hann vann á móti okkur og nú hafa þeir loksins séð það. Það segir sína sögu hvernig Pulis hagaði sér gagnvart Tryggva Guðmundssyni. Hann er búinn að slá í gegn á Íslandi en Pulis vildi varla svo mikið sem horfa á

hann á æfingum.“

Hversu stóran þátt áttir þú í því að Pulis var rekinn?

„Ég hef ekkert verið að beita mér í þessu. Ég hef aðeins fylgst með þessu bak við tjöldin og má kannski orða það þannig að þeir hafi ekki treyst sér til að reka félagið án mín,“ segir Magnús og bætir við að viðbrögðin við nýja stjóranum í Stoke séu mjög góð. „Ég held að félagið komi sterkt út úr þessum breytingum,“ segir Magnús.

Þegar Stoke-ævintýrið hófst fyrir tæpum sex árum áttu Íslendingarnir sér þann draum að komast í ensku úrvalsdeildina. Magnús segir að sá draumur lifi enn þá góðu lífi í dag. „Og við förum langleiðina með að láta drauminn rætast á næstu leiktíð. Ef ekki nú, þá innan tveggja ára.“

Þetta eru ansi stór orð?

„Já, og ég stend við þau.“

vignir@frettabladid.is



MAGNÚS KRISTINSSON



adidas Predator Pulse II

Toppskórinn í Predator línunni frá adidas. Fótboltaskór úr kengúrleðri sem er mýksta leður sem til er. Predator tækni sem gefur 30% meiri skotkraft og snúning en aðrir skór. PowerPulse tækni í millisólanum færir þyngdarpunkturinn fram sem stuðlar að meiri krafti í skotum og sendingum. Tvískiptur sóli gerir skóinn stöðugri og þægilegri. Takkarnir henta best fyrir grasvelli. st. 36 - 38.5

verð. **14.990** kr.



adidas Predator Pulsion

Fótboltaskór úr mjúku leðri sem aðlagast fætinum einstaklega vel. Predator tækni framan á skónum eykur skotkraft og snúning. Teygja sem heldur tungunni fastri yfir reimum. st. 32 - 38.5

verð. **8.990** kr.



adidas Predator Pulsion

Fótboltaskór úr mjúku leðri sem aðlagast fætinum einstaklega vel. Predator tækni framan á skónum eykur skotkraft og snúning. Teygja sem heldur tungunni fastri yfir reimum. Nýr litur á skónum sem er hannaður af meistara David Beckham. st. 32 - 38.5

verð. **8.990** kr.

Flottir fótoltaskór fyrir hressa



sig mjög vel á æfingum en ég hafði aldrei séð hann spila áður en hann kom. Og þegar aðstæður eru þannig er ekki svo auðvelt að slá út menn sem eru fyrir í liðinu og ég gjörþekki alla þeirra styrkleika og veikleika.“

Pulis ítrekar að hann hafi ekkert persónulegt á móti íslenskum leikmönnum og bendir einfaldlega á feril sinn hjá Stoke máli sínu til stuðnings.

„Fólk segir að ég hafi andúð á íslenskum leikmönnum en það er fráleitt. Fyrsta árið mitt hjá Stoke var Brynjar Gunnarsson lykilmáður í liðinu. Síðan varð hann samningslaus og við gátum ekki haldið honum. Sá leikmaður sem var efst á óskalistanum mínum í sumar var Heiðar Helguson. Hann er Íslendingur. Allir íslenskir leikmenn sem ég hef unnið með hjá Stoke hafa verið frábærir félagar og einstaklega viðkunnalegir fjölskyldumenn. Þeir hafa ávallt lagt hart af sér og eru allir fagmenn út í fingurgóma.“

Vona að liðið komst upp

Pulis ber Gunnari Þór góða söguna og segir hann, sem og Magnús Kristinsson, eiga rétt á því að hafa sína skoðun á því hvernig félaginu er stjórnað.

„En sem knattspyrnustjóri hefurðu einnig ákveðinn rétt,“ bætir Pulis við. Hann segir stærsta vandamálið hjá Stoke vera fólgið í þeirri staðreynd að formaður stjórnarinnar sé bú-

settur í öðru landi.

„Gunnar stjórnar félaginu frá Íslandi. Það hefur sína kosti en einnig sína galla. Ég kann mjög vel við Gunnar, ég hef kynnst hans yndislegu fjölskyldu og okkar samskipti hafa alltaf verið mjög góð. Það hefur ekki verið vandamál að ná sambandi við hann símleiðis en það er eitthvað sem mér líkar ekki til lengdar,“ segir Pulis, en bætir því við að sé vel hægt að reka enskt knattspyrnufélag frá Íslandi.

„En ég neita því ekki að það væri gott að hafa hann nær félaginu. Ég hef verið hjá öðrum félögum þar sem hægt var að setjast niður með stjórnarformanninum eftir leiki og ræða um allt milli himins og jarðar, um hvaða leikmenn ætti að kaupa eða selja o.s.frv. Það gat ég ekki hjá Stoke.“

Það sem Pulis sér mest eftir á tíma sínum hjá Stoke er að hafa ekki fengið að ljúka sínu æðsta og eina takmarki – að koma Stoke í ensku úrvalsdeildina. „Þar á liðið heima,“ segir Pulis án þess að hika. „Það yrði uppselt á alla heimaleiki liðsins í úrvalsdeildinni og þótt ég hafi skilið við liðið á þennan hátt óska ég félaginu alls hins besta í framtíðinni. Ég vona innilega að liðið komist upp og leiki á meðal þeirra bestu í hverri viku. Það yrði stórkostlegt fyrir félagið og ekki síst stuðningsmennina.“

vignir@frettabladid.is

Keppni allra landsmanna

Frítt á leiki og happdrættispottur

Sextán ára og yngri fá frítt á leiki í Landsbankadeildinni í sumar og lenda í happdrættispotti þar sem dregin verða út 100 glæsilegir vinningar. Miðar eru afhentir í útibúum bankans.

1. vinningur: 4 flugmiðar og 4 miðar á leik í Meistaradeild Evrópu.
Aðrir vinningar: Áritaðar landsliðstreyjur og vandaðir fótboltar.

VIÐ STYÐJUM ÍSLENSKA KNATTSPYRNU MEÐ STOLTI

NÆSTU LEIKIR LANDSBANKAÐEILDAR KARLA

fim.	7. júlí	20:00	KR - ÍA
fös.	8. júlí	20:00	FH - Keflavík
sun.	10. júlí	19:15	ÍBV - Fram
mán.	11. júlí	19:15	KR - Fylkir

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Bylgjan

Lífsgað
Þriðjudagskvöld 22-24

Þórhallur miðill



adidas Predator Pulsado

Flott Predator útlit gerir þessa skó heppilega fyrir leikmenn sem vilja líkast Gerrard, Eidi Smára og Kaká sem allir leika í Predator frá adidas.

st. 28 - 38,5

verð. **5.990 kr.**



adidas Provider


Fótboltaskór úr efni sem er mjúkt og afar þægilegt. Þess vegna er Provider frá adidas skór sem fer vel með fæturna auk þess að vera geðveikt flottur!

st. 28 - 38,5

verð. **3.990 kr.**



Ferðataskan í sumar



Besti ferðafélaginn
Léttur öllari

NASA

FÖSTUD. 08. JÚLÍ '05

SÁLIN

STÓRDANSLEIKUR

1500
KALL INN
Í FORSÖLU

FORSAÐA FÖSTUD.
FRÁ KL. 13 TIL 17
MIÐAVERÐ V. INNGANG 1900 KR.
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

LAUGARD. 09. JÚLÍ '05

Í SVÖRTUM FÖTUM

500
KALL INN

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

NÁNARI UPPLÝSINGAR

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARADU PENINGA
MICHELIN
BFGoodrich
...einfaldlega betri!
DEKKJA LAGERINN 755 3355
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
DEKK • FÓLKSBIÐLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBIÐLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS

STUÐ MILLI STRÍÐA : Að sjá ekki glerhurðir

SVANBORG SIGMARSÐÓTTIR GEKK Á HURÐ ENN EINU SINNI

MYND: HELGI SIGURSSON



Ég heyrði einhvern tímann frásögn af konu sem taldi sig ekki geta verlað á Laugaveginum. Hún var orðin svo von því að glerdyr verzlana í Kringlunni og Smáralindinni opnuðust sjálfkrafa fyrir hana, að það var bara gengið á hurðir í miðbænum. Vandamálið var ekki að hún kynni ekki að opna dyr sjálf, eða þættist yfir það hafin. Hún átti bara ekki von á því að þurfa að standa í slíku þegar hún verlaði.

Oftast tel ég mig vera frjálslýnda konu, í þeim skilningi að ég er opin fyrir því að aðrir séu ekki með sömu lífsskoðanir og ég. Um

ákveðna hluti reikna ég með að fólk sé ekki sammála mér í einu og öllu, eins og um umfang velferðarkerfisins eða ágæti feminisma. Það má segja að þetta séu dyrnar sem ég veit fyrir fram að ég þarf að opna sjálf. En stundum geng ég á hurðir.

Um daginn var ég til dæmis á öldurhúsi hér í borginni og átti kurteislegt spjall við mann sem stóð við hliðina á mér á barnum. Það er að segja mér þótti spjallið kurteislegt, þar til maðurinn tók eftir því að bolurinn minn hafði eitthvað aðeins tosast upp fyrir buxnastrænginn þannig að sást í sirka sentimetra af maganum mínum. Hljómar kannski ekki vítavert, en ég er ekki frá því að hann hafi

móðgast við þessa sýn. Ég hafi með spjalli mínu nefnilega þóst vera eitthvað sem ég var augljóslega ekki; tiltölulega síðprúð ung kona. Svo fékk ég langa skýringu á því að þetta mætti ég bara ekki. Með því að sýna þennan hluta líkama míns væri ég að sýna heiminum eitthvað sem einungis maðurinn minn ætti að sjá (og væntanlega ég), annars væri ég að gefa í skyn að ég væri einhvers konar gála.

Ég ákvað að takast á við vandamálið með því að gleyma alveg hversu frjálslýnd ég er gagnvart öðrum skoðunum. Hífdi bolinn upp fyrir nafla, sagðist gera það sem mér sýndist og hann mætti bara.... Já, það er alltaf gott að sýna þroska og yfirvegum. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



98.9
BYLGJAN

KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ OLÍS OG ÍSLANDBANKA

Stuðmenn Hildi Völu

OG FJÖLLEIKINN

Íslandshott 2005



SKRÁÐU ÞIG Í
KEPPNISGREINUM
EINS OG...

Íslandshott 2005 verður á eftirtöldum dögum:

HÓTEL Selfoss föstudaginn 8. júlí • HÖLLIN Vestmannaeyjum laugardaginn 9. júlí

Glott
Hraðpúsl
Tungubrjót
Húlahopp
Hraðát
Svipbrigðaskipti
Svolgur
Bókastafla á höfði
Raddsviðsvídd
Mittismál
Óskurkraft
Tattúmagn
Stóru
Ólnbogasleikja
Fótastærð
Sjómann
Krónusnúning
eða í frumlegar
nýbröttagreinar
að eigin vali

Sigursælustu
þátttakendurnir
birtast í þættinum
Ísland í bítið
á Stöð 2

Þátttakendur
eru boðsgestir á
skemmtunum
Stuðmanna og
Hildar Völu
hvarvetna á
landinu

Veljum
Fjölleikameistarana
allra landshluta til
þátttöku í fyrsta
Fjölleikamótinu
á Íslandi sem haldið
verður í Reykjavík
26. ágúst 2005

25. júní Akureyri
Föstudagurinn 1. júlí Borgarnes
Laugardagurinn 2. júlí Bolungarvík
Föstudagurinn 8. júlí Selfoss
Laugard. 9. júlí Vestmannaeyjar
Föstudagurinn 15. júlí Grimsey
Laugardagurinn 16. júlí Hrisey
Föstudagurinn 22. júlí Mosfellsbær
Laugardagurinn 23. júlí Reykjavík
Föstudagurinn 29. júlí Kópavogur
Laugardagurinn 30. júlí Laugardalur
Laugardagurinn 27. ágúst Seltjarnarnes
Sunnudagurinn 31. júlí Akureyri

**STEFNT ER Á
HEIMSMETABÓK
GUINNES!!!!**

Glæsileg
verðlaun í boði
m.a.
Feneyjaferð
fyrir tvo

Skráðu þig strax á islandshott.is



ÍSLANDBANKI

olis

98.9
BYLGJAN



Föstudagur 8. júlí Örfá sæti
Laugardagur 9. júlí
Föstudagur 15. júlí
Laugardagur 16. júlí

KASTALINN 552 3000
Landsbankinn

Tónleikurinn **BÍTL**

KRINGLUKRÁIN

Geirmundur Valtýsson um helgina

Léttir sumarréttir pizzur, salöt, súpur og bökur

Borðapantanir í síma 568 0678 www.kringlukrain.is

Söngleikur eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARMIN

Annie

í Austurbæ

Forsýning fim. 14/7 kl. 19 sæti laus
Forsýning fös. 15/7 kl. 19 sæti laus
Frum-sýning sun. 17/7 kl. 16 örfá sæti laus

551 4700 & 551 0200 **mid.is**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • í samstarfi við Á þakinu

Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
4/7, 5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

traffic
HAFNARGÖTU 30 - KEFLAVÍK

↓ FÖSTUDAGUR ↓
dj Víkingur
Frítt inn
20 ára aldurstakmark
Skilríki skilyrði

↓ LAUGARDAGUR ↓
dj Brynjar Már
á fm 95,7

1.000 kr. inn
Bjór eða skot fylgir miða
20 ára aldurstakmark
Skilríki skilyrði

20 ára aldurstakmark alla helgina
IT'S MILLER TIME.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Næstu helgi, dagana 9. og 10. júlí, verður önnur tónleikahelgi Sumartónleika í Skálholtskirkju í ár.

Flytjendur verða annars vegar Sönghópurinn Hljómeyki og hins vegar Nordic Affect.

Sá fyrrnefndi flytur dagskrá helgaða verkum Jónrunnar Viðar sem er ein af fimm staðartónskáldum í ár og munu tónleikarnir hefjast klukkan 15 á laugardaginn. Einnig mun Hljómeyki frumflytja útsetningu Önnu Þorvaldsdóttur, sem er úr hópi okkar yngstu tónskálda og er einnig staðartónskáld í sumar, á sálminum Heyr þú oss himnum á í messu helgarinnar kl. 17 á sunnudaginn.

Nordic Affect sem skipuð er þeim Karl Nyhlin chittarone-leikara (hljóðfæri af lútuætt) og Höllu Steinunni Stefánsdóttur. Þau halda tónleika í Skálholtskirkju



KARL NYHLIN Þau Halla Steinunn Stefánsdóttir fiðluleikari og Karl Nyhlin chittarone-leikari (hljóðfæri af lútuætt) mynda Nordic Affect.

Klukkan 17 á laugardaginn og klukkan 15 á sunnudaginn þar sem leikin verður tónlist frá frumdögum barokksins. Frekari upplýsingar um Sumartónleika í Skálholtskirkju 2005 er að finna á heimasíðu Sumartónleika, www.sumartoneleikar.is.

Örlagaegginn frumsýnd

Söngleikurinn Örlagaegginn eftir Mikhaíl Búlgakov verður frumsýndur á Litla Sviðinu í Borgarleikhúsinu í kvöld klukkan 20.

Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi meðlimur Quarashi, semur leikgerðina upp úr samnefndri smásögu Búlgakova, ásamt því að semja tónlistina með Péttri Benediktssyni.

Sýningin fjallar um það þegar fuglaflensa geisar í óþekktu landi og gengur að hænsnastofninum í landinu dauðum, hungursneyð og efnahagsleg kreppa vofir yfir en á sama tíma finnur prófessor nokkur upp geisla sem hann kallar lífsgeislann er getur margfaldað frumuframleiðslu þeirra lífvera þúsundfalt sem honum er beint að. Fjölmóðlarnir fréttu af þessu, stjórnmálamennirnir blandast inn í málið til að þjóðnýta geislann og nota hann til að gera tilraunir á innfluttum hænsnaeggjum með vægast sagt skelfilegum afleiðingum.



ILMUR KRISTJÁNSSDÓTTIR

„Þetta er sprenglæglegur harmleikur um dauða hænsna og manna,“ segir Bergur Þór Ingólfsson, leikstjóri sýningarinnar.

Meðal leikara í sýningunni eru Ilmur Kristjánssdóttir, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Esther Talía Casey, Sólveig Guðmundsdóttir og Aðalbjörg Þóra Árnadóttir. ■

TÓNLEIKAR

- 12.00 **Kári Þormar** á orgeltónleikum í **Hallgrímskirkju**. Tónleikarnir eru á vegum Sumarkvöldsdags við orgelið. Á efnisskrá Kára eru þrjú verk. Fyrst heyrst Tokkata eftir Jón Nordal. Þá heyrst Prelúdía og fúga í D-dúr eftir Johann Sebastian Bach. Lokaverk efnisskrárinnar er síðan Pange lingua eftir franska tónskáldið Naji Hakim.
- 20.00 Tónlistarhópurinn **Gestalæti** heldur tónleika í **Iðnó**. Fluttur verða óperuaríur, dúettar og sönglög ásamt verkum fyrir fiðlu og píano eftir tónskáld eins og Verdi, Bizet, Jón Nordal og fleiri.
- 22.00 Djassgítarleikarinn **Andrés Þór** með tónleika á **Pravda Bar** ásamt þeim **Scott McLemore** á trommur og **Porgrími Jónssyni** á bassa.

SÝNINGAR

- 15.00 Gjörningurinn **"Silence is a rhythm too"** eftir gjörningahópinum **Dreammachine** í **Nýlistasafninu**.

KVÖLDGÖNGUR

- 20.00 Kvöldganga frá Kvosinni. Lagt upp frá gamla **Geysishúsinu** Aðalstræti 2, Vesturgötumegin. **Pétur H. Ármannsson**, deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, leiðir gönguna og segir frá þekktum og minna þekktum byggingum Guðjóns Samúelssonar í Kvosinni og nágrenni. Þá mun Pétur einnig segja frá byggingum sem ætlað var að reisa en urðu ekki að veruleika. Gangan tekur um eina klukkustund og lýkur við lðu í Lækjargötu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Verður þú Jó-Jó meistari Coca-Cola á Íslandi?

Leiktu þér í allt sumar með Coca-Cola

Töframaðurinn Bjarni verður á ferðinni á Jó-Jó bílnum næstu daga. Komdu með Coke eða Coke light Jó-Jó með þér, lærðu helstu taktana og taktu þátt í Jó-Jó keppni. Þú gætir komist í úrslitakeppni sem verður haldin í Smáralind 9. júlí þar sem alþjóðlegur Jó-Jó meistari mun dæma.

Nánari upplýsingar á www.coke.is

Jó-Jó keppnin verður á eftirfarandi stöðum næstu daga:

Fimmtudagur 7. júlí	Föstudagur 8. júlí	Laugardagur 9. júlí
13:00 Kringlan	11:00 Fjörður Hafnarfirði	16:00 Úrslitakeppni í Vetrargarði Smáralindar
14:00 Garðatorg	13:00 Kringlan	
15:00 Smáralind	15:00 Smáralind	



42" plasma sjónvarp

Upplausn: 852 x 480 • Birta: 1000 cd/m2 • Skerpa: 3000:1
DNIe myndleiðrétting • 2100 síðna textavarpssmíni
Líftími 60.000 stundir áður en dregur úr gæðum myndar
m.v. sex klst á dag þá endist tækið í 27 ár.

Verð: **299.900,-**

SAMSUNG

í fremstu röð

32" LCD sjónvarp

Upplausn: 1366 x 768
Birta: 500 cd/m2
Skerpa: 600:1
DNIe myndleiðrétting
200 síðna textavarpssmíni

Verð: **199.900,-**

26" LCD sjónvarp

Upplausn: 1280 x 768
Birta: 500 cd/m2
Skerpa: 600:1

DNIe myndleiðrétting
200 textavarpssmíni

Verð: **129.900,-**



DVD spilarar



Samsung DVD P142

Spilar DVD, DVD-R/+R, DVD-RW/+RW, CD, CD-R, JPEG, MP3, SVCD

Verð: **9.990,-**



DVD-V5450

Sambyggt myndbandstæki/DVD

Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3
6 hausa stereotæki • Spilar öll svæði

Tilboðsverð: **19.990,-**



DVD-V6500

Sambyggt myndbandstæki/DVD

Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3 • Spilar DivX
6 hausa stereotæki • Spilar öll svæði

Tilboðsverð: **22.990,-**



DVDR100 - DVD skrífari

Skrifar á DVD-R/DVD-RW/DVD-RAM • Allt að 12 klst upptaka
Spilar auk þess VCD/MP3/JPEG • DV inngangur

Tilboðsverð: **34.900,-**



DVDVR300

Sambyggt DVD skrífari og myndbandstæki

Skrifar frá DVD á VHS og frá VHS á DVD.
Tekur upp á DVD beint úr sjónvarpinu og myndbandstökuvélinni.

Tilboðsverð: **49.900,-**

Með öllum **SAMSUNG** MP3 spilurum
fylgir **1.000 kr.** inneign á **TÓNLIST.IS**

YP-60

256 MB minni • FM útvarp • Spilar MP3/WMA
Uppfærslur á hugbúnaði mögulegar
Einstaklega flottur í ræktina
Kaloriuteljari og pulsmaerir • Aðeins 34 gr.

Verð: **17.490,-**



YP-T7

Spilar MP3/WMA/ASF/Ogg
Uppfærslur á hugbúnaði mögulegar
65000 líta skjár • Klukka með vekjara
FM útvarp • Minniskubbur
Diktafónn • MP3 upptaka
Endurhlaðanleg Lithium rafhlaða

512 MB: **19.990,-**

1 GB: **24.990,-**



YP-55

FM útvarp
Spilar MP3/WMA
Uppfærslur á hugbúnaði mögulegar
Minniskubbur • Diktafónn • MP3 upptaka

256 MB: **11.900,-**

512 MB: **17.490,-**



YP-T6

512 MB minni
Spilar MP3/WMA/ASF/Ogg
Uppfærslur á hugbúnaði mögulegar
Lita skjár • Minniskubbur • Diktafónn
MP3 upptaka • 20 tíma spilun

512 MB: **14.990,-**

1GB: **19.990,-**



YH-820

5 GB minni
Spilar MP3/WAV/WMA/JPEG
Uppfærslur á hugbúnaði mögulegar
Lita skjár • Minniskubbur • Diktafónn
Endurhlaðanleg rafhlaða

Verð: **29.990,-**



Samsung VP-D453

10 x linsu aðdráttur • 900 x stafrænn aðdráttur
Nætursjón í lit • Hægt að taka upp á minnskort
Hægt að nota sem vefmyndavél
Hægt að taka upp fyrir breiðtjald(16:9) • DV út

Verð: **49.900,-**

Ómissandi í sumarfríð



Samsung VP-D351

20 x linsu aðdráttur • 900 x stafrænn aðdráttur • Nætursjón
Hægt að taka upp fyrir breiðtjald(16:9) • DV út

Verð: **39.900,-**

Umboðsmenn:

Árvirkinn Selfossi, Beint í Mark Vopnafirði, Bókavarslun
Þórarins Stefánssonar Húsavík, Eyjaradio Vestmanna-
eyjum, HS Raf Eskifirði, Kaupfélag Skagfirðinga
Sauðárkróki, Krákur Blönduósi, Ljósboginn Keflavík,
Model Akranesi, Rafbúðin Hafnarfirði, Sveinn
Guðmundsson Raftækjaverslun Egilsstöðum,
Símbær Reykjavík, SR Byggingarvörur Siglufirði,
Verslunin Urð Raufarhöfn, Vest-Ment Patreksfirði,
Pristur Ísafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

ORMSSON

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SIÐUMÚLA 9
Sími 530-2800



DEAKIN ESTATE: Sumartilboð á góðu hvítvíni

Deakin Estate vínin hafa hlotið góðar viðtökur hérlandis frá því að þau komu á markaðinn nýlega. Því hefur innflytjandi þeirra ákveðið að lækka verðið á þeim um 100 kr. í júlímánuði til að kynna þau enn frekar.

Ástralir hafa löngum verið kunnastir fyrir hvítvín sín, sérstaklega úr þrúgunni chardonnay. Deakin Estate Chardonnay er ljúffengt silkimjúkt hvítvín með angan af ferskum ferskjum og melónu með eikarívafi. Á grillinu í sumar fer þetta vín vel með fiskréttum og þolir vel sítrónu í réttinum, kjúklingi, hvítu kjöti og svo salati. Gott með mildum ostum. Vinið hefur eins og mörg vín frá Deakin Estate fengið afar góða dóma. Þannig gefur vinskribentinn Mike Frost því 88 í einkunn og telur það sérstaklega góð kaup og undir það tekur Paddy Kandler í Herald Sun, sem gefur því fjórar stjörnur í einkunn.

Lækkað verð í Vínbúðum 1.090 kr.

HARBOE: Ódýrasti bjórinn í 500 ml dós



Það er alltaf skemmtilegt að rekast á gæðavöru sem er á góðu verði. Það verður þó að teljast einstakt að geta keypt hálf lítra dós af hinum velþekktu danska Harboe Premium Lager bjór á aðeins 148 kr. sem gerir Harboe að ódýrasta bjórnum í 500 ml dós í Vínbúðunum í dag. Harboe Premium Lager er tiltölulega nýr á íslenska markaðnum, en er vel þekktur í Danmörku fyrir bragðgæði og hagstætt verð. Harboe Premium Lager er 4,4%, fallega gullinn bjór með léttu fyllingu, mildri syru og litla beiskju. Hann hefur ferskt kornbragð og svolítinn karamellukeim. Það verður að segjast að Harboe er hreint út sagt magnaður!

Verð í Vínbúðum 148 kr. fyrir 500 ml. dós.



Grísk

tzatziki -íðýfa

1 íslensk gúrka
salt
100 g hreint skyr,
hrært
1/2 dós hrein jógúrt
2-4 hvítlauksgeirar,
eftir smekk
2 msk. ólífuolía
nýmaladur pipar
e.t.v. nokkrar ólifur
til skreytingar

Gúrkan rifin gróft á rifjarni og síðan sett í sigti, svolitlu salti stráð yfir og farg lagt ofan á (t.d. diskur sem passar í sigtið og síðan niðursuðudós eða eitthvað annað ofan á). Sett yfir skál og látið standa í a.m.k. hálf tíma. Gott er að þrýsta farginu niður öðru hverju til að pressa sem allra mest af safanum úr. Skyr og jógúrt hrært saman í skál, hvítlaukurinn pressaður yfir og síðan er ólífuolía, pipar og rifnu gúrkunni hrært saman við.

Smakkað og bragðbætt með meiri pipar og salti ef þarf. Kælt dálitla stund og síðan borið fram í skál, e.t.v. skreytt með ólífum. Tzatziki má hafa sem íðýfu með góðu brauði eða sem sósu með ýmsum grilluðum mat, t.d. grilluðum fiski eða lambakjöti.

Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is



JÓHANN JÓNSSON Eigandi Ostabúðarinnar við Skólavörðustíg. Þar er, auk ostanna, boðið upp á mikið úrval af dýrindis kræsingum.

Grilluð smálúða sælkerans í Ostabúðinni

Grilluð smálúða með ofnbökuðu grænmeti og Primadonna-osti er uppáhaldsuppskrift Jóhanns Jónssonar, matreiðslumanns og eiganda Ostabúðarinnar Skólavörðustíg. Primadonna er hollenskur gouda-ostur, sem búinn er að eldast vel og fæst í Ostabúðinni.

„Þetta er léttur og góður réttur og svo er þetta nokkuð einfalt og fljótlegt,“ segir Jóhann. „Ég elda mikið af fiski allan ársins hring en svona yfir sumartímann finnst mér langskemmtilegast að grilla hann.“

Jóhann hefur mikla reynslu af matargerð enda menntaður í greininni. Aðspurður hvort hann sé duglegur að elda heima hjá sér þá segist hann vera það. „Maður er meira eða minna að búa til mat allan daginn svo þetta er orðið nokkuð auðvelt fyrir mig.“

Ahuginn kviknaði snemma en hann var á unglingsaldri þegar hann fór að prófa sig áfram í eldhúsinu. Nú hefur hann átt og rekið Ostabúðina Skólavörðustíg í fimm og hálf ár og hefur mikla ánægju af. Í búðinni er að sjálf-sögðu gott úrval ýmissa tegunda osta en þar er einnig selt alls kyns sælkeragóðgæti eins og heitreyktar svartfuglsbringur og heimalagað paté.

„Það er alltaf fullt hérna í hádeginu, en við bjóðum upp á léttu

rétti milli hálf tólf og hálf þrjú á daginn. „Við leggjum sérstaka áherslu á ferskan fisk.“

Jóhann segir ferskt hráefni jafnframt vera grundvallaratriði þegar kemur að eldamennsku. „Það er nauðsynlegt að vera með fyrsta flokks hráefni í matargerð og svo er hægt að gera kraftaverk með góðum hnífum.“

Hvað fiskinn varðar þá segist Jóhann ekki vera hrifinn af miklum marinerungum eða kryddlögum. „Það sem mér finnst best, er að nota sjávarsalt, nýmullinn pipar og hvítlauk, svo fiskurinn fái að njóta sín.“

GRILLUÐ SMÁLÚÐA MEÐ OFNBÖKUÐU GRÆNMETI OG PRIMADONNA-OSTI

Smálúða
ólífuolía
hvítlaukur eða engifer

Það er æskilegt að velja þykkari bita af smálúðunni. Látið smálúðuna standa í klukkutíma utan kælis áður en hún er grilluð.

Hitið grillið vel, penslið það með olíu og penslið fiskinn á báðum hliðum með ólífuolíu. Lækkið hitann undir grillinu rétt á meðan fiskurinn er settur á grillið, því annars er hætt við að hann brenni. Hækkið hitann svo aftur. Látið grillast í 2-3 mínútur (fer eftir stærð bitans). Þá er bitanum snúð við og látinn grillast í

aðrar 2-3 mínútur. Penslið með hvítlauk eða engifer og kryddið með salt og pipar.

Athugið að þegar er verið að grilla fisk að þá er ekki gott að eiga mikið við hann á grillinu, því annars er hætt á því að hann losni allur.

OFNBAKAÐ GRÆNMETI

Fennel; 3 heil stykki, skorin í fern
Gulrætur; 6 stykki, skornar í fern
Rauðlaur; 3 stykki, skorinn í fern
100 grömm smjör
Salt og pipar
1 msk. sykurl
100 g gröfmullinn Primadonna-ostur

Grænmetið er sett í ofnskúffu, smjórið brætt og því hellt yfir og kryddað með salti, pipar og sykri. Bakist í ofni í 45 mínútur til klukkutíma við 180 gráðum. Gott er að hræra öðru hverju upp í grænmetinu. Primadonna er sett saman við grænmetið eftir eldun í ofni.

DRESSING

1 dl ólífuolía
3 msk. balsamic
2 msk. hunang
1/2 tsk. gröfmullinn rósapipar

Þessu er öllu slegið saman í skál.

Ellefti ættliður Guntrum tekinn við



Um síðustu áramót tók ellefti ættliður Guntrum-fjölskyldunnar við vínhúsi þessa þekktu þýska framleiðenda. Louis Konstantin Guntrum hefur starfað við hlið föður síns, Hans Joachim Louis Guntrum, um nokkurra ára bil en hefur nú alfarið tekið við stjórnartaumunum. Víngerðin Weingut Louis Guntrum var stofnuð 1648 og hafa allir karlar ættarinnar síðan borið nafnið Louis þótt þeir feðgar hafi ævinlega verið þekktir undir hinum skírarnafnum sínum.

Weingut Louis Guntrum hefur allengi verið í hópi kunnari vínhúsa Þýskalands og hér á landi hafa vín þeirra selst einkar vel, hvítvinið Riesling Royal Blue t.d. verið í hópi söluhæstu hvítvína um langa hríð. Vinið í bláu flöskunum sem flestir kannast við, er höfundarverk Hans Joachim en undir stjórn hans óx víngerðin mjög. Hann var óþreytandi að ferðast um heiminn, kom til að mynda hingað til Íslands og ferðist um allt landið í stað þess að



KONSTANTIN OG STEPHANE GUNTRUM Sjá mikla möguleika í þýskri víngerð.

stíga einungis niður fæti á höfuðborgarsvæðið eins og svo margir víngerðarmenn sem hingað koma láta sér nægja. Hans Joachim er mikill hómoristi og svo virðist sem Konstantin hafi erfð létt skap föður síns og frjálslega framkomu í hinum annars formlega vínheimi. Konstantin gefur lítið fyrir snobb í kringum vín, vill hafa vín sín hrein og bein með áherslu á gæði á góðu verði. „Ég vil ekki hafa hlutina of flókna og það er mjög mikilvægt að neytandinn geti treyst því að innihald-

ið standist ævinlega væntingar hans,“ segir Konstantin, sem er einn af þeim víngerðarmönnum sem vill nota skrifutappa á vínflöskur sé þess kostur. „Það er óttalegt snobb í kringum korktappana og ég get svosum að mörgu leyti skilið rómantikuna í kringum það að taka upp flösku á gamla máttann. En staðreyndin er hins vegar sú að alltof margar flöskur eru korkaðar af því að tapparnir eru einfaldlega ekki nógu góðir og það er ævinlega ströggil að fá nógu góða tappa. Ef fleiri vínframleiðendur færu að nota skrifutappa fyrir þau vín sem eru tilbúin til neyslu og á að neyta ferskra, eins og staðreyndin er um mikinn meirihluta þeirra vína sem framleidd eru, þá myndi vera nægt framboð af gæðakorki fyrir þau vín sem þurfa á geymslu á halda. Geymslunin verða auðvitað áfram að vera með korki svo að eilítil öndun eigi sér stað,“ sagði Konstantin um leið og hann sýndi helstu stolt vínhússins, sætvín frá 1976 og seinni uppskeru vín frá 1985 sem höfðu elst einstaklega vel.

TOMMASI: Heil fjölskylda verðlaunavína

Þau eru Íslendingum vel kunn, vínin frá hinum ítalska Tommasi vínframleiðanda, enda algeng á svignandi veisluborðum við alls kyns tilfni. Tommasi-fjölskyldan er margbreytileg og margslungin, allt frá léttum og þægilegum Rafael kertaljósavíni eins og Le Volpare, þéttu og miklu Le Rosse hvítvíni og til hins dásamlega Amarone. Öll hefur Tommasi vínfjölskyldan verið hlaðin verðlaunum, sem sést best á töflunni hér við hliðina. Helstu vísérfræðingar hins vestræna heims setja Tommasi meðal bestu kaupa í víni. Það ætti að einfalda valið fyrir mann næst þegar maður skreppur út í Vínbúð.

	WINE ENTHUSIAST	WINE SPECTATOR	DECANTER
AMARONE CLASSICO	Bestu vínin 2004: 90/100	91/100	*****
CREARO	89/100		Bestu meðmæli: *****
RIPASSO	Bestu vínin 2004: 88/100	86/100	
RAFAEL	Bestu vínin 2004: 86/100		
LA ROSSE	Bestu vínin 2004: 86/100	83/100	Bestu kaup: *****
LE PRUNEE	84/100	84/100	
LE VOLPARE (SUAVE)	Bestu vínin 2004: 87/100	Bestu kaup: 85/100	



VEITINGASTAÐURINN

MÍÐBAR LAUGAVEGI 73, 101 REYKJAVÍK



MÍÐBAR Aðstandendur Miðbars bjóða upp á safaríkar nautasteikur en halda verðinu í lágmarki.

Af básnum á borðið



Veitingastaðurinn Miðbar er nýopnaður og hann hefur glæsilega sérstöðu því eigandinn ræktar sjálfur nautakjötið sem hann býður upp á. „Ég er með holdanautaræktun undir vörumerkinu Amarhóll,“ segir Kristinn Björnsson, bóndi í Gaulverjabæjarhreppi. „Þetta er þróunarverkefni hjá okkur. Ég er bara íslenskur bóndi sem reynir að koma sér á framfæri í borginni.“

Hvernig er stemningin: Í sumar ætla þau að vinna í því að komast á kortið en í haust er stefnt að því að móta staðinn í takt við andrúmsloftið sem hann hefur markað sér.

Matseðillinn: Matseðillinn skiptist í þrennt: hamburgara, nautasteikur og rétti dagsins, en grunnuppistaðan í allri matargerðinni er íslenskt sérreктаð nautakjöt af bóndabænum. „Það er enginn með holdanautakjöt í hamburgurinum hjá sér annars staðar,“ segir Kristinn. Staðurinn býður upp á sér línu af spænsku rauðvíni með.

Vinsælast: Það á eftir að koma í ljós. Á Miðbar verður boðið upp á alvöru nautasteikur sem verða allt frá 200 grömmum upp í 700 grömm og eru þær líklegar til að slá í gegn. Einnig má ætla að T-bone-steikurnar og nautakótelettarnar muni ganga vel í fólk.

Réttur dagsins: Á boðstólum verður réttur dagsins og er hann mismunandi dag frá degi. Dæmi um rétti dagsins eru gúllassúpa, nautsnísel, roastbeef og laukbuff með spældu eggi.

Sumar sprengja

Landsins mesta úrval af Amerískum ísskápum með eða án klakavél. Hvítir, svartir eða stál



Allt að **30% afsláttur**



Verð frá aðeins kr. **Stgr. 129.900.-**

*Tvöldur LG-kæli-og frystiskápur, hvítur

DVD spilarir með karaoki sprengjuverð kr. **6.490.-**

ELFUNK 14" Sjónvörp Sprengjuverð kr. **9.900.-**

Vinsælasta uppvottavélin **TAKMARKAÐ MAGN**

Edesa uppvottavél LE21S
Frábær uppvottavél, tekur 12 manna matar- og kaffistell. 5 þvottakerfi (sparnaðarkerfi) 2 hitastillingar o.m.fl.

RUGLAÐ VERÐ

Aðeins Stgr. kr. **34.900.-**



WhiteKnight þéttipurkari CL 767LDO
6kg barkalaus þéttipurkari, með 2 hitastigum, veltir í báðar áttir. Kælir niður þvottinn áður en hann slekkur á sér. Hægt að leiða vatn í niðurfall.

Aðeins Stgr. kr. **39.900.-**

Mastercook Eldavélar



50 eða 60 cm breiðar með keramik eða steypum hellum. Vandaðar eldavélar á hreint ótrúlegu verði!

Eldavélar Sprengjuverð frá kr. **29.900.-**



LG

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Opið laugard. 11:00 -16:00

Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ 2.290 þ.

HYUNDAI SANTA FE V6
Nýskr. 07.2003 2700cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 62 þ.



→ 2.690 þ.

HYUNDAI STAREX 4x4
Nýskr. 02.2004 2500cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 62 þ.




→ 2.090 þ.

LAND ROVER DISCOVERY
Nýskr. 09.1999 2500cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 128 þ.



→ 1.850 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 12.1997, 4600 cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 142 þ.



→ 2.450 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 03.1998, 4600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 99 þ.



→ 3.690 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 10.2000, 4600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 68 þ.

bíla B&L
land
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18

575 1230

„Oh you're in charge? Well I got news for you Dwayne, from up here it doesn't look like you're in charge of jack shit.“

John McClane lét lögreglustjórn Dwayne heyrja það í fyrstu Die Hard-myndinni þegar Dwayne sagði hafa alla stjórna á umsaðinu um háhýsið í Los Angeles. Myndin gerði Bruce Willis að stórstjórnu. Stuart Wilson, sem lék vondu náungann í Nonna og Manna, lék þjófinn Hans Gruber.

bíó

bio@frettabladid.is



CHRIS HUGHES Sveitastjórinn Chris Hughes kemst heldur betur í feitt þegar hann erfir klámblaðafyrirtæki foreldra sinna.

Sveitapiltsins draumur

Kvikmyndin Who's Your Daddy? verður frumsýnd í Sambíunum á morgun. Segir hún frá Chris Hughes sem telur sig vera venjulegan úthverfastrák frá Ohio. Þegar hann er rétt búinn að klára framhaldsskólann kemst hann í raun um að hann er ættleiddur og foreldrar hans séu Peter og Honey Mack, eigendur stærsta klámblaðafyrirtækis Bandaríkja. Þau eru nylátin og Chris þarf að stjórna blaðinu. Hann verður því umkringdur fallegum, fáklaðum konum auk þess að þurfa berjast við frænda sinn, Duncan Mack, sem reynir að hriksa völdinu úr höndunum á honum.



90,9

DV

Fær 75 milljónir en er samt blákur

Segist veiða sér sjálfur í soðið



þorir þegar aðrir þegja!

Lék í myndbandi með Madonna

Ferill **Benicio Del Toro** er keimlíkur margra annarra leikara. Eintómt basl í umhverfi þar sem þolinmæði er dyggð. **Del Toro** er fæddur í **Púertó Ríkó** og bjó þar við ágæt efni enda foreldrar hans báðir lögfræðingar. Eftir að móðir hans dó flutti faðir hans með fjölskylduna til Pennsylvaníu og allt útlit var fyrir að **Del Toro** myndi feta í fótspor föður síns. Hugur hans stefndi þó alltaf í leiklistina. Hann lét drauminn rætast og lærði hjá hinni virtu **Stellu Adler** í **Los Angeles**.

Það var ekki mikið um að vera hjá **Del Toro** þegar því námi lauk. Hann kom meðal annars fram í **Miami Vice** árið 1987 og lék í myndbandi hjá **Madonna**. Þá lék hann í **Pee Wee Hermann** mynd þar sem hann fór með hlutverk **Duke the Dog – Faced Boy**. Það var ekki fyrr en framleiðendur **James Bond** vantaði suður-amerískan ribb-



BENICIO DEL TORO Á upphafsárum sínum í leiklistinni fékk Del Toro ekki úr miklu að móða. Hann lék í einum Miami Vice-þætti þar sem persóna hans skipti svo litlu máli að hún hafði ekkert nafn.

alda í kvikmyndina **Licence to Kill** að **Del Toro** fékk að reyna sig við alvöru hlutverk. Því miður fyrir **Del Toro** er **Licence to Kill** talin vera versta Bond-myndin og hún varð honum ekki til framdráttar.

Fimm árum síðar var loks tekið eftir **Del Toro** af einhverri alvöru. Þá lék hann ásamt **Ed Harris** í kvikmyndinni **China Moon**. Frammistaða hans varð til þess að **Bryan Singer** valdi hann til að leika **Fred Fenster** í gæðamyndinni **Usual Suspects**. Þar með var ferill hans tryggður. **Del Toro** er af mörgum talinn einn besti leikari Hollywood og fékk **Óskarsverðlaun** fyrir leik sinn í **Traffic**. Hann hefur reynt að halda sig sem lengst frá „ekta“ Hollywood-myndum og kys frekar að taka áhættu í vali sínu á hlutverkum.

Utangarðsmennirnir Rodríguez og Miller

Það voru fáir leikmunir notaðir. Kannski eitt barborð, tré og bíll. Leikararnir stóðu yfirleitt einir fyrir framan grænt tjald og hittu varla samleikara sína. Hún er öll í svart/hvítu og heitir **Sin City**.

Leikstjórinn **Robert Rodriguez** eyddi ansi mörgum símtölum í að sannfæra höfund **Sin City**, **Frank Miller**, um að leyfa sér að kvikmynda sögur hans um **Syndabælið**. **Frank Miller**, sem á meðal annars heiðurinn af endurvakningu **Leðurblökumansins**, var fullur efasemda enda hefur hann misjafna reynslu af Hollywood. **Rodriguez** hafði eitt lokatromp á hendinni og bauð **Miller** til sín í Texas þar sem höfundurinn fékk að fylgjast með þegar **Rodriguez** tók upp atriði með **Josh Hartnett**.

Þrír leikstjórar í stað eins

Þrátt fyrir að **Miller** væri ekki alveg sannfærður þá varð hann það endanlega þegar **Rodriguez** upplýsti hann hvernig hann ætlaði að gera myndina. Hann ætlaði ekki að breyta myndasögnum í kvikmynd heldur kvikmyndinni í myndasögur. Eftir það varð ekki aftur snúið. Ekkert eiginlegt handrit er til að myndinni því að myndasögur **Millers** eru handritið. **Rodriguez** krafðist þess enn fremur að **Miller** yrði aðstoðarleikstjóri. Það gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig. Samtök bandarískra leikstjóra mótmæltu þessari tilhögun þar sem **Miller** væri ekki í samtökunum. **Rodriguez** svaraði samtökunum með úrsagnarbréfi með þeim orðum að það væri annaðhvort að fylgja reglunum eða gera myndina. Þar með hafði flestum hindrunum verið rutt úr vegi og þeir gátu loksins hafist handa. **Rodriguez** fékk lærimeistara sinn, **Quentin Tarantino**, til þess að vera með. Það er því ekki bara einn leikstjóri að **Sin City** heldur þrír.

Sin City er ekki venjuleg kvikmynd. Hún er tekin upp stafrænt og allir leikarar stóðu fyrir framan grænt tjald. Þeir léku því sjaldnast



ROBERT RODRIGUEZ Leikstjórinn tók alla **Sin City** myndina upp í myndverinu sínu í Austin, Texas. Leikararnir þurftu sjaldnast að dvelja lengi við, **Bruce Willis** eyddi til að mynda einungis tíu dögum í tókur.



FRANK MILLER Hefur misgöða reynslu af því þegar Hollywood hefur sett myndasögur hans á hvíta tjaldið. **Rodriguez** sagði sig úr samtökum kvikmyndaleikstjóra til þess að **Miller** gæti verið meðleikstjóri.

hvor á móti öðrum. Í einu atriði sjást nánast allir aðalleikararnir en þótt ótrúlegt megi virðast hittust þeir ekki til að taka það atriði upp. Leikararnir fengu enn fremur send til sín hasarblöð og vissu því nokkurn veginn hvernig kvikmyndin yrði. Þetta auðveldaði **Rodriguez** að fá þá leikara sem hann vildi því þeir vissu að hverju þeir gengu. Þar að auki fer það orðspor af **Rodriguez** að andrúmsloftið á vinnustaðnum sé mjög afslappað og leikarar fá tiltölulega frjálslar hendur.

Utangarðsmaður í Hollywood

Rodriguez er hálfgerður utangarðsmaður í Hollywood. Hann var nemi í Austin í Texas þegar hann settist niður og skrifaði handritið að **El Mariachi**. Hann klippti myndina sjálfur og samdi við hana tónlist. Hún kostaði einungis sjö þúsund dali og **Rodriguez** fjármagnaði hana með því að taka þátt í allskyns tilraunum hjá lyfjafyrirtækjum. Svo fór þó á endanum að hún hlaut áhorfendaverðlaun á Sundance-kvikmyndahátíðinni. Í kjölfarið fylgdi endurgerð á henni þar sem **Antonio Banderas** fór með hlutverk leigumorðingjans. Myndin varð gríðarlega vinsæl og **Rodriguez**

varð eitt heitasta nafnið í Hollywood. Myndir eins og **From Dusk to Dawn**, **The Faculty**, **Once Upon A Time in Mexico** voru næstu verkefni **Rodriguez** að ógleymdum **Spy Kid**-myndunum sem nutu grófarlegra vinsælda. **Rodriguez** náði þó ekki að viðhalda orðspori sínu í Hollywood og hann varð þekktari og þekktari fyrir að vera „góður vinur **Tarantino**“. **Sin City** hefur nú fleytt honum aftur í sviðsljósið og það verður forvitnilegt að sjá hvernig honum gengur að fylgja þeirri velgengi eftir.

Rodriguez er þó ekki bara kvikmyndaleikstjóri heldur velur hann yfirleitt tónlistina við myndir sínar sjálfur. Hann valdi einnig tónlistina í **Kill Bill**-myndir **Tarantino**. Hann hafði lesið fyrstu þrjátíu blaðsíðurnar árið 1994 og sagðist vilja koma að þessu verkefni. Þegar **Tarantino** loks lét verða af því að búa til myndirnar hermdi hann loforðið upp á **Rodriguez** sem sagðist myndi gera það frítt. Vegna lagalegra ákvæða mátti hann það ekki svo hann rukk-aði einn dollara, það sama og **Tarantino** fékk fyrir að koma að **Sin City**.

Myndin verður frumsýnd í Smárabíó í kvöld. ■

FRUMSÝNDAR UM HELGINA



Sin City
Internet Movie Database 8,3 / 10
Rottentomatoes.com 78% / Fresh
Metacritic.com 7,5 / 10



Who's Your Daddy
Internet Movie Database 4,5 / 10
Rottentomatoes.com
Metacritic

SUMMAR TILBOÐ!

Tilboð á bílaleikjum - verðin keyrð niður!



Formula One 2005



Juiced



Midnight Club 3 DUB Edition



MX vs ATV Unleashed



Burnout



Gran Turismo 4



Moto GP 4



Need for Speed Underground 2

20% afsláttur
af öllum bílaleikjum
í Skífunni helgina
7.-10. júlí



Kynntu þér úrvalið í verslunum Skífunnar!



...skemmtir þér ;)

SIN CITY SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

FRUMSÝNING

SIN CITY

„SVALASTA MYND ÁRSINS!“
***** P.P. FRETTLAÐIÐ

„HREIN OG TÆR
UPPLIFUN... GJÓRSAMLEGA
GÓÐVEK MYND!“
***** K&F XFM

„HELDNA FRÁBER MYND“
***** T.V. kvikmyndir.is

***** D.O.J. Kvikmyndir.com

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 5.20, 8, og 10.40 • Sýnd í lúxus kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 16 ára

guesswho
Hinn eini rétti
Hefur aldrei verið eins rangur!
Frábær gamanmynd sem fór beint
á toppinn í USA.

Sýnd kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.i. 14 ára

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 14 ára

YET?
Sýnd kl. 4 og 6

STAR WARS EPISODE II
Sýnd kl. 5, 8 og 10.40

Dolby Digital THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

SIN CITY REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

guesswho
Hinn eini rétti
Hefur aldrei verið eins rangur!
Frábær gamanmynd sem fór beint
á toppinn í USA.

Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.10

Mr. & Mrs. Smith
Yfir 30.000 gestir!

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

LAYER CAKE
Sýnd kl. 5.40, og 8 B.i. 16 ára

KINGDOM OF HEAVEN
Sýnd kl. 10.10 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

WAR OF THE WORLDS
LAUGARAS BÍÓ
- bara lúxus
Sími 553 2075

INN RÁSIN ER HAFIN

TOM CRUISE

WAR OF THE WORLDS

Ekta stórslysmynd
Innrásin er gírnileg sumarskemmtun,
poppkornamynd af bestu gerð!

VINSÆLASTA MYNDIN Á ISLANDI
YFIR 16.000 GESTIR

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20-POWER B.i. 14

Kevin Costner
Joan Allen
Frá leikstjóra
Bourne Identity

FRÁBER GRÍNMYND

upside of anger
Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 10

MONSTER
Sýnd kl. 6 og 8

www.laugarasbio.is

Kvartað yfir blótsyrðum

Um 400 manns hafa kvartað yfir þeim fjölda blótsyrða sem tónlistarmenn létu út úr sér uppi á sviði á Live 8 tónleikum í Hyde Park í London um helgina.

Rapparin Snoop Dogg og Madonna voru á meðal þeirra sem blótuðu í beinni útsendingu og fór það mjög fyrir brjóstið á breskum sjónvarpsáhorfendum. „Milljónir manna skemmtu sér yfir útsendingunni okkar sem stóð yfir í 12

tíma. Okkur þykir það mjög leitt ef einhver hefur móðgast,“ sagði talsmaður tónleikanna. ■



MADONNA Söngkonan Madonna blótaði í beinni útsendingu rétt eins og Snoop Dogg.

Cat Power bætist við

Bandaríska tónlistarkonan Cat Power hefur bæst í hóp þeirra listamanna sem koma fram á Innipúkanum á Nasa um verslunarmannahelgina.

Yfir þrjátíu listamenn koma fram á hátíðinni og halda uppi fjöri frá miðjum laugardegi fram á mánudagsmorgun. Af fleiri listamönnum sem koma fram má nefna Blonde Redhead, Raveonettes og Jonathan Richman. Miðasala á hátíðina hefst næstkomandi föstudag kl. 10 í verslun 12 Tóna og í Hive. ■



CAT POWER Bandaríska tónlistarkonan Cat Power spilar á Innipúkanum um verslunarmannahelgina.

Saxófónleikari Sálárinna þenur raddböndin

Söng næstum sitt síðasta

Sálverjinn Jens er á batavegi eftir raddbandaaðgerð, en hann missti röddina á karaoke-bar í Árósum fyrir skemmstu. Jens söng ekki nema eitt lag, en átökin voru slík, að röddin gaf sig áður en kom að sóló-kaflanum. Raddleysið varð til þess að forráðamenn Idol eru hættir við að ráða Jens í dómastarf á komandi vetri, því hann þykir þess vart umkominn að

veita holl söngráð. En sviðsframkoman í Árósum varð þó til þess, að Jens er nú goðsagnarpersóna þar um slóðir og var honum í vikunni boðið hlutverk í lillabláu kvikmyndinni „Í Mikrofónens Tegn“. Jens mun nota sviðsnaufnið Ove Søltoft. ■

JENS HÚBERT HANSSON: Andartaki áður en röddin brast og hvarf



Sterkur tebolli

[TÓNLIST]


UMFJÖLLUN

Oft finnst mér íslenskar hljómsveitir vera allt of litáðar af einum áhrifavaldi og varla hægt að hlusta á þær án þess að bera þær ósjálfrátt við þann áhrifavald. Sjaldan sigra íslensku hljómsveitirnar þá í þeim samburði. Hudson Wayne er ekki beinlínis ein af þessum hljómsveitum en þó er vel hægt að heyrja að þeir hlusta greinilega mikið á Interpol, Johnny Cash og Will Oldham. Platan er dimm, þung og hæg þó að einstaka lag rokki hana örliðið upp með hraðari takti. Þetta er svona tónlist sem fær mann til þess að hugsa: „Hmm, ég þyrfti að kaupa mér reykelsi.“ Það væri kannski snúðugt að láta þau fylgja með í kaupbæti.

Söngvarinn, Þráinn Óskars-son, er með dimma og ráma rödd sem minnir sterklega á Johnny Cash, Nick Cave og jafnvel Leonard Cohen í seinni tíð. Þráinn er með flotta rödd en eftir mikla hlustun verður hún örliðið þreytt og í laginu Coffee kemur Ólöf Arnalds sem betur fer inn sem ferskur andblær. Hún gekk til liðs við sveitina eftir upptöku plötunnar og held ég að stúlkan geti gert heilmikið fyrir hlóm Hudson Wayne með sinni fallegu rödd.

Lagið Sentry sker sig örliðið úr hinum lögunum og minnir trommuleikurinn stundum á Strokes eða ungu sveitina Bloc Party. Titillag plötunnar er einnig gott með skemmtilegri spænskri stemningu.

Ég viðurkenni það fúslega að



HUDSON WAYNE: THE BATTLE OF THE BANDIDOS

NIÐURSTAÐA: Allur hljóðfæraleikur er svo mjög vel útfærður og skemmtilega hrár á stundum sem er gott því fátt er leiðinlegra og ópersónulegra að mínu mati en yfir-próðuseruð plata. Strákarnir gera þetta vel en ég held að næsta plata verði jafnvel enn betri með nýjum liðsmönnum.

svona tónlist er hálfþunglyndisleg fyrir minn smekk. Ekki á veg minn tebolli og kannski örliðið of sterkur. Það þýðir samt ekki að ég sé ekki til í að smakka á honum og jafnvel fá mér tvo bolla. Það sem ég verð sérstaklega að lofa er þó sjálft plötuumslag. Það er hannað af Ragnari Kjartanssyni og er sérstaklega smekklegt og töff í hráum stíl sem passar vel við tónlistina.

Allur hljóðfæraleikur er svo mjög vel útfærður og skemmtilega hrár á stundum sem er gott því fátt er leiðinlegra og ópersónulegra að mínu mati en yfir-próðuseruð plata.

Strákarnir gera þetta vel en ég held að næsta plata verði jafnvel enn betri með nýjum liðsmönnum.

Borghildur Gunnarsdóttir

SÁLÁRIN hansjónsmíns

SÁLAR SUMARIÐ 2005

Pulsaðu þig upp í sumar!

Íslendingar þorðu **SS pylsur**

Um helgina: Nasa föstudag og Akranes laugardag („Lopapeysan 2005“, ásamt Pöpum o.fl.) [næst: Lau. 16da: Hvíta húsið, Selfossi]

Coca-Cola

www.sambioin.is STARSTA KVÍKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 538 1919 • www.haskolabio.is

T O M C R U I S E

WAR OF THE WORLDS

SV. MBL: INNFRÁSIN ER GJERNILEG SUMARSKEMMTUN. POPPKORNSMYND AF BESTU GERÐ!

INNFRÁSIN ER HAFIN!

OOH, DV: EKTA STÓRSLYSAMYND KVÍKMYNDIR.IS OHT, RAS2

CHRISTIAN BALE MICHAEL CAINE LIAM NEESON KATE HOLMES PATE OLDMAN DARYL ANTHONY JOHNSON MORGAN FREEMAN

★★★★★
NIV OG MIKLU BETRI
LEIÐSÖLUNARADUR
MBL, HILDIR LOFTSDÓTTIR

★★★★★
TÓ.L. KVÍKMYNDIR.IS

★★★★★
KVÍKMYNDIR.IS

★★★★★
GLEIÐINGU BLÉTTU HINDUR
BATMAN HEFUR HAFIN
HESSE ER HVALD
ANDRI CASPONE X-FM VTA

★★★★★
HÖRNING'S FRI
BLÁDID

★★★★★
LOKSINS, LOKSINS
M.M.M. XFM 91.9

★★★★★
GLEIÐINGU HINDUR, PETTA
ER ALVORU BATMAN
S.O.M. DV

BATMAN BEGINS

BATMAN, EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR!

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
WAR OF THE WORLDS KL. 3.20-5.40-8-10.30	WAR OF THE WORLDS KL. 8-10.30 B.I. 12	BATMAN BEGINS KL. 5.10-6.30-8.10-10 B.I. 12
WAR OF THE WORLDS VIP KL. 3.20-5.40-8-10.30	BATMAN BEGINS KL. 8-10.30 B.I. 12	HOUSE OF VAX KL. 10 B.I. 16
BATMAN BEGINS KL. 3.30-4.30-5-6.30-8-9.30-10.30-10.50		THE WEDDING DATE KL. 8
A LOT LIKE LOVE KL. 6-8.15-10.30		HITCHHIKER'S GUIDE TO THE GALAXY KL. 5.50
SVAMPUR SVEINSSON <i>isl. tal</i> KL. 4		
	AKUREYRI	
	BATMAN BEGINS KL. 5.30-8.10.30	
	KICKING & SCREAMING KL. 6-8	
	CRASH KL. 10	

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBIOIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 388 8900 AKUREYRI ☎ 681 8888 KEFLAVÍK ☎ 421 7770

Skotheld snilld

[KVÍKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Eg á eiginlega bágt með að koma orðum að því hversu frábær bíómynd *Sin City* er en get fullyrt að það er ekki á neinn hallað þó ég segi það og skrifi að hér sé komin svalasta mynd ársins og besta mynd þessa sumars. *Sin City* er þó að vísu síður en svo allra og mörgum mun sjálfsagt þykja nógu um groddalegt ofbeldið, staðlaðar kynjamyndir, kvenfyrirlitningu og yfirkeyrða karlrembu en það er bara ekki hægt að endursegja myndasögur Franks Miller úr lastabælinu *Sin City* án þess að halda þessu öllu vandlega til haga. Það er ekkert pláss fyrir pólitíska réttthugsun í *Sin City* og það er jafn fánýtt að kvarta yfir berum stelpum í *Sin City* og of mörgum geimskipum í *Stjörnustríði*.

Mörg sorgleg dæmi (*Daredevil*, *Elektra*, *The League of Extraordinary Gentlemen*, *From Hell*) hafa sannað það að eðalmyndasögur geta steindrepist á hvíta tjaldinu og Rodriguez hefur hæglega getað klúðrað *Sin City* en með höfundinn, Miller, sér við hlið slær hann ekki eina einustu feilnótu. Myndin byggir á þremur *Sin City* bókum Millers, *The Hard Goodbye*, *That Yellow Bastard* og *The Big Fat Kill*. Efniviðurinn er auðvitað skotheldur og

Rodriguez breytir engu sem máli skiptir og kaldhömruðum samtölum Millers er veitt beint á tjaldid þannig að unun er á að hljóða.

Þá nýtti Rodriguez sér tölvutækni í botn og tekst á undraverðan hátt að blanda saman leikurum af holdi og blóði og tölvugrafík, þannig að teiknaðir myndarammar Millers lifna við í bókstaflegri merkingu. Það má eiginlega segja að bækur Millers séu einnig „storyboard“ myndarinnar.

Allir leikarar, bæði í aðal- og aukahlutverkum, standa sig frábærlega en fremstir fara þeir á kostum gamla brúnið Mickey Rourke og Bruce Willis. Rourke leikur tuddann Marv með stórkostlegum tilþrifum og það er óhætt að segja að með þessu hlutverki hafi þessum heillum horfna leikara verið gefið ómetanlegt tækifæri til upprisu. Mickey Rourke er Marv. Það er ekki hægt að segja neitt meira um það. Stórkostlegt og velkominn aftur heillakallinn!

Undir allri þessari snilld kraumar svo eðaltonlist, menguð seiðandi saxófónleik, sem bindur alla þessa svart/hvítu dýrd saman í *film noir* í sinni tærustu mynd. *Sin City* er hátæknilistaverk og um leið óður til svart/hvítu reyfarana sem áttu sitt blómaskeið upp úr 1940. Allt er þetta svo vel gert að maður á alveg eins von á að Humphrey Bogart



SIN CITY

LEIKSTJÓRAR:

ROBERT RODRIGUEZ OG FRANK MILLER

AÐALHLUTVERK:

MICKEY ROURKE, BRUCE WILLIS,

JESSICA ALBA, CLIVE OWEN

NIÐURSTAÐA: *Sin City* er hátæknilistaverk og um leið óður til svart/hvítu reyfarana sem áttu sitt blómaskeið upp úr 1940. Allt er þetta svo vel gert að maður á alveg eins von á að Humphrey Bogart birtist í einhverju regnvotu og skuggalegu strætinu.

birtist í einhverju regnvotu og skuggalegu strætinu.

Sin City hefur því fullan rétt á að vera gamaldags karlremba og þó tver meginsögurnar, *The Hard Goodbye* og *That Yellow Bastard*, séu glettilega keimlíkar og myndin í rauu og veru tveggja klukkustunda blautur draumur unglingspilts er hún æði.

Þetta verður ekki betra!

Þórarinn Þórarinnsson

Elizabeth sækir um skilnað

Leikkonan Shannon Elizabeth hefur sótt um skilnað frá eiginmanni sínum til þriggja ára, Joseph D. Reitman. Þau hafa ekki búið saman síðan í mars.

Elizabeth, sem er 31 árs, sló í gegn í fyrstu *American Pie*-myndinni sem hinn kynþokkafulli skiptinemi frá Tékklandi Nadia. Hún lék einnig í *American Pie 2* auk þess sem hún hefur farið með hlutverk í *Jay and Silent Bob Strike Back* og *Scary Movie*. Á meðal mynda sem Reitman hefur leikið í eru *Drop Dead Sexy* og *Choices*.



SHANNON ELIZABETH Leikkonan sem sló í gegn í *American Pie* hefur sótt um skilnað.

U2 fær hlutina sína aftur

Írsku hljómsveitin U2 vann mál sitt gegn fyrrvarandi stílista sínum, Lola Cashman. Cashman hafði eignað sér nokkra hluti sem höfðu mikið gildi fyrir sögu sveitarinnar og sagði hljómsveitarmeðlimi hafa gefið sér þá. Meðal þess sem Cashman hafði í fórum sínum voru buxur og Stetson-hattur sem Bono var í á Joshua Tree-hljómleikaferðalaginu. Hlutirnir voru metnir á rúmlega fjögur hundruð þúsund krónur.

Dómarinn Matthew Deery kvæð upp úrskurð sinn í réttarsalnum í Dublin og sagði augljóst að Cashman hefði tekið hlutina án leyfis. Þá



BONO Söngvarinn knái úr U2 fær hattinn sinn og buxurnar aftur eftir að dómarari í Dublin úrskurðaði hljómsveitinni í hag.

þótti honum frásögn hennar mjög ótrúverðug. Honum fannst ólíklegt að Bono hefði striplast um á nærbuxum eftir tónleika en Cashman hélt því fram að Bono hefði gefið henni buxurnar og hattinn eftir tónleika sveitarinnar í Arizona 1987. Þá var það Cashman varla til framdráttar að hún gaf út ósamþykka ævisögu hljómsveitarinnar „*Inside The Zoo*“ sem kom sveitarmeðlimum í mikið uppnám. Bono sagði sjálfur fyrir rétti að hljómsveitin gæfi yfirleitt ekki hluti frá sér og sér í lagi ekki hann, þar sem þeir væru honum mikilvægir.

SAMSUNG Digimax 402

- 4,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- 1,8" skjár
- 16 mb innra minni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslusett fylgir með
- Verð: **14.950 kr**

2.990 kr.
á mánuði*

* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

Kodak EXPRESS

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I'm not gonna knock you down this time! I'm gonna put you through the street!“

Svar:
Tommy Gunn úr kvikmyndinni Rocky V frá árinu 1996.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRGUNNUR ODDSÓTTIR TEKUR OFAN FYRIR SILVÍU NÓTT OG STELPUNUM Í BANANAS.

Konur geta líka verið myndnar

Einhverra hluta vegna virðist humor og fíflangangur í íslensku samfélagi dálítið bundinn við karla. Strákarnir á Stöð tvö eru karlkyns, Spaugstofumenn eru karlkyns, Tvíhöfði er karlkyns, Halli og Laddi eru karlkyns og svo mætti lengi telja. Karlar mega gera sig að fífl í sjónvarpinu meðan hlutverk kvenna á skjánum virðist fyrst og fremst snúast um að vera þægar og sætar. Sést kannski best á því að þátttaka í fegurðarsamkeppni virðist vera orðin skilyrði fyrir því að fá starf í sjónvarpi. Upp á síðkastið hafa nokkrar stúlkur hins vegar sýnt fram á það að konur geta alveg verið myndnar. Þær geta meira að segja verið myndnar þótt þær séu líka sætar!

Silvía Nótt er ein af þeim. Í byrjun fannst mér þátturinn hennar ömurlegur. Algjörlega glataður. Horfði á fyrsta þáttinn og lét Silvíu fara agalega í taugarnar á mér. Sat eins og gömul kerling með samanbitnar varir og hneykslaðist. Hélt að æska landsins væri að fara til fjandans. Núna finnst mér þátturinn bráðfundinn. Svo fundinn að ég pissa næstum í brækurnar þegar Silvía byrjar að tala. Hef áttað mig á því að stelpan er snillingur. Viðbjóðslega fundinn snillingur. Svo eru það stelpurnar sem kalla sig Bananas. Þær eru með innslag í Kvöldþættinum á Sirkus og gera þar skemmtilegt grín. Hrikalega myndnar. Ég er ótrúlega ánægð með þessa þróun og bíð nú spennu eftir því að Strákarnir á



STELPURNAR Í BANANAS Þær eru bráðfundnar og tókst að fá vinnu í sjónvarpi þrátt fyrir að hafa aldrei tekið þátt í fegurðarsamkeppni. Stöð tvö féi stelpu til liðs við sig. Þessi stelpa gæti gert eins og þeir. Borðað líkamshár, sýnt á sér rassaskoruna og gert sig að fífla á almannaferi. Hver væri ekki til í að sjá það? Ég tala nú ekki um ef hún væri sæt í ofan á lag.

08.00
Golf
OPNA BRESKA MEISTARAMÓTIÐ Í GOLFÍ 2005

20.00
Raunveruleiki
THE APPRENTICE

21.45
Lífstill
SJÁÐU

21.30
Spjall
SJÁUMST MEÐ SILVÍU NÓTT

19.10
Íþróttir
STJÖRNUGOLF

SJÓNVARPIÐ

8.00 Opna breska meistaramótið í golfi 2005 (1:4)

17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar

18.30 Spæjarar (20:26) (Totally Spies I)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Hálandahöfðinginn (7:10) (Monarch of the Glen)
20.50 Hope og Faith (24:25) (Hope & Faith)
21.15 Sporlaust (18:24) (Without A Trace II)
22.00 Tíufréttir
22.25 Aðþrengdar eiginkonur (19:23) (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Soprano-fjölskyldan (13:13) 0.05 Kastljósið 0.25 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Spy Kids 3-D: Game Over 8.00 Fíaskó 10.00 How to Kill Your Neighbor's D 12.00 Liar Liar 14.00 Spy Kids 3-D: Game Over 16.00 Fíaskó 18.00 How to Kill Your Neighbor's D 20.00 Thirteen Ghosts (Stranglegra bönnuð börnum) 22.00 The Thing (Stranglegra bönnuð börnum) 0.00 Hellraiser: Inferno (Stranglegra bönnuð börnum) 2.00 Red Dragon (Stranglegra bönnuð börnum) 4.00 The Thing (Stranglegra bönnuð börnum)

2

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bitíð

12.20 Neighbours 12.45 Í finu formi 13.00 Perfect Strangers 13.25 Wife Swap 14.15 Jag 15.10 Fear Factor 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.53 Neighbours 18.18 Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
19.35 Simpsons
20.00 Apprentice 3, The (7:18) (Lærlingur Trumps) Höpur fólks keppir um draumastarfið hjá milljarðamæringnum Donald Trump sem sjálfur hefur úrslitavaldið.
20.45 Mile High (13:26) (Háloftaklúbburinn 2) Áhafnar meðlimirnir eru enn við sama heygardhornið. Bönnuð börnum.
21.30 Third Watch (14:22) (Næturvaktin 6) Bönnuð börnum.
22.15 The Learning Curve (Lexian) Hér segir frá tveimur ástríðufullum elskendum sem eru líka reknir áfram af græðgi.

0.00 Long Time Dead (Stranglegra bönnuð börnum) 1.30 Don't Say a Word (Stranglegra bönnuð börnum) 3.20 Fréttir og Ísland í dag 4.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

7.00 Jimmy Swaggart 8.00 Billy Graham 9.00 Robert Schuller 10.00 Blandað efni 11.00 Samverustund 12.00 Miðnæturhróp 12.30 Mariusystur 13.00 Blandað efni 14.00 Um trúna og tilveruna 14.30 Gunnar Þorsteinsson (e) 15.00 Ron Phillips 15.30 Mack Lyon 16.00 Blandað efni 17.00 Samverustund (e) 18.00 Freddie Filmore 18.30 Dr. David Cho 19.00 Believers Christian Fellowship 20.00 Filadelfía 21.00 Samverustund (e) 22.00 Blandað efni 23.00 Robert Schuller 0.00 Nætur sjónvarp

SIRKUS

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Road to Stardom With Missy Ell (3:10) (I want fly beats)
20.00 Seinfeld 2 (9:13)
20.30 Friends (14:24)
21.00 Tru Calling (3:20) (Brother's Keeper) Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvur hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannlífum.
21.45 Sjáðu Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
22.00 Kvöldþátturinn Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.
22.45 David Letterman

23.30 American Dad (3:13) 23.55 Newlyweds, The (5:30) 0.20 Friends (14:24) 0.45 Kvöldþáttur 1.30 Seinfeld 2 (9:13)

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Entertainer 13.30 Gastineau Girls 14.00 Style Star 14.30 Love is in the Hair 15.00 Dr. 90210 16.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 17.00 Jackie Collins Presents 18.00 E! News 18.30 Fashion Police 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 E! Entertainment Specials 21.00 Gastineau Girls 22.00 Dr. 90210 23.00 E! News 23.30 Fashion Police 0.00 Wild On 1.00 The E! True Hollywood Story

SKJÁREINN

17.55 Cheers – 4. þáttaröð 18.20 Providence (e)

19.15 Pak yfir höfuðið (e)
19.30 MTV Cribs (e)
20.00 Less than Perfect Claude hefur með harðfylgi unnið sig upp úr pósteildinni og í starf aðstoðarmanns aðalfréttalesarans, Will.
20.30 Still Standing
20.50 Pak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
21.00 According to Jim
21.30 Sjáumst með Silvíu Nótt Silvía Nótt mun ferðast vítt og breitt, hérlendis sem erlendis og spjalla við vel valið fólk um allt milli himins og jarðar á sinn óviðjafnanlega hátt.
22.00 The Swan Hér er sagt frá nokkrum ósköp venjulegum konum sem breytt er í sannkallaðar fegurðardísir.
22.45 Jay Leno

23.30 Law & Order (e) 0.15 Cheers – 4. þáttaröð (e) 0.40 Boston Public 1.20 Hack 2.05 Óstöðvandi tónlist

AKSJÓN

7.15 Korter 20.30 Vatnaskil – Filadelfía 21.00 Niúbíó – The Count Of Monte Cristo 23.15 Korter

SÝN

18.20 Inside the US PGA Tour 2005

18.50 Kraftasport (Suðurlandströllið)
19.20 Íslandsmótið í Galaxy Fitness Útsending frá Íslandsmótinu í Galaxy Fitness á síðasta ári.
21.30 Fifth Gear (Í fimmta gir) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaða bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint er frá nýjustu tíðindum úr bílaíðnaðinum og víða leit að fanga.
22.00 World's Strongest Man (Sterkasti maður heims) Við höldum áfram að rifja upp mótin Sterkasti maður heims. Í kvöld verður sýnt frá keppinni 1988. Jón Páll heitin Sigmarrson var að vanda mættur til leiks.

23.00 2005 AVP Pro Beach Volleyball 0.05 Beyond the Glory

POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga

„ÞAR ERU STELPURNAR FARNAR AÐ SOFA HJÁ OG BÚNAR AÐ PRÓFA ALLT...
ÞÆR VORU AÐ ÉG HELD BYRJADAR Í SJÖUNDA BEKK.“

HVAÐ ERU BÖRNIN OKKAR AÐ GERA?

SIRKUS®

FÆST Á ÖLLUM
HELSTU BLADSÖLUSTÖÐUM
VERÐ KR. 300

- FYLGSTU MED!

VIÐ MÆLUM MEÐ...

KR – ÍA

Sýn 19.40

Eftir leikinn er Landsbankadeildin hálfnuð.

Viðureign stórveldanna

Nú er komið að beinni útsendingu frá viðureign stórveldanna KR og ÍA í Frosta-skjólínu. Þetta er síðasti leikur níundu umferðar. Miklar væntingar eru jafnan gerðar til þessara liða og ekki síst KR-inga sem hafa kostað miklu til. Þeir fengu meðal annars Bjarnólf Lárusson og Grétar Ólaf Hjartarson í sínar raðir en stuðningsmenn Vesturbæjarliðsins krefjast sigurs í hverjum leik. Bæði félögin þurfa nauðsynlega á stigunum að halda og því er ljóst að fram undan er hörku-leikur þessara sögufæru erkifjenda.



Svipmynd úr leik ÍA – ÍBV.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. 9.03 Margrætt með Ásdís Olsen. 10.03 Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. 13.01 Hrafnþing. 14.03 Glöpagull og gisnir skógar

15.03 Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteins-son, Helga Vala og Helgi Seljan. 17.59 Á kassanum – Illugi Jökulsson.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson – Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Sumarsnakk 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Lífandi blús 11.03 Samfélagið í nærmynnd

13.00 Sakamálaheiti. Synir duftsins 14.03 Útvarpsagan: Bara stelpa 14.30 Illgresi og ilmandi gróður 15.03 Í skugga meistaranna 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Íslensk dægurtónlist í eina öld 20.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöldsgagan, Seiður og hégog 23.10 Hlaupanótan

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON 10.03 RÓSA INGÓLFSDÓTTIR 11.03 ARNPRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhomíð (endurl. frá laug.) 12.40 MEINHORNÍÐ 13.05 JÖRUNÐUR GUÐMUNDSSON 14.03 KOLBRÚN BERGÞÓRSÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON 16.03 VÍDSKIPTAPÁTTURINN 17.05 GÚSTAF NIELSSON 18.00 Meinhomíð (endurl.) 19.40 Endurflutningur frá liðnum degi.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestri Einari Jónassyni 10.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægumálutvarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir. 22.10 Popp og ról

0.10 Ljúfir næturtónar

ÆÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölkylda útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL

Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT

16.00 Volleyball: World Grand Prix Japan 17.30 Rally: World Championship Argentina 18.00 Boxing 20.00 Cycling: Tour de France 21.00 Freestyle Motocross: US Tour Louisville 21.30 News: Eurosportnews Report 21.45 Fight Sport: Shooto 23.15 News: Eurosportnews Report

BBC PRIME

13.00 Teletubbies 13.25 Tweenies 13.45 Fimbles 14.05 Balamory 14.25 Monty the Dog 14.30 Yoko Ahoy 14.35 Rule the School 15.00 Antiques Roadshow 15.30 Diet Trials 16.00 Animal Park 17.00 Bargain Hunt 17.30 EastEnders 18.00 One Foot in the Grave 18.30 2 point 4 Children 19.00 Cutting It 20.00 Olga Korbut 21.00 Mastermind 21.30 Two Pints of Lager and a Packet of Crisps 22.00 Mersey Beat 23.00 Blue Planet – A Natural History of the Oceans 0.00 The Making of a Continent 1.00 The Mark Steel Lectures

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Snake Killers: Honey Badgers of the Kalahari 13.00 USS Ronald Reagan 14.00 Animals Like Us: Tool Use 15.00 Capturing the Killer Croc 16.00 Battlefront: Battle of Dieppe 16.30 Battlefront: el Alamein 17.00 Animal Nightmares: Dogs 17.30 Monkey Business 18.00 Built for the Kill: Cold Blooded "Living Wild" "new Episodes This 19.00 USS Ronald Reagan 20.00 Cliffhangers: King of the Cliffs "new Series" 21.00 The Monkey Prince "premiere" 22.00 The Tallest Towers 23.00 Cliffhangers: King of the Cliffs 0.00 The Monkey Prince

ANIMAL PLANET

12.00 Animal Minds 13.00 Pet Star 14.00 Miami Animal Police 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Monkey Business 17.30 Animals A-Z 18.00 Killing for a Living 19.00 Ultimate Killers 19.30 Predators 20.00 Crocodile Hunter 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Monkey Business 22.30 Animals A-Z 23.00 Pet Rescue 23.30 Wildlife SOS 0.00 Ultimate Killers 0.30 Predators 1.00 Killing for a Living

DISCOVERY

12.00 Super Structures 13.00 We Built This City 14.00 Junkyard Wars 15.00 Rex Hunt Fishing Adventures 15.30 Reel Wars 16.00 Extreme Machines 17.00 Wheeler Dealers 18.00 Mythbusters 19.00 Forensic Detectives 20.00 FBI Files 22.00 Forensic Detectives 23.00 Mythbusters 0.00 Tanks

MTV

13.00 SpongeBob SquarePants 13.30 Wishlist 14.00 TRL 15.00 Dismissed 15.30 Just See MTV 16.30 Isle of MTV – Pimp My Festival 17.00 Isle of MTV – Warm Up Show 18.00 Live – Isle of MTV Festival 2005 21.00 Switched On 22.00 Superock 23.00 Just See MTV

VH1

15.00 Legends 16.00 VH1's video jukebox 17.00 Legends 18.00 VH1 Classic 18.30 Then & Now 19.00 Behind the Music 20.00 Mtv Live 21.00 VH1 Rocks 21.30 Flipside 22.00 Top 5 22.30 I Want a Famous Face 23.30 All Access 0.30 VH1 Hits

CLUB

12.10 Design Challenge 12.35 The Stylists 13.00 Crimes of Fashion 13.30 Hollywood One on One 14.00 The Review 14.25 Cheaters 15.10 Arresting Design 15.35 Staying in Style 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Inertainment 17.15 Arresting Design 17.40 Famous Homes & Hideaways 18.05 Awesome Interiors 18.30 Hollywood One on One 19.00 Matchmaker 19.25 Cheaters 20.15 Sex Tips for Girls 20.45 Ex-Rated 21.10 Spicy Sex Files 22.00 Girls Behaving Badly 22.30 What Men Want 23.00 Insights 23.30 Weekend Warriors 0.00 Awesome Interiors 0.25 Design Challenge 0.50 The Stylists 1.15 Crimes of Fashion

CARTOON NETWORK

12.20 Samurai Jack 12.45 Foster's Home for Imaginary Friends 13.10 Ed, Edd n Eddy 13.35 Codename: Kids Next Door 14.00 Hi Hi Puffy AmiYumi 14.25 The Cramp Twins 14.50 The Powerpuff Girls 15.15 Johnny Bravo 15.40 Megas XLR 16.05 Samurai Jack 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 16.55 Ed, Edd n Eddy 17.20 Dexter's Laboratory 17.45 Codename: Kids Next Door 18.10 The Powerpuff Girls 18.35 The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX

12.10 Lizzie McGuire 12.35 Braceface 13.00 Spider-Man 13.25 Movie Mystery 13.50 Pokémon Vii 14.15 Digimon I 14.40 Spider-Man 15.05 Sonic X 15.30 Totally Spies

MGM

13.00 The 70's 15.00 The Killer Elite 17.00 Below the Belt 18.35 Intimate Strangers 20.10 To Be a Rose 21.45 Marie: A True Story 23.35 Contamination 7 1.10 The Rosary Murders 2.55 Still of the Night

TCM

19.00 Buddy Buddy 20.35 Dark of the Sun 22.10 Pick a Star 23.20 Something of Value 1.10 The Sheepman 2.35 Hysteria

HALLMARK

12.45 Flood: A River's Rampage 14.15 Barbara Taylor Bradford: To Be the Best 16.00 Touched By An Angel III 16.45 Locked in Silence 18.15 Choices 20.00 Law & Order VIII 20.45 The Premonition 22.15 Deadlocked: Escape From Zone 14 0.00 Law & Order VIII 0.45 Choices 2.30 The Premonition

BBC FOOD

12.00 Floyd's Fjord Fiesta 12.30 Ready Steady Cook 13.00 Deck Dates 13.30 Grigson 14.00 Can't Cook Won't Cook 14.30 The Cookworks 15.30 Ready Steady Cook 16.00 Chalet Slaves 16.30 The Best 17.00 Beauty and the Feast 17.30 Tyler's Ultimate 18.30 Ready Steady Cook 19.00 Deck Dates 19.30 Paradise Kitchen 20.00 Can't Cook Won't Cook 20.30 Giorgio Locatelli – Pure Italian 21.30 Ready Steady Cook

DR1

12.25 Profilen 12.50 Hvað er det værd? 13.20 Jagerpiloterne 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 Shin Chan 14.10 Braceface 14.30 SommerSummerum 15.30 Dyrenes c 16.00 Fandango – med Signe 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Fint skal det være 17.30 Et race for livet 18.00 Herlufsholm 18.30 Slægt og slot 19.00 TV Avisen 19.25 AfterTour 2005 19.50 Beck – Kartellet 21.20 Kode ukendt

SV1

13.30 Arianda 14.00 Rapport 14.05 Djurgalen 14.35 Familien Anderson 15.00 Sá ság vi sommaren dá 15.05 Radióhjálpin – Victorialonden 15.15 Byns författare 15.45 Rederiet 16.30 Karlsson på taket 16.55 Puss och kram 17.00 Guppy 17.15 Kent Agent och de hemliga ställena 17.30 Rapport 18.00 Mat/Niklas 18.30 Mygg, mygg, mygg 18.55 Blomsterspråk 19.00 Grattis Victoria 20.30 Lag kan inte sova 21.25 Rapport 21.35 Karf för sin kilt 22.30 Sändning från SVT24

nýjar og flottar vörur

Mjúkir dagar...

15% afsláttur af öllum sófum

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16



Nýkomandi úrval af skálum og ílátum frá þekktum ítölskum hönnuðum



Zenith 3ja sæta sófi 112.960 stgr 96.016 stgr
Zenith Skemill 36.940 stgr 31.399 stgr



BÆJARLIND 6

201 KÓPAVOGI

SÍMI 554 6300



Leðursófi 3ja sæta 169.900 stgr 144.415 stgr
Leðursófi 2ja sæta 149.000 stgr 126.650 stgr



Rauður leðurstóll 89.900 stgr 76.415 stgr
Borð 29.900 stgr



Vandaður hvíldarstóll m/þykku leðuráklæði 123.000 stgr 104.550 stgr



HRÓSIÐ

...fær Eggert Skúlason sem er að hjóla hringinn í kringum landið til styrktar Landssamtökum hjartasjúklinga. Eggert er á undan áætlun þótt á móti hafi blásið.

1	2	3	4	5
6			7	
8		9		
	10			
11		12		13
14			15	
16			17	
18				

Lárétt: 1 fögur, 6 þvottaefni, 7 slá, 8 sólgúð, 9 forfaðir, 10 hláss, 12 skel, 14 kvíði, 15 varðandi, 16 til, 17 snák, 18 málning.

Lóðrétt: 1 gamall, 2 leiða, 3 endir + k, 4 torveldur, 5 lít, 9 keyra, 11 fiskur, 13 formóðir, 14 herbergi, 17 byrði.

Lausn

Lóðrétt: 1 fórn, 2 ama, 3 lo, 4 erfiður, 7 orrn, 8 lákk, 10 æki, 12 aða, 14 súl, 15 um, 16 að, 17 Lárétt: 1 fallge, 6 omo, 7 rá, 8 ra, 9 afi, 10 áki, 12 aða, 14 súl, 15 um, 16 að, 17

[VEISTU SVARIÐ]

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Ilmvatnssölunni Per-Scent.
- 2 Financial Action Task Force stofnunin sem er innan OECD.
- 3 Peking í Kína.



Talstöðin
FM 90,9

AÐ MÍNU SKAPI

IRIS DÖGG PÉTURSDÓTTIR, BLAÐAMAÐUR OG SJÓNVARPSTRÚÐUR Á SIRKUS

Coldplay, Christian Bale og Manchester United

TÓNLISTIN Coldplay er uppáhalds hljómsveitin mín, en annars er ég hinn mesti plúppari og veit að við Britney værum góðar vinkonur, hefði hún verið í Breiðholtsskóla eins og ég.

BÓKIN Ég er latur lestrarhestur og minnir að síðasta bókin sem ég las hafi verið um jökla, en þá átti ég að skila einhverju verkefni um jökla í skólanum. Ég ligg aftur á móti yfir **Séð og Heyrt**, sem er uppáhaldsblaðið mitt.

BIÓMYNDIN Ég er algjör sökkr fyrir hryllingsmyndum, en *Dirty Dancing* er ofarlega í huga þegar ég hugsa um frábærar myndir. Það gerist ekki betra en sveittur og ástsjúkur *Patrick Swayze*. Sá

svo nýju *Batman*-myndina um daginn og fannst hún þrusugóð. Er nú orðin yfir mig ástfangin af *Christian Bale* sem er auðvitað í algjöru uppáhaldi hjá mér þessa dagana.

BORGIN Manchester í Englandi. Ég bjó þar ásamt tveimur vinkonum í hálf ár þegar við vorum 21 árs og sú borg er mér alveg að skapi. Risastór og skemmtileg. Við vinkonurnar vorum duglegar að mæta á leiki *Manchester United* á Old Trafford, sem vekur upp frábærar minningar eins og þegar *Ryan Giggs* reyndi að fara í sleik við mig, eða mér fannst hann alltaf horfa á mig eins og hann vildi fara í sleik. Ég hef kannski misskilið hann eitthvað.

BÚÐIN Ég er alveg að missa mig í kjólunum og „ömmuskónum“ í Spútnik. Flott „second-hand“-föt af bestu gerð. Svo er ég algjört lítafrik og vil helst vera í regnbogans litum, öllum í einu. Er oft skemmtilega gagnrýnd fyrir of sumarlegan og lítrikan klæðnað, sérstaklega á veturna.

VERKEFNIÐ Maður er á fullu við að láta sér detta í hug allskonar vitleysur ásamt *Lilju Katrínu* meðleikonu, en við vinkonurnar sjáum um fíflalæti og skemmtilegheit fyrir *Kvöldþáttinn* á Sirkus. Þetta er frábærlega gaman og við þakklátar fyrir tækifærið. Innskotin eru í anda *Smack the Pony* og sýnd á mánudagskvöldum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILGAREUR



TÓMAS KNÚTSSON Hann komst óvænt á forsiðu hins virta og þekktu tímarits *Time Magazine* og má því segja að hann sé skyndilega orðinn heimsfrægur kafari.

TÓMAS KNÚTSSON: ÍSLENSKUR KAFARI

Á forsiðu Time Magazine

Nýjasta tölublað hins virta tímarits *Time Magazine* skartar glæsilegri forsiðumynd af kafara. Þarna er enginn annar en Íslendingurinn Tómas Knútsson kafari á ferðinni og hefur það varla oft gerst að Íslendingur prýði forsiðu *Time*.

„Ég rek fyrirtæki sem heitir Sportkölfunarskóli Íslands og í gegnum tíðina hef ég verið að bjóða blaðamönnum að koma heim og skrifa um köfun og Ísland og varð það úr tveir blaðamenn frá þekktu kafarablaði komu í apríl. Ég kafaði með þeim um allar jarðir og þeir tóku fjöldann allan af myndum sem greinilega hafa tekist svo vel að myndin hefur ratað á forsiðuna á *Time Magazine*,” segir Tómas.

Inni í blaðinu er svo stærðarinnar grein sem kallast „Wonders of Europe“ þar sem fjallað er um ýmis lönd og þar á meðal Ísland. „Þetta er náttúrlega voða

gaman og mikill heiður, blaðið fæst í bókabúðum og ég er búinn að kaupa tvö. Eitt handa mér og eitt handa mömmu,” segir hann og hlær. „Blaðamennirnir sem komu hingað skrifuðu grein í kafarablaðið en hafa svo greinilega selt *Time Magazine* eitt-hvað af vinnunni. Þetta var allt saman virkilega vel gert og þarna eru augljóslega atvinnumenn á ferð.“

Greinina sem blaðamaðurinn Peter Rowland skrifaði er hægt að finna á heimasíðunni www.dive.is. Í henni talar hann um ferðina til Íslands og er sérstaklega hrifinn af ánni Silfru á Þingvöllum. „Silfra er stórkostleg og þeir voru mjög hrifnir eins og við mátti búast. Það er endalaust hægt að fara þarna og hún er alltaf í mismunandi litum í hvert skipti sem maður fer,” segir Tómas sem hefur verið í kafarabransanum í þrjátíu ár.



TIME Óneitanlega glæsileg forsiða.

„Ég hef alltaf jafn gaman af þessu, þetta er hobbíð mitt, líf mitt og yndi,” segir hann kátur.

hilda@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það var sveitt stemmning á seinni tónleikum **Reykjavík Rocks** þar sem hljómsveitirnar **Foo Fighters**, **Queens of the Stone Age** og **Mínus** spiluðu. Harðir rokkarar sem lyftu höndum og „slómmuðu“ voru áberandi að þessu sinni.



Í Egilshöllinni mátti sjá nokkra fræga rokkunnendur á borð við **Sigfús Sigurðsson**, línumann Magdeburg, sem eyðir sumarfríinu sínu hér á landi. Þá létu einir þrjú júróvísionfarar sjá sig á svæðinu því sjálfur **Jónsi** mætti og þá mátti sjá þá **Vigni Snæ** og **Gunnar Óla** skemmta sér.

Körfuknattleikshetjan **Jón Arnór Stefánsson** mætti og einnig gamli rokkhundurinn **Sigmar Guðmundsson** úr Kastljósinu. **Barði Jóhannsson** í Bang Gang lét sig ekki vanta ekkert frekar en **Halldóra Rut Bjarnadóttir** sjónvarpskona á Sirkus.



Það verður í nógu að snúast hjá fréttakonunni **Önnu Kristínu Jónsdóttur**

næsta vetur. Anna Kristín hefur verið ráðin sem verkefnisstjóri í MA-námi fjölmiðlafræðideildar Háskóla Íslands en hún er með próf í fjölmiðlafræði frá London.

Auk þess hefur Anna verið ráðin sem dómari í *Gettu betur*, spurningakeppni framhaldsskólanna, þar sem hún leysa af hólmi **Stefán Pálsson** sem hefur farið með dómara-hlutverkið þrjú síðustu ár.

Anna Kristín er mikið spurninganörd og hefur verið viðloðandi hina ýmsu spurningaleiki síðustu ár. Anna Kristín verður því áberandi á skjánum næsta vetur ásamt spyrilnum **Loga Bergmanni Eiddsyni**.



Amber úr Glæstum vonum á leið til landsins

Bandaríska leikkonan **Adrienne Frantz** er væntanleg til landsins. Stúluna þekkjast íslenskir sápuoperuunnendur sem hana klækjóttu en seinheppnu Amber Moore úr Glæstum vonum. Hún ætlar að vera viðstödd *Iceland Fashion Week*, sem á íslensku útleiggst sem Íslenska tiskuvikan. Með henni í för verður umboðsmaður hennar og fylgdarlið en þétt skipuð dagskrá verður fyrir erlenda gesti á íslensku tiskuvikunni.

Frantz, sem er 27 ára gömul, hlaut árið 2001 Emmy-verðlaun fyrir frammistöðu sína á sviði

leiklistar. Hún er einnig hæfileikarík söngkona og lagasmíður og hefur reynt að hasla sér völl í tónlistarheiminum. Nú stefnir hún að því að ná frama í kvikmyndaleik og þykir líkleg til afreka.

Glæstar vonir, eða *The Bold and the Beautiful* eins og þátturinn heitir á frummálinu, hafa verið sýndar á Íslandi um margra ára skeið og þættirnir eru sýndir í 109 öðrum löndum.

ADRIENNE FRANTZ

Hún var byrjuð að syngja, leika og dansa þegar hún var þrjú ára gömul.




GLÆNÝR VILLTUR LAX

Stór humar - medium humar

Fiskbúðin Vör
Fiskikóngurinn

Opið laugardaga
10.00 - 14.30

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



„...HREIN OG TÆR UPPLIFUN...
GJÖRSAMLEGA GEDVEIK
MYND!“
★★★★ K&F XFM

„Í HEILDINA FRÁBÆR MYND!“
★★★★ T.V. kvikmyndir.is

„SVALASTA MYND ÁRSINS!“
★★★★★ Þ.Þ. FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★ D.Ö.J Kvikmyndir.com

FRANK MILLERS

SIN CITY

DIRECTED BY
ROBERT RODRIGUEZ
& FRANK MILLER
WITH SPECIAL GUEST DIRECTOR
QUENTIN TARANTINO

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT
KOMIN Í BÍÓ
Bönnuð innan 16 ára



sena



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Fátækt

Mikil vitundarvakning hefur verið um fátækt að undanfögnu. Live 8 tónleikarnir eru nýafstaðnir undir slagorðunum: Útrýmum fátækt! Yfirvöld eru hvött til að fella niður skuldir fátækustu ríkjanna. Mörg lönd eiga sér ekki viðreisnar von vegna skulda. Myndir af sveltandi börnum eru sýndar í sjónvarpi og við erum hneyksluð og reið. En erum við eins saklaus og við höldum?

Á VISSAN hátt viðgengst þrælahald ennþá. Að vísu búa þrælarnir ekki fyrir utan heima hjá okkur lengur heldur heima hjá sér í Þriðja heiminum. Við erum líka búin að flytja bómullar- og sykuraakrana þangað líka. Í staðinn sleppum við að gefa þrælunum að éta, eða veita þeim húsaskjól og heilbrigðisþjónustu. Við þurfum heldur ekki að tryggja þá. Við meira að segja borgum þeim lúsarlausn fyrir þannig að okkur finnst þeir ekki vera þrælur. Við látum eins og þeir séu frjálsir en þeir fá þó aldrei að koma hingað, heim til okkar.

ÞRÆLARNIR sjá okkur fyrir ódýrum tiskufatnaði, sykri, kaffi, ávöxtum, olíu, tölvum, plastvörum, matvælum, hveiti, bílum og bara flestu sem við notum í okkar daglega lífi. Við byggjum afkomu okkar á ódýru vinnuafli íbúa þriðja heimsins. Þar er fólk að búa til skó á okkur fyrir 50 kr. á tímann þannig að við getum gengið á lofti.

ÞAÐ þýðir ekki að skella skuldinni á hin ósýnilegu „yfirvöld“. Þau eru bara lýðræðislega kosnir fulltrúar okkar. Við erum sjálf sökudólgarnir og lífsstíll okkar. Meirihluti mannkyns stritar svo við getum lifað við „lágmarksþægindi“. 90% af auðæfum heimsins eru í höndum 5% jarðarbúa. Við erum hluti af þessum heppnu 5% prósentum. Við erum þrælahaldarar nútímans. Það er til nóg fyrir alla. Fátækt verður ekki til af sjálfu sér, hún verður til út af græðgi. Ef við ætlum að útrýma fátækt verðum við fyrst að útrýma græðgi og þá aðallega okkar eigin.

VIÐ þurfum að fara að lifa einfaldara lífi, svo þau geti einfaldlega lifað! Erum við tilbúin að sleppa þrælunum og fara að borga 500 kr. fyrir einn kaffibolla og 3.000kr. fyrir hálf kíló af sykri? Höfum við efni á því að hætta að versla í Bónus og fara að kaupa í matinn í Yggdrasil?

GSM

HEIMASÍMI

INTERNET

Ég hringi heim, ég hringi í Gunna í London, ég hringi í konuna og sendi henni SMS.

Allt þetta á 0 kr.

0 kr.

Vinur í útlöndum

120 mínútur á mánuði úr GSM í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald GSM er 600 kr.

0 kr.

GSM vinur

Þú heldur áfram að tala við GSM vin fyrir 0 kr. á mínúta í 60 mín. á dag og senda honum 30 SMS fyrir 0 kr. á dag.

0 kr.

Þegar þú hringir heim

Þú hringir heim úr GSM símanum þínum án þess að greiða mínútagjöld í allt að 60 mínútur á dag.

Og1 lækkar verulega kostnað heimila sem eru með GSM áskrift, Heimasíma og Internet hjá **Og Vodafone**. Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir Heimasíma og Internet.

og1

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og

vodafone

Heyrumst!



Sumarspilið

Afbragðs afþreying fyrir krakkana á ferðalögum

ORMSSON
SIDUMULA 9 - SMÁRALIND

Esso

Verð leikjatölvu með einu spili aðeins 1990-

Þjálfaðu hetjuna þína og kepptu við aðra

Hverri leikjatölvu fylgir rafrænt spilakort með einni af hetjunum úr heimi Tims. Þú þarft að þjálfra upp hetjuna með því að gefa henni að borða, æfa hana og hvíla, en það er gert með því að spila stutta leiki. Þegar því er lokið, geturðu sigað þinni hetju á hetjur annarra spillara og spilað til sigurs.

